ELDEY HULD JÓNSDÓTTIR

SAGA FÉLAGSRÁÐGJAFAFÉLAGS ÍSLANDS

FRÁ 19. FEBRÚAR 1964 TIL 2014

ELDEY HULD JÓNSDÓTTIR

SAGA FÉLAGSRÁÐGJAFAFÉLAGS ÍSLANDS

FRÁ 19. FEBRÚAR 1964 TIL 2014

Saga Félagsráðgjafafélags Íslands frá 19. febrúar 1964 til 2014
©Eldey Huld Jónsdóttir
Félagsráðgjafafélag Íslands, Reykjavík, 2018

Öll réttindi áskilin.

Hönnun kápu: Dynamo Reykjavík, Ólafur Unnar Kristjánsson
Umbrot: Dynamo Reykjavík

Útgáfa bókarinnar er styrkt af Vísindasjóði Félagsráðgjafafélags Íslands

Bók þess má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN: 978-9935-24-274-7

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 7
ÁRIN 1964 -1974 9
Fyrstu árin 9
Kjaramál 15
Lögverndun félagsráðgjafar 16
Félagið tíu ára 18
Undirbúningur félagsráðgjafanáms 1966 - 1982 19
ÁRIN 1975 - 1984 25
Norrænt þing félagsráðgjafa 27
Aðalfundir og BSRB/BHM málið 28
Norrænt samstarf 35
Áfangar og önnur verkefni í starfi félagsins 1975-1985 36
ÁRIN 1985 – 1994 43
Fræðslumál 49
Nýir doktorar 53
Sérfræðileyfi 54
Árin 1993-1994 55
Kjaramál 57
Önnur verkefni SÍF 60
ÁRIN 1995 – 2006 65
Siðanefnd, sérfræðimatsnefnd o.fl. 68
Fræðslumál 71
Móttaka félagsráðgjafanema 73
40 ára afmælisár 74
Kjaramál 75
Önnur verkefni SÍF 77
ÁRIN 2006 TIL FRAMHALDSAÐALFUNDAR 2012 85
Framtíðarþing SÍF 85

Starfsemi félagsins 87
Tímarit félagsráðgjafa, NSA og Félagsráðgjafatal. 93
Fagdeildir FÍ 94
Fræðsla 97
Kjaramál 101
Félagsráðgjafi ársins 102
ÁRIN 2012-2014. 107
Fræðsla 114
Kjaramál 116
Félagsráðgjafaþing 118
ÚTGÁFUR Á VEGUM SÍF/FÍ. 123
NSA og fleiri erlend tímarit félagsráðgjafa. 123
Símaskrá SÍF. 125
Málpípan 125
Félagsráðgjafablaðið 128
Afmælisrit SÍF. 133
Bæklingur um félagsráðgjöf. 134
Siðareglur. 135
Tímarit félagsráðgjafa 135
Félagsráðgjafatal. 140
VÍSINDASJÓÐUR SÍF/FÍ 143
Úthlutanir úr B-sjóði Vísindasjóðs 144
Styrkþegar 2006. 146
Styrkþegar 2007. 147
Styrkþegar 2008. 148
Styrkþegar 2009. 148
Styrkþegar 2010. 149
Styrkþegar 2011. 149
Styrkþegar 2012. 150
Styrkþegar 2013. 150
Styrkþegar 2014. 151
HEIMILDASKRÁ. 153
MYNDIR ÚR STARFI FÉLAGSINS 157

INNGANGUR

Hér er skráð 50 ára saga Félagsráðgjafafélags Íslands frá stofnun þess 19. febrúar 1964 til 2014. Um er að ræða efni úr gögnum í eigu félagsins sem varðveitt eru á skrifstofu FÍ meðal annars fundargerðarbókum, aðalfundargögnum, Málpípunni fréttablaði FÍ, Félagsráðgjafablaðinu og Tímariti félagsráðgjafa. Rétt er að taka fram að þó um sé að ræða skrifleg gögn eru þau ekki í alla staði óskeikul. Í einu tilfelli rak undirrituð sig á að dagskrá viðburðar á vegum félagsins var skráð með ákveðnum hætti í fundargerð en fann síðar í Málpípunni að dagskráin hafði breyst á lokasprettinum og var með nokkru öðru sniði. Undirrituð telur þó að hafi verið um fleiri slík frávik að ræða í gögnum félagsins ættu þau ekki að rýra gildi þeirrar frásagnar sem hér er að finna um sögu félagsins. Allar fundargerðir stjórnarfunda hafa varðveist ásamt fundargerðum félagsfunda sem voru reglulega haldnir fyrstu árin. Fyrstu áratugina voru fundargerðir mjög ítarlegar og í þær skráðar bæði umræður og andrúmsloft fundanna. Má því þakka fundarriturum þessa fyrstu áratugi í starfi félagsins sérstaklega hve vel saga félagsins hefur varðveist. Heldur voru fundargerðir rýrari á köflum eftir 2005 og kom sér þá vel að aðalfundargögn hafa varðveist en skýrslur stjórnar og nefnda gefa gott yfirlit yfir starfsárin. Þegar stuðst er við aðrar heimildir en þær sem nefndar eru hér fyrir ofan er þeirra getið sérstaklega.

Við vinnslu þessarar samantektar var komið að máli við mig mikilvægi þess að eiga viðtöl og heyra sögu þeirra félagsráðgjafa

sem ruddu brautina hér á landi og eru nú flestir komnir á efri ár. Félagsráðgjöf á Íslandi og Félagsráðgjafafélagi Íslands væri mikill fengur ef ráðist yrði í slíkt verkefni en umfang þess hefði orðið of mikið til að gera því skil í þessari bók.

Vísindasjóði FÍ er þakkaður veittur styrkur vegna vinnu við gerð þessarar bókar.

Eldey Huld Jónsdóttir,
félagsráðgjafi MSW,
verkefnastjóri hjá FÍ

ÁRIN 1964 -1974

Fyrstu árin

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (skammstafað SÍF) var stofnað 19. febrúar árið 1964. Í júlí það ár var félaginu úthlutað nafnnúmerinu 8524-1141. Stofnendur félagsins voru fjórir félagsráðgjafar þær Guðrún Jónsdóttir, Margrét Margeirsdóttir, Margrét Steingrímsdóttir og Kristín Gústavsdóttir.

Guðrún Jónsdóttir var fyrsti félagsráðgjafinn sem hóf störf hér á landi. Hún stundaði nám í félagsráðgjöf í Svíþjóð og kom heim árið 1957. Tók hún þá við starfi sem félagsráðgjafi hjá Barnavernd Reykjavíkurborgar. Margrét Margeirsdóttir stundaði sitt nám í Danmörku, Margrét Steingrímsdóttir í Englandi og Kristín Gústavsdóttir í Svíþjóð. Þær komu allar til landsins í byrjun sjöunda áratugarins og hófu störf hjá Reykjavíkurborg. Margrét Margeirsdóttir og Kristín Gústavsdóttir hjá Geðverndardeild barna og unglinga á Heilsuverndarstöðinni og Margrét Steingrímsdóttir hjá Skrifstofu félags- og framfærslumála. Eins og fram hefur komið stofnuðu þessir frumkvöðlar félagsráðgjafar á Íslandi Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa og þar með varð starfsheitið félagsráðgjafi til á Íslandi (Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2008).

Í fyrstu fundargerð frá stofnfundi SÍF 19. febrúar árið 1964 segir að undirbúningsfundur fyrir stofnun félagsins hafi verið haldinn í desember 1963. Á þann fund mættu áðurnefndir fjórir félagsráðgjafar sem þá voru starfandi hér á landi og urðu

stofnendur félagsins. Á stofnfundinum var Margrét Margeirsdóttir kjörin fyrsti formaður félagsins, Kristín Gústavsdóttir gjaldkeri og Guðrún Jónsdóttir ritari. Lög félagsins voru samþykkt á þessum fyrsta fundi. Þar kom meðal annars fram markmiðið með stofnun félagsins, hverjir gætu orðið félagsmenn, skipan stjórnar og ákvæði um aðalfund og félagsfundi. Félagsmenn voru einhuga um að markmiðið með stofnun félagsins væri að auka skilning á og kynna störf félagsráðgjafa auk þess að fylgjast með og gæta hagsmuna félagsmanna í launamálum. Árgjald félagsmanna var ákveðið 100 krónur.

Lög Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa sem samþykkt voru á stofnfundi félagsins eru eftirfarandi:

Lög Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

1. gr. Félagið heitir Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Markmið félagsins og verksvið er að efla starfsemi félagsráðgjafa hérlendis, einkum með því:

   a. að stuðla að aukinni hagnýtingu þjóðfélagslegrar og mannfélagslegrar þekkingar og bættri aðstöðu til rannsókna í þágu velferðarmála þjóðfélagsins t.d. uppeldismála, atvinnulífs, geðverndarmála og skólamála.
   b. að gangast fyrir almennri fræðslu um þessi efni.
   c. að fylgjast með námi félagsráðgjafanema og leiðbeina þeim, er þeir nám hyggjast stunda.
   d. að gæta þess að félagsmenn og félagsráðgjafar fullnægi fyllstu kröfum um siðgæði í starfi.
   e. að beita sér fyrir því, að félagsráðgjafar fái sem bezta aðstöðu til þess að vinna að sérgrein sinni,

svo að menntun þeirra komi að sem beztum notum.

f. að stuðla að sambandi og samvinnu við félagsráðgjafa og félög þeirra erlendis.

g. að gæta hagsmuna félagsmanna í launamálum.

3. gr. Félagar geta þeir orðið, sem hafa lokið námi frá viðurkenndum félagsráðgjafaskólum og þar öðlast réttindi til að nota titilinn félagsráðgjafi. (Umsókn um upptöku nýs félaga skal liggja fyrir félagsfundi eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund, enda sé hún studd meðmælum tveggja félagsmanna. Heimilt er gera áhugamenn um störf félagsráðgjafa að aukafélögum enda greiði þeir hálft árgjald, hið minnsta. Hafa þeir rétt til að sitja fundi félagsins).

4. gr. Stjórn félagsins skipa þrír, formaður, ritari og gjaldkeri. Enn fremur skal kjósa einn endurskoðanda. Stjórn skal kosin til eins árs í senn á aðalfundi með leynilegri atkvæðagreiðslu, formaður sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér störfum. Einfaldur meirihluti ræður kjöri.

5. gr. Aðalfund skal halda í maí mánuði ár hvert. Á aðalfundi fer fram stjórnarkjör og skal hann boðaður skriflega með viku fyrirvara hið minnsta. Aðalfundur er því aðeins lögmætur og ályktunarfær að meiri hluti aðalfélaga sæki hann. Á aðalfundi eru lagðar fram skýrslur um störf félagsins á liðnu ári, gerðar tillögur og áætlanir um störf þess á næsta ári, ákvarðanir teknar um lagabreytingar og upptöku nýrra félagsmanna, endurskoðaðir reikningar lagðir fram og árgjald félaga ákveðið. Lögum félagsins má því aðeins breyta að 2/3 hlutar atkvæðisbærra

fundarmanna greiði því atkvæði á lögmætum aðalfundi.

6. gr. Stjórnin boðar til félagsfunda þegar þörf krefur, þó ekki sjaldnar en 3var á ári.

7. gr. Á aðalfundi geta 2/3 hlutar atkvæðisbærra fundarmanna vikið manni úr félaginu, ef hann hefur brotið lög þess freklega, gerzt sekur um vítaverð glöp í starfi sínu eða rýrt að öðru leiti verulega álit sitt siðferðilega að dómi þeirra. Skal honum gefinn kostur á að skýra og verja mál sitt. Taka má hann í félagið á ný að tveimur árum liðnum, ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi eru því meðmæltir.

8. gr. Slíta má félaginu á fundi, sem hefur verið boðaður sérstaklega í þessu skyni, ef 2/3 hlutar aðalfélaga æskja þess, enda sæti 2/3 hlutar atkvæðisbærra félagsmanna fundinn. Eignir félagsins skulu þá renna til verðandi Félagsráðgjafaskóla á Íslandi.

Ekki voru gerðar miklar breytingar á lögum félagsins fyrstu starfsárin. Helstu breytingar voru þær að á aðalfundi 16. mars 1971 var fjórðu grein breytt á þá lund að framvegis yrði stjórn félagsins kosin til þriggja ára í senn, þó þannig að einn stjórnarmeðlimur af þremur gengi úr stjórn ár hvert. Á aðalfundi 12. maí 1972 var þriðju grein laganna breytt í þá veru að nú væri eingöngu veitt innganga félagsmönnum sem hafa félagsráðgjafapróf úr viðurkenndum félagsráðgjafaskóla. Fellt var niður ákvæðið um að leyfilegt væri að veita áhugamönnum um félagsráðgjöf aukaaðild í félaginu.

Fyrstu tvö árin var engin fjölgun í félaginu og stjórnarfundir haldnir fyrst þrisvar og síðan fjórum sinnum á ári. Eitthvað var rólegra þriðja starfsárið því enginn fundur var haldinn frá nóvember 1966 til september 1967 þegar aðalfundur var haldinn. Skýrðist það af fjarveru formannsins sem var fjóra mánuði erlendis við nám. Á þar næstu árum þessa fyrsta áratugs félagsins gengu á bilinu einn til sex nýir félagsráðgjafar í félagið ár hvert en á fimm ára afmæli félagsins hafði félagsmönnum fjölgað um sex. Þessir sex félagsráðgjafar voru Svava Stefánsdóttir sem gekk í félagið árið 1966, María Þorgeirsdóttir og Sigrún Karlsdóttir gengu í félagið árið 1967, Karin Hróbjartsson og Hulda Guðmundsdóttir árið 1968 og Lára Björnsdóttir árið 1969. Hulda skrifaði ekki nafn sitt í félagatalið þar sem hún bjó erlendis um tíma en hennar er getið reglulega í fundargerðum.


1

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa var stofnað 19/2 1964.

Stofnendur félagsins voru

Guðrún Jónsdóttir
[illegible]
Kristín Gústafsdóttir
Margrét Steingrímsdóttir

Eftirtaldir gerðust félagar á næstu árum:

Svava Stefánsdóttir (1966)
María Þorgeirsdóttir (1967)
Sigrún Karlsdóttir (")
Karin Hróbjartsson (1968)
Lára Björnsdóttir (1969)


Sigrún Júlíusdóttir (1970)
Björg Karlsdóttir (1971)
Ellen Júlíusdóttir (1972)
Auður Haraldsdóttir (1973)
Sævar Berg Guðbergsson (1973)
Guðrún Kristinsdóttir (1973)
[illegible] (1974)
Rannveig Guðmundsdóttir (1974)
Karl Marinósson (1974)
Guðgeir Ingvarsson (1974)
Gunnar Sandholt (1975)
Gísli Þórmar Þ. (1975)
[illegible] (1975)
Þórey Guðmundsdóttir (1975)
[illegible] (1975)
[illegible] (1975)
Susan Sch. Thorsteinsson (1976)
[illegible] (1976)
[illegible] (1974)
Anni G. Haugen (1975)

Á aðalfundi í maí 1973 var nemum sem stunduðu félagsráðgjafar-nám erlendis boðin innganga í félagið sem aukameðlimir enda var ekki um það að ræða að stunda nám í félagsráðgjöf hér á landi á þessum árum. Þessi fyrstu tíu ár voru haldnir samtals 46 fundir

í félaginu, færri ár hvert til að byrja með en fór fjölgandi eftir því sem á leið.

Eins og fram kemur í fundargerðum SÍF varð félagið strax frá stofnun þess framsækið félag. Hér eru dæmi um það:

- Stjórn SÍF setti sér það markmið að halda mánaðarlega fræðslufundi.
- Stjórnin kom á sambandi við önnur félög félagsráðgjafa á Norðurlöndunum.
- Á fyrsta starfsárinu fékk félagið heimsókn frá breskum félagsráðgjafa Söru Elkis sem sagði þeim frá starfi sínu.
- Í nóvember 1964 sótti fulltrúi félagsins fund í Stokkhólmi þar sem félagsráðgjafar á Norðurlöndunum komu saman á fundi sem hafði verið boðaður í því skyni að koma á nánara samstarfi félagsráðgjafa á Norðurlöndunum. Á þeim fundi var ályktað að halda skyldi árlegt mót norrænna félagsráðgjafa þar sem haldnir væru fyrirlestrar og unnið í hópum. Félagið tók upp frá þessu reglulega þátt í fundum Nordisk Socionomforbunds Samarbejdskomite, NSSK, sem var stofnað í Ósló 2. júní 1970 og fékk formlega inngöngu í þessi Samtök norrænna félagsráðgjafa árið 1972.
- Strax á fyrstu starfsárum SÍF var farið að ræða undirbúning að kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.
- Kjaramálin voru frá upphafi eitt af meginmálum félagins og stefnt var að því að allir félagsráðgjafar væru í sama launaflokki.
- Undirbúningur að löggildingu starfsheitisins félagsráðgjafi hófst árið 1970.
- Strax á fyrstu árunum lét félagið sig varða ýmis þjóðfélagsmál, svo sem grunnskólafrumvarpið, frumvarp til laga

um fóstureyðingar- og ófrjósemisaðgerðir, Lög um dagvistarheimili og fangelsismál.
- Félagskonur í SÍF stóðu fyrir skipulegri félagslegri aðstoð við Vestmannaeyinga að eigin frumkvæði (í kjölfar goss) árið 1973.

Segja má að kjaramálin og fyrirhuguð kennsla í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands hafi verið stóru málin þennan fyrsta áratug í starfi félagsins auk baráttunnar um löggildingu starfsheitis félagsráðgjafa og samstarfs innan Samtaka norrænna félagsráðgjafa.

Kjaramál

Fljótlega var þörf á að félagið beitti sér sérstaklega í kjara- og réttindamálum og var unnið að samræmi í röðun félagsráðgjafa í launaflokka bæði hjá Reykjavíkurborg og á Landspítalanum. Árið 1969 var óskað eftir því við starfskjaranefnd að félagsráðgjafar fengju hækkun og yrðu allir í sama launaflokki. Niðurstaða nefndarinnar var sú að þeir tveir félagsráðgjafar sem voru í 18. launaflokki hækkuðu í 19. launaflokk til jafns við aðra félagsráðgjafa. Þótti félagsmönnum þetta rýr hækkun og báru þeir sig saman við sálfræðinga sem voru í 22. launaflokki og tæknifræðinga sem voru í 21. launaflokki. Til þess að efla baráttuna í launamálum félagsráðgjafa var gripið til þess ráðs að stofna sérstaka launanefnd með þeim Guðrúnu Jónsdóttur, Láru Björnsdóttur og Maríu Þorgeirsdóttur. Launanefndin fékk það hlutverk að vinna að enn frekari hækkun launa. Ræddi nefndin meðal annars við borgarlögmann um kröfur félagsins en án árangurs.

Á næstu árum var unnið að ýmsum hagsmunamálum stéttarinnar hvað varðar kaup og kjör. Í kjarasamningsviðræðunum 1971 og 1974 var enn unnið að samræmdum byrjendalaunum félagsráðgjafa bæði hjá ríki og Reykjavíkurborg. Árið 1974

voru félagsráðgjafar starfandi hjá ríkinu átta talsins en fyrsti félagsráðgjafinn tók þar til starfa árið 1966. Fleira þótti félagsmönnum ábótavant í kjaramálunum og þar á meðal svokallaðar formannsstöður á nokkrum stofnunum. Var því sett á laggirnar ný launanefnd í febrúar 1975 með þeim Guðrúnu Jónsdóttur, Karli Marinóssyni og Guðrúnu Kristinsdóttur til að kanna hvort eitthvað mætti hreyfa við kjaramálum stéttarinnar. Eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar var að kanna hvort áhugi væri fyrir því að nefndin ynni að því að hækka laun félagsráðgjafa sem eldri væru í starfi og/eða hafa meiri ábyrgð þó slíkt fæli í sér mismunun eins og segir í fundargerð frá febrúar 1975. Reyndist sá áhugi vera fyrir hendi. Þetta ár var einnig unnið að því að fá samþykkt stöðuheitið yfirfélagsráðgjafi eða deildarfélagsráðgjafi hjá Landspítalanum og fékkst það framgengt hjá geðdeild barnaspítala Hringsins og Kleppsspítala. Var í boði eins launaflokks hækkun fyrir það. Svona lítilli hækkun var þó harðlega mótmælt af félaginu.

Lögverndun félagsráðgjafar

Það var á 19. félagsfundi SÍF 30. nóvember 1970 að Guðrún Jónsdóttir lagði fram tillögu þess efnis að starfsheitið félagsráðgjafi yrði lögverndað. Tók hún að sér að kanna hvernig slíkt skyldi framkvæmt. Á næsta fundi félagsins var sett nefnd á laggirnar til að annast þetta mál þar sem ljóst var að það krefðist mikils undirbúnings og vinnu. Fór Guðrún fyrir nefndinni en með henni voru Svava Stefánsdóttir og Kristín Gústavsdóttir. Síðar tók Margrét Margeirsdóttir við af Kristínu í nefndinni. Næstu ár var þetta viðvarandi verkefni hjá félaginu að vinna að löggildingu starfsgreinarinnar. Þann 3. janúar árið 1973 greindi Svava Stefánsdóttir frá því á fundi félagsins að þrjú ráðuneyti væru með umsókn um lögverndun starfsheitisins félagsráðgjafi til umsagnar.

Væri málið að þvælast á milli ráðuneyta svo nefndin sem fór með þetta mál setti sig í samband við Svövu Jakobsdóttur þingkonu og báðu hana um aðstoð við þetta. Eins og fram kemur í BA ritgerð þeirra Önnu S. Jónsdóttur, Ásu Fanneyjar Jónsdóttur, Jónu Eggertsdóttur og Rannveigar Gunnarsdóttur *Félagsráðgjöf, tilurð og þróun fagstéttar*, þá fóru þennan vetur fram umræður á alþingi um félagsráðgjöf og var óskað eftir því við forsætisráðherra að hann skæri úr um undir hvaða ráðuneyti félagsráðgjöf tilheyrði.

> Ekki væri hægt að segja að félagsráðgjöf heyrði til heilbrigðisstétta sérstaklega þar sem hún væri hjálpargrein og tengiliður ýmissa annarra starfsgreina svo sem læknisfræði, sálarfræði, félagsfræði og guðfræði. Jafnframt að greinin væri mikið nýtt á sviði ýmis konar skólastarfs og margs konar framfærslumála (bls. 163).

Í janúar árið 1974 fékk félagið síðan drög að frumvarpi um lögverndunina og fékk tækifæri til að gera athugasemdir við það. Í fundargerð frá 9. júní 1975 kemur fram að Lög um félagsráðgjöf hafi verið samþykkt á nýafstöðnu þingi. Þrátt fyrir mótmæli SÍF hélst ákvæði inni í lögunum sem kvað á um að þeir sem störfuðu við félagsráðgjöf, þegar lögin tóku gildi og uppfylltu ekki skilyrði annarrar greinar sem laut að viðurkenndu námi í félagsráðgjöf, gátu fengið takmörkuð og/eða tímabundin réttindi (Lög um félagsráðgjöf nr. 41/1975). Tóku lögin gildi 15. maí 1975 og var þar með lögverndun starfsheitisins félagsráðgjafi orðin að veruleika. Ísland var þá fyrst Norðurlandanna til að gera félagsráðgjöf að lögvernduðu starfsheiti.

Félagið tíu ára

Á tíu ára afmæli SÍF voru á aðalfundi, sem haldinn var 5. apríl 1974 á heimili Guðrúnar Jónsdóttur, mættir ellefu félagsráðgjafar. Rétt innan við tuttugu félagsráðgjafar voru á þessum tíma skráðir í félagið auk þess sem félagsráðgjafanemar gátu fengið aukaaðild án atkvæðaréttar. Af skýrslu formanns má sjá að nóg var um að vera á liðnu ári. Tíu félagsfundir voru haldnir auk aðalfundar og enn voru menntunarmálin, lögverndun starfa, kjaramálin og norrænt samstarf stærstu málaflokkarnir, auk athugasemda við frumvörp á Alþingi og önnur þjóðfélagsmál sem voru félagsráðgjöfum hugleikin. Í fundargerðinni kom fram að búið var að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um félagsráðgjöf og lögverndun starfsheitisins. Einnig að nefnd á vegum félagsins væri að undirbúa Norrænt félagsráðgjafaþing sem haldið yrði í Reykjavík sumarið 1975 á vegum Samtaka norræna félagsráðgjafa. Yfirskrift þingsins var *Fyrirbyggjandi starf á sviði félagsráðgjafar.* Í fundargerð félagsfundar frá nóvember 1974 kemur fram að félagið var að undirbúa tvö erindi á þessu þingi*: Breiðholtshverfi, hvernig vinna má fyrirbyggjandi starf þar* og *Fyrirbyggjandi starf á sviði heilbrigðismála.*

Á þessum aðalfundi árið 1974, þegar félagið var 10 ára, var Guðrún Kristinsdóttir kjörin formaður félagsins, árgjaldið var hækkað úr 1000 kr. í 2000 og félagið átti 17.000 kr. í sjóði. Ný gjaldskrá fyrir félagsráðgjafa leit dagsins ljós á aðalfundi þegar samþykkt var tillaga gjaldskrárnefndar þess efnis að grunngjald fyrir viðtal yrði 900 kr. Var samið við viðkomandi stofnanir á grundvelli þessarar gjaldskrár. Enn fremur voru húsnæðismál félagsins rædd en tilraunir til að finna félaginu fast húnæði höfðu ekki borið árangur og því voru fundir félagsins enn haldnir hér og þar, í heimahúsi eða á vinnustöðum félagsráðgjafa. Tilraunir fyrr á árinu að vera í húsnæði með sjúkraþjálfurum gengu ekki eftir.

Á þessu tíunda afmælisári félagsins var mikið um að vera, félagsmönnum fjölgaði nú hraðar en áður og síðla árs 1974 var samþykkt að halda fasta fundi fyrir félagsmenn fyrsta miðvikudag í mánuði. Þá var fyrsta Þing norræna félagsráðgjafa sem haldið yrði hér á landi í undirbúningi en það átti að vera sumarið 1975.

Félagið var orðið mjög virkt í norrænu samstarfi félagsráðgjafafélaganna og sótti ráðstefnur og fundi erlendis fjórum sinnum árið 1972. Það ár var tilkynnt á fundi 22. nóvember að SÍF væri orðið formlegur aðili að Samtökum norrænna félagsráðgjafa, NSSK, en félagið sótti um inngöngu árið 1970.

Segja má að þessi fyrsti áratugur í starfi félagsins hafi verið kraftmikill og annasamur þar sem lagður var grunnur að framtíðarstarfi félagsins. Þær sem gegndu stöðu formanns SÍF fyrstu 10 árin voru:

Margrét Margeirsdóttir 1964-1965
Kristín Gústavsdóttir 1965-1967
Guðrún Jónsdóttir 1967-1969
María Þorgeirsdóttir 1969-1970
Sigrún Karlsdóttir 1970-1971
Svava Stefánsdóttir 1971-1974

Undirbúningur félagsráðgjafarnáms 1966 - 1982

Snemma árs 1966 var farið að ræða undirbúning og stofnun Félagsráðgjafaskóla á fundi með prófessor Tómasi Helgasyni og öðrum læknum og sálfræðingum á Kleppi sem höfðu boðað stjórn SÍF á fund til að ræða skort á félagsráðgjöfum hér á landi. Töldu þeir brýna þörf á að fjölga félagsráðgjöfum upp í allt að 50 talsins. Í framhaldi af þessum fundi hafði stjórn SÍF af því nokkrar áhyggjur að koma ætti á laggirnar fræðslunámskeiðum um félagsráðgjöf

til að fylla í skarðið þar til nám í félagsráðgjöf liti dagsins ljós, en skortur á félagsráðgjöfum var orðinn tilfinnanlegur. Stjórnin lagði því upp með skýr skilaboð þar um á fundi sínum 29. mars 1966.

Þar segir í fundargerð stjórnar:

> Einróma var samþykkt að leggja beri áherslu á að öðrum en þeim sem lokið hafa fullkomnu félagsráðgjafarnámi verði ekki veittur réttur til að kalla sig félagsráðgjafa þó viðkomandi sæki námskeið sem upp verði komið með það fyrir augum að veita nokkra undirstöðufræðslu um félagsráðgjöf.

Fór formaður SÍF með þessi skilaboð á fund prófessors Tómasar Helgasonar. Þennan sama dag og fundurinn var hafði formaður SÍF verið boðaður á fund borgarlögmanns til þess að veita upplýsingar um menntun og starfssvið félagsráðgjafa. Á fundinum fékk formaður þau skilaboð frá borgarstjóra Reykjavíkur að hann hefði áhyggjur af og áhuga á að ráðin yrði bót á þeim skorti sem væri á félagsráðgjöfum hjá borginni. Einnig kom fram að borgin hefði áhuga á að veita styrki til náms í félagsráðgjöf við viðurkennda skóla erlendis.

Stuttu síðar var flutt tillaga í borgarstjórn Reykjavíkur um að koma á námi í félagsráðgjöf hér á landi. Tillagan sem fól í sér að efla félagsráðgjöf hér á landi var tvíþætt, annars vegar að veittir yrðu styrkir til félagsráðgjafarnáms erlendis og hins vegar að borgarráð ynni með ríkisvaldinu að því að koma upp skóla fyrir félagsráðgjafa hér á landi. Tillaga þessi var liður í endurskipulagningu félagsþjónustunnar hjá Reykjavíkurborg (Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2008).

Árið 1969 hófst að tilstuðlan þjóðfélagsfræðinefndar Háskóla Íslands samstarf við félagið um könnun á því hvort og hvernig

hefja mætti kennslu í félagsráðgjöf hér á landi. Óskaði nefndin eftir því að félagið legði henni í té upplýsingar um námið og álit félagsins varðandi líkur á að námið gæti hafist innan fárra ára og þá með hvaða hætti. Skiptar skoðanir voru meðal félagsmanna um hvort tímabært væri að hefja slíkt nám hér á landi. Voru einkum uppi efasemdir um framkvæmd verklega þáttarins sem yrði mjög erfiður vegna þess hve fáir félagsráðgjafar störfuðu hér enn sem komið var. Enn fremur voru nefnd sem rök á móti skortur á þjóðfélagsfræðilegum rannsóknum hérlendis. Á félagsfundi 1. október 1969 voru María Þorgeirsdóttir, Svava Stefánsdóttir og Sigrún Karlsdóttir skipaðar í nefnd sem skyldi semja greinargerð um málið og sitja fundi með þjóðfélagsfræðinefnd HÍ.

Á aðalfundi SÍF 16. mars 1971 var lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu um að áætlað væri að skipa nefnd til að kanna möguleika á að taka upp kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Var félaginu boðið að skipa fulltrúa í nefndina og varð Guðrún Jónsdóttir fyrir valinu. María Þorgeirsdóttir var síðar skipuð til vara.

Á sama tíma og þessi undirbúningur fyrir félagsráðgjafarnám á Íslandi stóð yfir vann félagið að því að Ísland fengi ákveðinn kvóta sem veitti ákveðnum fjölda Íslendinga inngöngu í félagsráðgjafaskóla á hinum Norðurlöndunum þar til nám myndi hefjast í greininni hér á landi. Opnaðist strax möguleiki fyrir slíkan kvóta í Noregi og Svíþjóð fyrir milligöngu félagsins og árið 1972 höfðu allir norrænu félagsráðgjafaskólarnir samþykkt að taka að minnsta kosti einn nemanda frá Íslandi ár hvert.

Segja má að styrkir frá Reykjavíkurborg til félagsráðgjafarnáms og það að Íslendingar fengu kvóta fyrir nemendur í norrænu skólana hafi verið mikil hvatning og aukið fjölda íslenskra félagsráðgjafanema. Á félagsfundi SÍF sem haldinn var 3. janúar árið 1973 voru mættir níu félagsráðgjafanemar frá Noregi,

Svíþjóð og Danmörku. Var þeim boðin innganga í félagið sem aukameðlimir.

Árið 1971 skipar menntamálaráðuneytið nefnd til að undirbúa nám í félagsráðgjöf og býður SÍF að eiga einn fulltrúa. Félagið skipaði Guðrúnu Jónsdóttur sem fulltrúa sinn en óskaði jafnframt eftir því við ráðuneytið að eiga tvo fulltrúa. Nefnd þessi var að störfum næstu árin og árið 1973 greindi Guðrún frá því á fundi félagsins 3. janúar að undirbúningur að stofnun félagsráðgjafardeildar við HÍ væri enn á frumstigi. Nokkru síðar fékk Guðrún styrk til að sækja sex mánaða framhaldsmenntun í London sem lið í undirbúningi kennslu í aðferðafræði félagsráðgjafa.

3. janúar 1974 var haldinn fjölmennur fundur í félaginu þar sem rædd var möguleg kennsla í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Níu félagsmenn voru mættir ásamt fimmtán nemum í félagsráðgjöf. Voru þar miklar umræður um námið. Stuttu síðar fékk félagið beiðni frá menntunarnefndinni, sem Guðrún Jónsdóttir sat í fyrir hönd félagsins, um að stofna 3-4 manna nefnd sem ynni drög að inntaki félagsráðgjafarnáms, tillögu að námsefni og fleira. Í nefndina voru skipaðar Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Margrét Margeirsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir.

Fyrri hluta árs 1975 vann nefnd innan Háskóla Íslands að mótun Þjóðfélagsfræðideildar þar sem kennd yrði félagsfræði, bókasafnsfræði, uppeldisfræði, sálfræði, félagsráðgjöf og kennslufræði. Félaginu var boðin aðkoma að þessum undirbúningi og mættu þeir Sigurjón Björnsson, Þorbjörn Broddason og Ólafur Ragnar Grímsson á fund með félaginu til að ræða þennan undirbúning. Var tilhögun námsins hugsuð sem svo að nemendur tækju BA-próf í aðalgrein 60 einingar og 30 einingar í skyldri grein. Félagsráðgjöf kæmi inn sem hluti af þessari 30 eininga grein að viðbættum 30 einingum, eins konar meiraprófi. Á félagsfundi SÍF sem haldinn var 2. apríl 1975 var samþykkt með

öllum atkvæðum að vinna að stofnun félagsráðgjafargreinar við Háskóla Íslands haustið 1975. Taldi félagið hættu á að tilkoma félagsráðgjafarnáms myndi dragast úr hömlu ef ekki yrði komið á samvinnu við þær greinar sem þegar voru stofnaðar og yrðu innan Þjóðfélagsfræðideildar Háskóla Íslands. Félaginu var boðið að skipa fulltrúa í undirbúningsnefndina og var slíkur áhugi fyrir hendi hjá félagsmönnum að kjósa þurfti leynilega um annan fulltrúa félagsins. Guðrún Jónsdóttir sem hafði verið í menntunarnefndinni var skipuð en kosið var leynilegri kosningu um hvort Sigrún Júlíusdóttir eða Guðrún Kristinsdóttir tæki sæti í nefndinni með henni. Niðurstaðan var sú að Guðrún Kristinsdóttir tók sæti í nefndinni með nöfnu sinni og Sigrún var kosin til vara. Fleiri félagsráðgjafar áttu aðkomu að nefndinni enda starfaði hún um árabil. Sem dæmi má nefna voru Guðrún Kristinsdóttir, Björn Þorleifsson og María Þorgeirsdóttir kosin í nefndina vorið 1977. Þá má geta þess að Þjóðfélagsfræðideild Háskóla Íslands var stofnuð undir nafni Félagsvísindadeildar árið 1976 en bið var á að félagsráðgjöf yrði þar með.

Á félagsfundi 4. janúar 1978 var menntunarmálið, eins og það er kallað í fundargerðum, enn á dagskrá og haft eftir Ólafi Ragnari Grímssyni að ekki væri þörf á sérmenntuðum kennslukrafti í félagsráðgjöf fyrr enn á síðari hluta námsins og ekki yrði um samræmda námsbraut að ræða meðal annars vegna fjárskorts. Guðrún Kristinsdóttir sagði sig úr menntunarnefndinni á þessum fundi og sagði við það tilefni að nefndinni hefði ekki gengið vel að vinna saman. Taldi hún að nefndin hefði lokið því starfi sem henni var upphaflega ætlað, að koma á samstarfi við HÍ. Ljóst var að viðræðum yrði framhaldið við Háskólann svo fundurinn samþykkti þrjár lágmarkskröfur sem hafðar yrðu framvegis til viðmiðunar í viðræðum við HÍ. Þær voru:

a) stofnuð yrði sérstök námsbraut fyrir félagsráðgjafarnám við HÍ.
b) verklegt nám skyldi innbyggt í námið.
c) samþætting námsgreina væri grundvallar forsenda í uppbyggingu námsins.

Stjórn SÍF var síðan falið að skipa nýja menntunarnefnd. Í hana voru skipaðar Guðrún Jónsdóttir, Sigrún Karlsdóttir og Svava Stefánsdóttir. Var þeim falið að vera í sambandi við HÍ varðandi frekari undirbúning námsbrautar í félagsráðgjöf.

Í fundargerð félagsfundar frá febrúar 1978 kom fram að SÍF lagði á það áherslu að félagsráðgjöf yrði aðalgrein við Háskóla Íslands en tillögur HÍ höfðu fram að þessu hljóðað upp á að félagsráðgjafarnámið yrði 30 eininga aukagrein.

Tveimur árum síðar eða 1980 voru Guðrún Jónsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir kosnar í nýja nefnd á vegum Félagsvísindadeildar HÍ. Nefndinni var falið það verkefni að vinna að undirbúningi náms í félagsráðgjöf. Guðrún Kristinsdóttir kom einnig að þessari undirbúningsvinnu.

Eins og sjá má að framansögðu þá var undirbúningur að kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands áralangur ferill og mikil vinna unnin af félaginu og fulltrúum þess við að koma á laggirnar námi í félagsráðgjöf hér á landi. Segja má að SÍF hafi gegnt afar þýðingarmiklu hlutverki í þessu undirbúningsferli. Til þess að gera langa sögu stutta þá var það loks sumarið 1981 að samþykkt var að félagsráðgjöf yrði kennd nemendum sem höfðu lokið 90 eininga BA-prófi, þar af með 60 einingum í aðalgrein. Til þess að ljúka félagsráðgjafarnáminu var kennt 30 eininga viðbótarnám til starfsréttinda. Þetta var samþykkt sumarið 1981. Guðrún Jónsdóttir var ráðin kennslustjóri og fyrstu félagsráðgjafarnir útskrifuðust vorið 1982 frá Háskóla Íslands.

ÁRIN 1975 - 1984

Segja má að annar áratugurinn í starfsemi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa hafi einkennst af mikilli fjölgun félagsmanna. Í lok árs 1974 var 21 félagsmaður skráður í félagið en í lok árs 1984 höfðu 110 félagsmenn verið skráðir í félagið. Einhver hluti þessara félagsmanna var þó ekki með virka aðild af ýmsum ástæðum meðal annars að þeir voru ekki lengur starfandi við félagsráðgjöf eða höfðu ekki staðið skil á greiðslu félagsgjalds. Á aðalfundi árið 1985 voru 85 virkir félagsmenn af þessum 110 sem höfðu verið skráðir í félagið frá stofnun. Segja má að áratugurinn hafi einnig einkennst af átökum bæði innan félagsins og á vinnumarkaði meðal annars með verkfallsaðgerðum. Með svo mikilli aukningu félagsmanna má enn fremur greina að starf félagsins var orðið fjölbreyttara og yfirgripsmeira en áður og meðal annars haldin tvö norræn þing hér á landi á þessu tímabili.

Á öðrum áratug í starfsemi félagsins voru eftirtaldir félagsráðgjafar formenn SÍF:

Guðrún Kristinsdóttir 1974-1977
Guðrún Jónsdóttir 1977-1978
Sigrún Karlsdóttir 1978-1979
Hjördís Hjartardóttir 1979-1980
Þórunn Óskarsdóttir 1980-1982
Karl Marinósson frá 1982-1984

Snemma árs 1975 gekk SÍF í Samtök heilbrigðisstétta og voru

Jón Týnes og María Þorgeirsdóttir fyrstu fulltrúar félagsins í samtökunum. Á sama tíma fékk félagið fyrirspurn frá Alþjóðasamtökum félagsráðgjafa IFSW um hvort það vildi ganga í samtökin. Eftir að hafa leitað frekari upplýsinga um þýðingu þess var samþykkt að sækja um aðild að samtökunum.

Vorið 1975 átti sá gleðilegi atburður sér stað að Lög um félagsráðgjöf voru samþykkt á Alþingi Íslendinga eins og fram kom í kaflanum hér á undan. Þar með var félagsráðgjöf orðin löggilt starfsstétt og það mikla starf sem félagið lagði af mörkum hafði skilað árangri.

Haustið 1975 horfði loks til betri vegar í húsnæðismálum félagsins. Á félagsfundi 3. september 1975 var samþykkt að leigja lítið kvistherbergi að Hringbraut 30 sem kostaði kr. 4.000.- á mánuði. Þessi ákvörðun hleypti enn meira lífi í félagið og nú má sjá í fundargerðum félagsfunda og síðar í Málpípunni að tveir félagsmenn voru jafnan skipaðir kaffiumsjónarmenn fyrir næsta fund. Áttu þeir að hella uppá og sjá um meðlæti sem ekki veitti af því fundir stóðu oft fram að og jafnvel fram yfir miðnætti. Á þessum félagsfundi haustið 1975 var einnig ákveðið að opna meira fyrir almennar umræður um þjóðþrifamál á fundum félagsins í stað þeirra afgreiðslufunda sem verið höfðu. Í fundargerðinni segir einnig að þörf sé á umræðu um barnaverndarlög og aðra löggjöf og mikilvægi þess að félagið hafi afskipti af málaflokkum sem snerta starfssvið félagsráðgjafa og láti frá sér heyra í þeim efnum. Því var lagt til að meira rými væri ætlað undir faglega umræðu á fundum félagsins á kostnað umræðu um rútínumál eins og segir í fundargerð frá 3. september 1975.

Eitt þeirra mála sem rædd voru á félagsfundum SÍF var gjaldskrármálið. Félagið hafði samþykkt að greiðsla til félagsráðgjafa sem sinntu tímavinnu á stofnunum væri að upphæð kr. 900.- og var samið um það við stofnanir. Árið 1976, í kjölfar

þess að launadeild fjármálaráðuneytisins lækkaði greiðslur til félagsráðgjafa, var samþykkt á félagsfundi 12. mars það ár að félagráðgjafar ynnu ekki félagsráðgjafastörf utan aðalstarfs fyrr en samningar tækjust um gjaldskrá milli félagsins og launagreiðenda. Í lok ársins var aukavinnubanninu þó aflétt þrátt fyrir að samningar hefðu ekki tekist. Félagsráðgjafar voru þó hvattir til að láta reyna á að fá greitt í samræmi við gjaldskrá félagsins.

Með fjölgun félagsmanna kom einnig fram meiri áhugi á því að félagið stæði fyrir samsætum ýmis konar og eitt það fyrsta sem rataði í fundargerðabækur var jólaglögg heima hjá Karin í desember 1975 og að henni lokinni átti að fara í leikhúskjallarann. Þessi dagskrárliður var þar með kominn til að vera sem árviss viðburður í starfsemi félagsins eða þar til jólahlaðborðið tók við af jólaglöggginni með dagskrá þar fræðimenn voru fengnir til að halda erindi og síðar rithöfundur/ar og/eða ljóðskáld fengin til að koma og lesa úr nýútkominni bók sinni og fleira. Var þessu samsæti fram haldið allt til ársins 2013.

Norrænt þing félagsráðgjafa

Dagana 21. til 25. júní 1975 var haldið í fyrsta sinn hér á landi Norrænt þing félagsráðgjafa undir yfirskriftinni *Fyrirbyggjandi starf á sviði félagsráðgjafar.* Samtök félagsráðgjafa á Norðurlöndum héldu árlega þing þar sem þeir komu saman og að þessu sinni var þingið á Íslandi. Sérstök nefnd á vegum félagsins bar ábyrgð á undirbúningnum og voru þau Margrét Margeirsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir, Sigrún Karlsdóttir, Ellen Júlíusdóttir og Sævar Berg Guðbergsson skipuð í nefndina. Félagsmenn á vegum SÍF undirbjuggu tvö erindi: *Breiðholtshverfi, hvernig vinna má fyrirbyggjandi starf þar* og *Fyrirbyggjandi starf á sviði heilbrigðismála.* Þingið, sem stóð í nokkra daga, var mjög fjölmennt með um 100 manns og fór þátttakan fram úr viðmiði um fjölda

þátttakenda frá hverju landi. Voru það einkum Norðmenn sem voru fjölmennari en til stóð og því fyrirferðamiklir á þinginu. Íslendingar áttu 15 pláss á þinginu.

Í fundargerðum eftir þingið var mikil umræða um að of margir hafi mætt og meira hefði mátt vera af panel samræðum í stað svo mikillar hópavinnu þar sem hópar voru fjölmennir. Einnig var umræða um greinarskrif blaðamanns Tímans sem fjallaði mjög niðrandi um Breiðholtsskýrsluna sem félagið tók fyrir á ráðstefnunni og um félagið sjálft. Í framhaldinu var umræða um mikilvægi þess að félagsmenn kæmu á framfæri nauðsyn þess að félagsráðgjafar tækju þátt í hverfaskipulagsvinnu.

Í framhaldi af Norræna þinginu áttu sér stað umræður í félaginu um mikilvægi þess að SÍF hefði fastan fulltrúa í Samtökum norrænna félagsráðgjafa, NSSK. Fulltrúar frá félaginu höfðu um nokkurt skeið setið fundi nefndarinnar en það voru venjulega félagsmenn sem bjuggu á einhverju Norðurlandanna meðal annars Hulda Guðmundsdóttir. Þessi leið sparaði félaginu kostnað við ferðir frá Íslandi. Í september 1975 var ákveðið að kjósa fastan fulltrúa í nefndina og var Ellen Júlíusdóttir valin nefndarfulltrúi til næstu tveggja ára. Þar sem félaginu var heimilt að hafa tvo fulltrúa var ákveðið að Sævar Berg Guðbergsson yrði einnig fulltrúi SÍF í samstarfsnefndinni.

Aðalfundir og BSRB/BHM málið

Aðalfundur SÍF árið 1977 markaði nokkur tímamót í starfsemi félagsins. Á fundinum voru skipaðir starfshópar sem tóku til umræðu framtíðarstarf félagsins og stefnumörkun. Í hópunum komu fram ýmsar hugmyndir um breytingar á starfsháttum félagsins meðal annars skipan í fastanefndir, útgáfa fréttabréfs og fleira. Niðurstaðan var sú að samþykkt var að skipa í tvær fastanefndir til eins árs í senn. Kjaranefnd var skipuð þremur félagsmönnum

þeim Gunnari Sandholt, Guðgeiri Ingvarssyni og Þóreyju Guðmundsdóttur til eins árs. Fram að þessu höfðu launanefndir verið kosnar eftir þörfum. Ári síðar var kjörtímabil nefndarinnar lengt í tvö ár og sátu þá auk Gunnars þær Helga Gunnarsdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir í nefndinni. Stöðugildanefnd var einnig skipuð og í hana þau María Þorgeirsdóttir og Jón Týnes. Fengu þau síðar Björn Þorleifsson til liðs við sig. Ljóst má vera af störfum stöðugildanefndar að henni var einkum ætlað að standa vörð um löggildingu félagsráðgjafastarfsins. Árið 1980 var stöðugildanefndin lögð niður og verkefni hennar færð yfir á hendur stjórnar. Á aðalfundinum árið 1977 var enn fremur samþykkt að skipa í menntunarnefnd á næsta félagsfundi en þeirri nefnd var ætlað að koma á samvinnu við HÍ um menntunarmál félagsráðgjafa eins og fram kom hér að framan. Tillaga á aðalfundinum um að skipa í sérstaka norræna nefnd innan félagsins var felld en tveir félagsmenn voru áfram fulltrúar félagsins í NSSK. Á vormánuðum þetta ár voru þær Svava Stefánsdóttir og María Þorgeirsdóttir kjörnar fulltrúar félagsins í norræna ráðinu. Þá var á aðalfundinum samþykkt að leggja í kostnað svo hægt væri að senda út regluleg fréttabréf og hljóðaði samþykkt tillaga upp á að varamaður í stjórn SÍF sæti nú stjórnarfundi og hefði það sérstaka verkefni að sjá um útgáfu fréttabréfs félagsins. Samþykkt var að ráðast í kaup á stenslum og pappír og fjölritunaraðstaða fékkst í Fósturskólanum. Stjórn félagsins hugðist enn fremur kanna þann kost að ráða vélritunarstúlku til starfa fyrir félagið. Í framhaldi af þessari samþykkt aðalfundar kom fyrsta fréttabréfið Málpípan út í apríl 1977. Var hún í formi sendibréfs frá stjórn til félagsmanna. Nú sem áður var það stefna stjórnar SÍF að halda stjórnarfundi einu sinni í mánuði og félagsfundi einu sinni í mánuði.

Á aðalfundi árið 1978 ályktaði SÍF gegn efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og mótmælti harðlega kjaraskerðingarlögum

ríkisstjórnarinnar. Benti félagið á að vísitöluskerðing sú sem fólst í aðgerðunum myndi bitna harðast á þeim sem lægst voru launaðir auk þess sem aðgerðirnar fólu einnig í sér að skerða vísitölubætur á tryggingabætur.

Síðar þetta sama ár ályktaði SÍF harðlega gegn yfirlýsingu formannaráðstefnu BSRB þar sem lýst var yfir vilja til að gefa eftir 3% af samningsbundnum grunnkaupshækkunum gegn endurskoðun samningsréttarins og að samþykkja vísitöluþak á laun. Gekk félagið í hreyfingu sem hugðist beita sér gegn samkomulaginu sem BSRB og ríkisstjórnin gerði og fól í sér niðurfellingu áðurnefndrar 3% samningsbundinnar launahækkunar.

Ekki er ólíklegt að þessi ágreiningur stjórnar SÍF við BSRB hafi hvatt til þess að árið 1979 voru greidd atkvæði um áframhaldandi veru SÍF í BSRB sem fram til þessa hafði farið með samningsrétt félagsráðgjafa. Hinn kosturinn var sá að félagið gengi í BHM, samtök háskólamanna, sem stofnuð voru 1974. Atkvæði voru greidd á félagsfundi 15. maí 1979. Eftir ráðleggingu frá lögmanni lagði stjórn SÍF það til að til þess að atkvæðagreiðslan yrði gild þyrfti 2/3 atkvæða meirihluta félagsmanna til að samþykkja tillöguna. Í félagið voru skráðir 39 félagsmenn, 30 mættu á fundinn. Af þeim greiddu 17 félagsmenn með inngöngu í BHM, 11 voru á móti, einn skilaði auðu og einn skilaði ógildu atkvæði. Niðurstaðan var sú að SÍF var áfram í BSRB þar sem ekki var nægur meirihluti fyrir úrsögn.

Það var síðan á aðalfundi 19. mars árið 1981 að lögð var fram ítrekuð ósk, undirrituð af 23 félagsmönnum, þess efnis að aðalfundurinn samþykkti að SÍF sækti um aðild að BHM og segði sig úr BSRB. Meðal röksemda sem nefndar voru var að ef SÍF gengi í BHM fengi félagið sjálfstæðan samningsrétt í stað þess að BSRB hefði samningsumboð fyrir hönd félagsmanna. Niðurstaða aðalfundarins var að efnt yrði til almennrar

kosningar þar sem kjörseðlar yrðu sendir út til félagsmanna og þyrfti ¾ atkvæðameirihluta til að samþykktin gengi eftir. Úrslit kosninganna lágu fyrir í júní 1981 þar sem úrsögn úr BSRB var aftur hafnað. Atkvæði féllu þannig að 36 eða 73.5% sögðu já við aðild að BHM og 13 eða 26.5% voru fylgjandi áframhaldandi aðild að BSRB. Aðeins vantaði eitt atkvæði til þess að nægur meirihluti hefði samþykkt úrsögn úr BSRB og inngöngu í BHM.

Á þessum aðalfundi var einnig samþykkt töluverð breyting á 2. grein laga SÍF sem fjallaði um markmið og verksvið SÍF en greinin hafði verið nánast óbreytt frá stofnun félagsins. Hljóðaði greinin svo eftir breytingu:

> Markmið félagsins og verksvið er að efla starfsemi félagsráðgjafa hérlendis einkum með því:
>
> 1. Að gæta hagsmuna félagsráðgjafa í kjaramálum og öðrum hagsmunamálum.
> 2. Að efla félagsráðgjöf hérlendis og að vinna að fullri viðurkenningu félagsráðgjafar sem sérhæfðrar starfsgreinar.
> 3. Að fylgjast með, ræða og taka virka afstöðu til þjóðfélagsmála, sem snerta kjör og hagsmuni almennings.
> 4. Að stuðla að samstarfi félagsmanna innbyrðis, svo og við aðra einstaklinga, stéttir og hópa, sem vinna að skyldum málum.
> 5. Að stuðla að aukinni hagnýtingu félagsfræðilegrar og sálfræðilegrar þekkingar.
> 6. Að gæta þess að félagsráðgjafar fullnægi fyllstu kröfum um siðgæði í starfi.
> 7. Að vinna að auknum möguleikum félagsráðgjafa til framhaldsmenntunar hérlendis og erlendis, svo og aukinni þátttöku þeirra í rannsóknum á sviði félagsvísinda.
> 8. Að hafa samstarf við erlenda félagsráðgjafa og samtök þeirra m.a. með þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi félagsráðgjafa.

Næstu mánuðir í starfi SÍF einkenndust af BSRB/BHM aðildarmálinu eins og það var kallað í fundargerðum. Haldnir voru nokkrir félagsfundir um málið sem allir voru mjög vel sóttir. Þá stóð félagið fyrir Norrænu þingi hér á landi þetta sumar árið 1981 og greint verður frá hér á eftir, svo að í nógu var að snúast þetta árið.

7. júlí 1981 var haldinn félagsfundur og enn var tilefnið úrsögn úr BSRB. Þar kom fram það sjónarmið að atkvæðagreiðslan ætti að teljast ógild þar sem SÍF gæti ekki sagt sig úr BSRB því SÍF sem félag væri ekki aðili að BSRB heldur væri félagsaðildin við BSRB bundin við félagsmenn sjálfa. Á þessum fundi kom fram að meirihluti fundarmanna vildi stefna að inngöngu í BHM en stjórn SÍF vildi halda aðild félagsins í BSRB. Var umræðan nokkuð heit og snérist hún meðal annars um að kljúfa félagið en ekki reyndist nægur vilji til þess. Á fundinum var eftirfarandi tillaga samþykkt:

> Félagsfundur haldinn 7/7 1981 samþykkir að fela stjórn SÍF að undirbúa aðild félagsins að BHM á hausti komanda þar sem ljóst er að atkvæðagreiðslan fór fram á röngum forsendum. SÍF er ekki aðili að BSRB og líta verður á úrslit atkvæðagreiðslunnar sem ítrekaða sterka viljayfirlýsingu félagsmanna um að sækja um aðild að BHM. Fundurinn kemur þeim tilmælum til stjórnar að hún hlutist til um að þetta mál verði til lykta leitt á fyrsta félagsfundi haustsins þó ekki síðar en 30. september nk.

Var tillaga þessi samþykkt með 14 atkvæðum gegn fjórum.

24. september 1981 var enn haldinn félagsfundur og var á þeim fundi skipuð sáttanefnd um BSRB/BHM málið. Í nefndinni var einn frá stjórn félagsins, einn frá fylgjendum BRSB aðildar og einn frá fylgjendum BHM aðildar. Þeir sem voru samþykkir aðild að BHM samþykktu enn fremur að segja sig úr BSRB fyrir 1. október

það ár. Því eins og fram hefur komið var aðildin að BSRB bundin við félagsmenn sjálfa en ekki félagið og það var í höndum hvers og eins félagsmanns að gera upp við sig hvort hann vildi aðild að BSRB. Þessir félagsmenn sem sögðu sig úr BSRB, nítján talsins, gengu þess í stað í Útgarð sem var félag innan BHM. Þar urðu þeir í meirihluta og fengu með því tvo félagsmenn í samninganefnd Útgarðs.

13. október 1981 hófst félagsfundur á tilkynningu frá stjórn þar sem meðal annars segir að Guðrún Jónsdóttir hafi fengið kennslustjórastöðu við Háskóla Íslands og að félag félagsráðgjafanema í HÍ óski eftir inngöngu í SÍF með aukaaðild. Eftir þessar tilkynningar fór fram umræða um BSRB/BHM aðildarmálið. Í umræðunni tóku margir til máls og skiptust fundarmenn í tvo hópa. Fram kom að sáttanefndin sem skipuð var á síðasta fundi hafði orðið óstarfhæf. Sex fundarmanna lögðu fram tillögu þess efnis að felld yrði niður umræða um aðgerðir varðandi BSRB/BHM málið sem mál á borði félagsins. Tillagan var felld með einu atkvæði eða 16 atkvæðum gegn 15. Eftir þriggja klukkustunda fund lauk umræðum og voru menn ekki á eitt sáttir eins og segir í fundargerðinni.

Á aðalfundinn 31. mars 1982 voru mættir 34 félagsmenn. Í félagið voru þá skráðir 74 félagsmenn og þar af störfuðu 10 félagsráðgjafar úti á landi. Á fundinum var samþykkt að þrjár fastanefndir myndu starfa á vegum félagsins. Það voru fimm manna kjaranefnd, þriggja manna alþjóðanefnd, en einn nefndarmanna yrði að auki nefndarfulltrúi í Nordisk Sosial Arbeid, og þriggja manna ritnefnd. Auk fastanefnda félagsins var skipað í endurmenntunarnefnd á fundinum og urðu þær Áslaug Ólafsdóttir, Dóra Júlíussen, Guðrún Kristinsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir fyrir valinu. Þessari nefnd var falið að efna til endurmenntunarnámskeiða sem hún og gerði. Má segja að

nefndin hafi farið af stað með krafti því fimm fyrirlestrar um löggjöf sem snertir félagsráðgjafa í starfi voru haldnir á hálfs mánaðar fresti haustið 1982. Fundirnir voru opnir og á þá boðið fulltrúum sveitarfélaga og ýmissa stofnana. Fyrirlestrana héldu Jón Tynes, Gunnar Sandholt, Eiríkur Tómasson héraðsdómslögmaður og Ólöf Pétursdóttir deildarstjóri. Á bilinu 15 – 30 manns mættu á þessa fundi. Þá sá nefndin um að fá Bengt Börjeson til að halda fyrsta endurmenntunarnámskeiðið á vegum HÍ fyrir félagsráðgjafa.

Í skýrslu kjaranefndar fyrir aðalfundinn 1982 kemur fram að unnið var að því að koma á starfsheitinu forstöðufélagsráðgjafi á ríkisspítölunum og ætti sú staða að vera róterandi. Enn hafði SÍF ekki sjálfstæðan samningsrétt og því voru félagsráðgjafar aðilar að þremur mismunandi launþegasamtökum sem sömdu fyrir þeirra hönd en það var SFR, STFR og Útgarður. Það er óhætt að segja að kjaranefnd SÍF hafi haft í nógu að snúast við að koma baráttumálum sínum á framfæri í þessum þremur launþegasamtökum og því var, á þessum aðalfundi, fjölgað úr þremur í fimm í nefndinni og tóku nú þau Anni G. Haugen, Þ. Maggý Magnúsdóttir, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, Þórey Guðmunsdóttir og Sólveig Reynisdóttir, fulltrúi stjórnar SÍF, við af Hafdísi Hannesdóttur, Hjördísi Hjartardóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur sem höfðu skipað kjaranefndina síðast liðin tvö ár. Í lokaorðum skýrslu stjórnar SÍF fyrir aðalfundinn sagði formaðurinn, Karl Marinósson:

> Þrátt fyrir, að félagsmenn tilheyri nú mismunandi launþega-samtökum, eftir djúpstæðan ágreining í félaginu okkar undanfarin ár, heldur SÍF velli sem sameiginlegt félag. Síðastliðið ár hefur sýnt, að félaga getur greint alvarlega á um málefni og staðið saman um markmið engu að síður. Félagið mun vaxa hröðum skrefum næstu árin, því margir eru við

nám, bæði í HÍ og erlendis. Starfsvettvangur verður einnig fjölbreyttari og mun starf næstu stjórnar m.a. verða að stuðla að sterkari stöðu stéttarinnar og standa vörð um nýjar stöður.

Norrænt samstarf

Á vettvangi norræns samstarfs hafði sú hugmynd komið fram að gefa út samnorrænt tímarit. Mikill áhugi var á þessu og því fagnað þegar ljóst var að samnorrænt tímarit yrði gefið út og Ísland fengi fastan fulltrúa í ritstjórn væntanlegs blaðs. Til þess að tímaritið bæri sig fjárhagslega var lagt upp með að hvert land yrði ábyrgt fyrir sölu ákveðins fjölda eintaka og myndi Ísland þurfa að tryggja 20 áskrifendur. Heiti tímaritsins var Nordisk Socialt Arbeid og átti það að koma út fjórum sinnum á ári. Fyrir Íslands hönd var Sigrún Júlíusdóttir kosin í ritnefnd blaðsins sem íslenskur ritstjóri. Henni til aðstoðar var skipuð sérstök íslensk ritnefnd blaðsins sem í var auk Sigrúnar þau Nanna K. Sigurðardóttir og Sævar Berg Guðbergsson. Í apríl 1981 fékk félagið svo í hendur fyrsta eintak tímaritsins Nordisk Socialt Arbeid. Blaðið var 75 blaðsíður og áskrifendur voru um 500. Ríkti mikil ánægja og bjartsýni um þetta nýja afkvæmi norrænnar samvinnu eins og fram kemur í Málpípunni 16. febrúar 1981. Árið 1979 samþykkti NSSK að greiða ferðakostnað fyrir fulltrúa SÍF á fundi samtakanna. En árið áður hafði enginn fulltrúi frá SÍF sótt fundi NSSK vegna fjárskorts.

Árið 1980 var aftur komið að SÍF að halda norræna ráðstefnu félagsráðgjafa en Norðurlöndin skiptust á að halda þingið sem var árlega. Einnig var komið að fulltrúa SÍF að vera fulltrúi Norðurlandanna í Alþjóðasamtökum félagsráðgjafafélaga IFSW. Stjórn SÍF taldi félagið ekki fært um að taka að sér þessi verkefni að svo stöddu og sat því hjá þetta árið. Úr varð að Norræna þingið var haldið í Svíþjóð þetta ár. En röðin kom að Íslandi ári síðar því í ágúst 1981 var aftur haldið Norrænt þing félagsráðgjafa á Íslandi.

Það fór fram á Hótel Eddu, Laugarvatni. Gert var ráð fyrir 15 þátttakendum frá hverri þjóð en þar sem þingið var á Íslandi fékk SÍF fleiri fulltrúa. Sóttu um 80 manns þingið. Í undirbúningsnefnd voru Anni Haugen, Helga Jóhannsdóttir og Sævar Berg Guðbergsson. Í nefndina bættist síðar við Karl Marinósson. Sótt var um styrki til að halda ráðstefnuna og fengust styrkir frá menntamálaráðuneytinu og Norrænu menningarmálanefndinni. Yfirskrift þingsins var *Samfunnet som foreldre. Ansvarsfordelingen mellem familie og samfunn og konsekvensene for sosialt arbeid.* Ráðstefnan stóð yfir í sex daga og samkvæmt skipulagi voru tveir fyrstu dagarnir fyrirlestrar um þjóðfélagsgerð og þróun félagsmála á Norðurlöndunum. Enn fremur voru fyrirlestrar um stöðu barna og unglinga í þjóðfélaginu. Þriðja og fjórða daginn voru vinnusmiðjur ýmis konar auk þess sem boðið var upp á skoðunarferð til Gullfoss og Geysis. Fimmta daginn voru panel umræður um meðferð barna og unglinga og sjötta daginn var samantekt og umræður um einstök sjónarhorn. Inn á milli var hópastarf á dagskránni.

Áfangar og önnur verkefni í starfi félagsins 1975-1985

Vorið 1982 átti sér stað sá merki áfangi að fyrstu íslensku félagsráðgjafarnir voru útskrifaðir frá HÍ og fengu úthlutað starfsleyfi. Rúmu hálfu ári síðar voru félagsmenn SÍF orðnir 74 og þar af komu tíu nýir félagsmenn inn á árinu. Reyndar kemur einnig fram í fundargerð aðalfundar í mars 1983 að 10 voru teknir af félagaskrá vegna vangoldinna félagsgjalda í þrjú ár svo það er viðbúið að nokkru fleiri félagsráðgjafar voru starfandi í landinu heldur en skráðir voru í félagið. Ári síðar fengust þær upplýsingar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að 96 starfsleyfi hefðu verið gefin út fyrir félagsráðgjafa og það sama ár voru 85 þeirra skráðir í félagið.

Þetta ár var auglýst lektorsstaða við félagsráðgjöf í Háskóla Íslands. Sigrún Júlíusdóttir sótti um stöðuna. Einhver ágreiningur var um þessa stöðu því greint var frá því í fundargerð að stjórn SÍF hefði farið á fund með Þórólfi Þórlindssyni deildarforseta Félagsvísindadeildar og síðar á fund með menntamálaráðherra til að kynna sjónarmið SÍF varðandi lektorsstöðuna. Einnig kemur fram að í nóvember 1982 hafi Sigrún Júlíusdóttir dregið umsókn sína til baka með bréfi til menntamálaráðherra.

Þó svo umræða um úrsögn úr BSRB og möguleg innganga í BHM sé ekki fyrirferðamikil í fundargerðum árið 1983 má samt greina að undir niðri er enn mikill ágreiningur. Á aðalfundi í mars 1984 var síðan tekin ákvörðun um að ganga til leynilegrar atkvæðagreiðslu um málið. Stjórn félagsins var ekki einhuga um málið en þrír stjórnarmeðlimir voru fylgjandi atkvæðagreiðslu og tveir á móti. Atkvæðagreiðslan var haldin í júní og reyndist meirihluti fyrir því að ganga í BHM. Því var samþykkt á félagsfundi 20. júní 1984 að SÍF sækti um aðild að BHM. Þetta ár var einnig 20 ára afmæli félagsins og var af því tilefni skipuð nefnd á vormánuðum til að undirbúa afmælið. Sigrún Karlsdóttir var kjörin formaður nefndarinnar en þegar á leið reyndist nefndin óstarfhæf sennilega vegna ágreinings um BHM/BSRB málið sem síðar leiddi til afsagnar formanns nefndarinnar og útgöngu hans úr félaginu. Stjórnin var önnum kafin vegna verkfalls félagsráðgjafa í BSRB og mikilla anna í kringum BHM/BSRB málið svo ekkert varð úr því að haldið yrði upp á afmæli félagsins þetta ár en þess í stað var stefnt að því að gera betur á 25 ára afmælinu.

Sem dæmi um ný verkefni SÍF á þessum öðrum áratug í starfsemi sinni má nefna að:

- Opinberir starfsmenn stóðu í verkfallsaðgerðum árin 1977 – 1978 sem SÍF studdi og félagsráðgjafar hjá ríkinu tóku þátt í.
- SÍF studdi enn fremur verkfall fóstra á Akureyri og í Kópavogi og síðar fóstra í Reykjavík.
- 1978 Stjórn SÍF lýsir yfir stuðningi við kröfur og aðgerðir starfsfólks Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar í deilu við stjórn fyrirtækisins og gefur kr. 8.000.- í verkfallssjóð þeirra.
- 1978 Trúnaðarmaður er kosinn fyrir félagsráðgjafa hjá SFR.
- 1978 Félagið fékk skrifstofuaðstöðu í nýju húsnæði hjá BSRB að Grettisgötu 89 en BSRB var með samningsrétt félagsmanna SÍF sem voru hver um sig aðili að BSRB.
- 1978 Alþjóðlegar siðareglur félagsráðgjafa voru þýddar á íslensku.
- 1978 Umræður voru um heimsþing félagsráðgjafa í Ísrael og í kjölfarið samþykkt að lýsa yfir vanþóknun á stjórnmálastefnu stjórnvalda í Ísrael og það að heimsþingið skyldi haldið í Ísrael. Var það talin óheppileg staðsetning sem útilokaði marga frá þátttöku.
- Í framhaldi af staðfestri löggildingu félagsráðgjafa fékk félagið til sín allar umsóknir um löggildingu sem félagsráðgjafi til umsagnar ásamt Háskóla Íslands og má segja að nánast á hverjum mánaðarlegum stjórnarfundi eftir það hafi komið inn annað hvort beiðni um umsögn eða samþykkt innganga félagsráðgjafa sem hafði fengið samþykkta löggildingu. Sá ánægjulegi áfangi náðist einnig í ágúst 1982 að fyrstu félagsráðgjafarnir sem útskrifuðust á Íslandi voru teknir inn í félagið, þær Sigurrós Sigurðardóttir og Bjarney Kristjánsdóttir. Fleiri úr þessum árgangi gengu

síðar í félagið.

- 1980 Félagið lýsti yfir stuðningi vegna Gervasonimálsins.
- 1980 29. febrúar var SÍF með námsstefnu þar sem Nanna K. Sigurðardóttir og Hanna Unnsteinsdóttir voru stjórnendur og flutti Nanna erindi um sögulega þróun starfs félagsráðgjafa auk þess sem unnið var í hópum. Frá og með árinu 1980 var það markmið SÍF að halda námsstefnur eina eða fleiri á ári fyrir félagsráðgjafa hér á landi.
- 1981 Félagið lýsti yfir stuðningi við þjóðfrelsishreyfingu S-Afríku.
- 1981 Félagið lýsti yfir stuðningi við baráttumál Sama í Noregi.
- 1982 Sótt var um aðild að starfsmenntunarsjóði ríkis og bæja.
- 1982 Landsráð gegn krabbameini bauð SÍF aðild að ráðinu sem það þáði.
- 1982 SÍF gerðist styrktaraðili Samtaka um kvennaathvarf og greiddi kr. 600.- árlega til athvarfsins.
- 1982 Í desember var sett á laggirnar ritnefnd og voru í hana kosin Gunnar Sandholt, Bjarney Kristjánsdóttir og Anna Karin Júlíussen. Hlutverk þeirra var að kanna grundvöll fyrir útgáfu tímarits félagsráðgjafa.
- 1983 Í mars hélt Judith Bernstein, yfirmaður Félagsmálastofnunar í Asker og fyrrverandi lektor fyrirlestur um rannsóknir í félagsráðgjöf á vegum SÍF.
- 1983 Fyrir milligöngu endurmenntunarnefndar SÍF var Bengt Börjeson, prófessor við Háskólann í Umea með fyrsta endurmenntunarnámskeið félagsráðgjafa sem haldið var í HÍ. Var námskeiðið haldið í tengslum við aðalfund félagsins það ár.

- 1983 Samþykkt á aðalfundi að SÍF taki að sér formennsku í Norrænu samstarfsnefndinni næsta tímabil frá janúar 1984 – janúar 1986.
- 1983 SÍF gerðist aðili að herferð gegn stríðsleikföngum og sölu eftirlíkinga stríðsgagna í leikfangalíki.
- 1983 SÍF mótmælir niðurskurði til heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.
- 1983 Námskeið á vegum SÍF um kenningar umhverfisvinnu með Live Fyrand lektor við Diakonhjemmets sosialhögskole í Osló.
- 1983 Fundur með Sissel Seim, aðalritstjóra Nordisk Sosialt Arbeid þar sem hún hélt erindi um Sosialarbeiderens identitet.
- 1984 Tillaga kom fram á aðalfundi að breyta nafni félagsins í Félagsráðgjafafélag Íslands. Tillagan var felld.
- 1984 Október, 30-40 félagsráðgjafar tóku þátt í verkfalli opinberra starfsmanna.
- 1984 Annað námskeið var haldið með prófessor Bengt Börjeson 3. – 7. nóvember og nú á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur sem styrkti 10 félagsráðgjafa en alls gátu 20 félagsráðgjafar tekið þátt.

Í starfi sínu lagði Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa ríka áherslu á að fá að koma með umsögn um löggjöf og reglugerðir varðandi starfssvið félagsráðgjafa. Í mörgum tilfellum óskaði nefndarsvið alþingis eftir því við félagið að það kæmi með umsögn. Í öðrum tilfellum óskaði félagið sérstaklega eftir því að veita umsögn eða sendi inn ályktun varðandi frumvörp sem voru í smíðum þó svo ekki hefði verið óskað sérstaklega eftir umsögn félagsins. Dæmi um þessi frumvörp og reglugerðir á öðrum áratug í starfi félagsins eru:

- Endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna.
- Frumvarp til laga um ættleiðingu.
- Reglugerð um sérkennslu.
- Reglugerð um heilsugæslustöðvar.
- Frumvarp til húsaleigusamninga.
- Frumvarp til laga um fóstureyðingar, kynlífsfræðslu o.fl.
- Reglugerð v. laga um fóstureyðingar, kynlífsfræðslu o.fl.
- Frumvarp til laga um aðstoð við þroskahefta.
- Endurskoðun laga um framfærslu.
- Frumvarp um fæðingarorlof.
- Lög um aðstoð við fatlaða.
- Lög um félagslega aðstoð.
- Lög um öldrunarþjónustu.
- Frumvarp um vernd barna og ungmenna.
- Þátttaka í ráðstefnu á vegum menntamálaráðuneytis um grunnskólalögin.
- Lög um geðheilbrigðismál.
- Frumvarp til laga um málefni fatlaðra.
- Félagsmálalöggjöfin.
- Frumvarp um breytingar á Lögum um heilbrigðisþjónustu.
- Frumvarp um breytingar á Lögum um fóstureyðingar.
- Endurskoðun á Lögum um félagsráðgjöf.

ÁRIN 1985 – 1994

Aðalfundur Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa í mars 1985 markar ákveðin tímamót í starfi félagsins og því verður sagt nokkuð ítarlega frá honum hér á eftir. Félagið hafði verið starfsrækt í rúma tvo áratugi og talsverð fjölgun félagsmanna átt sér stað síðast liðin ár. Voru félagsmenn nú orðnir 91 talsins.

Þeir félagsráðgjafar sem gegndu stöðu formanns SÍF á árunum 1985-1994 voru:

Gunnar Klængur Gunnarsson 1984-1986
Svava Stefánsdóttir 1986-1988
Guðrún Ögmundsdóttir 1988-1990
Lára Björnsdóttir 1990-1992
Þuríður Maggý Magnúsdóttir 1992-1994

Á aðalfundinum 30. mars 1985 lá fyrir að SÍF hafði fengið inngöngu í BHM. Sótt hafði verið um inngöngu í október árið áður í framhaldi af leynilegri atkvæðagreiðslu um úrsögn úr BSRB og inngöngu í BHM sem fram fór í júní 1984. Atkvæði greiddu 57 félagsmenn og þar af voru 40 fylgjandi úrsögn úr BSRB og inngöngu í BHM, 15 voru á móti og tvö atkvæði voru ógild. Því var samþykkt á félagsfundi 20. júní 1984 að sækja um aðild að BHM. Mikillar óánægju gætti meðal félagsmanna sem voru á móti úrsögn úr BSRB og þann 25. október 1984 barst stjórn félagsins bréf frá Guðrúnu Jónsdóttur, Hjördísi Hjartardóttur, Anni Haugen, Sigrúnu Karlsdóttur og Þórunni Óskarsdóttur þar

sem farið var fram á að stjórn SÍF endurskoði ákvörðun um að sækja um aðild að BHM. Í framhaldinu voru haldnir fundir bæði með þeim sem studdu aðild að BHM og þeim sem voru á móti henni. Upp kom sú hugmynd að fresta ferlinu um tvö ár með það að markmiði að skipta félaginu upp í tvennt, í tvö félög sem myndu starfa saman undir hatti heildarsamtaka. Var þessi tillaga borin upp á félagsfundi en felld af BHM fylgjendum. Í framhaldi af þessari niðurstöðu eða 5. nóvember 1984 barst félaginu bréf frá Hjördísi Hjartardóttur, Anni Haugen og Sigrúnu Karlsdóttur þar sem þær sögðu sig úr félaginu.

Á aðalfundinn 1985, sem var sex klukkustunda langur, mættu 37 félagsmenn og þar af hafði félagið styrkt þrjá félagsráðgjafa að norðan til að koma suður á fundinn. Gunnar Klængur Gunnarsson var formaður SÍF en hann var kjörinn ári áður til tveggja ára. Helstu mál fundarins voru lagabreytingatillögur og átökin um aðskilnað frá BSRB og innganga í BHM. Í fundarboði til aðalfundar kemur fram að stjórninni hafði verið falið á félagsfundi síðastliðið haust að koma með tillögur á þessum aðalfundi sem gætu tryggt að allir félagsráðgjafar, án tillits til afstöðu þeirra til aðildar félagsins að BHM/BSRB, gætu verið innan sama félagsins. Niðurstaða stjórnarinnar var sú að að leggja til á aðalfundinum að félagsráðgjafar sem ekki vilja vera í BHM gætu gerst aukafélagar í SÍF. Einnig kom til greina, að mati stjórnarinnar, að leggja SÍF niður í núverandi mynd og stofna regnhlífasamtök félagsráðgjafa þar sem í yrðu tvö félög félagsráðgjafa. Annars vegar þeirra sem vildu vera innan BHM og hins vegar þeirra sem vildu vera í BSRB. Lagabreytingatillögur stjórnar SÍF sem lagðar voru fram á þessum aðalfundi fólu í sér fyrri kostinn. Var gert ráð fyrir að grein 3.2. yrði breytt þannig að þeir félagsráðgjafar sem ekki kysu að gerast meðlimir í BHM gætu sótt um aukaaðild að SÍF. Aukaaðildin myndi veita eftirtalin réttindi:

a) almenn félagsréttindi án atkvæðisréttar og kjörgengis.
b) rétt til að taka kosningu sem fulltrúi í kjaranefnd.

Þá segir í skýrslu stjórnar sem lögð var fram á aðalfundinum:

> Óhætt er að segja að fyrir félagið hafi þetta verið ár átaka, jafnt innan félagsins sem við vinnuveitendur. Hafa þessi átök reynt mjög á krafta stjórnar og afleiðing m.a. orðið sú að ýmis brýn mál hafa fengið að sitja á hakanum. Einnig er óhætt að segja að stjórn hafi verið fullsein að átta sig á breyttu hlutverki SÍF, vegna aðildarinnar að BHM, og þarf þar að verða breyting til batnaðar. Þetta á ekki hvað síst um kjaramálin og skipulagningu kjaranefndar innan félagsins.

Í umræðum um lagabreytingar, sem meðal annars vörðuðu aðkomu þeirra sem voru í BSRB að SÍF þar sem þeim var boðið að gerast aukaaðilar, kom fram í fundargerð aðalfundar að þetta ágreiningsmál hafði valdið miklum sársauka í félaginu síðast liðin sex ár og taldi Guðrún Jónsdóttir að fleiri en þremenningarnir Anni, Hjördís og Sigrún ættu eftir að segja sig úr félaginu yrði lagabreytingin samþykkt. Lagði Guðrún það til á fundinum að kannað yrði hvort meirihluti væri fyrir því að félagið yrði lagt niður í núverandi mynd en í stað þess stofnuð samtök sem í væru tvær deildir þar sem allir félagsmenn sem hafa lokið félagsráðgjafarprófi fái rúmast. Miklar umræður urðu um tillöguna sem var að lokum felld með átján atkvæðum gegn níu.

Undir liðnum önnur mál lagði Guðrún Jónsdóttir fram úrsagnarbréf úr félaginu sem var fært til bókar og hljóðar svo:

> 30.03.85. Ég undirrituð segi mig hér með úr Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa. Ástæður úrsagnar minnar eru: Meginhluti

> félagsmanna ásamt stjórn virðist eins og er ekki hafa hug á að tryggja fulla aðild allra félagsráðgjafa að félaginu. Þvert á móti fela nýsamþykktar lagabreytingar í sér að þeir sem ekki vilja fella sig við þá þvingun að reka kjaramál sín með aðild að BHM eiga einskis annars úrkostar en að segja sig úr félaginu. Ljóst er þó að hægt hefði verið að tryggja fulla og óskerta aðild allra félagsráðgjafa að sameiginlegu félagi, með undirdeildum, sem rækju kjarabaráttu sína þar sem þeir teldu réttast. Ég harma þessa afstöðu, finnst hún sýna óbilgirni og ósveigjanleika gagnvart áður virkum og virtum félögum. Ég óska því ekki eftir að eiga aðild að félaginu meðan svo er háttað afstöðu meirihlutans.
>
> Guðrún Jónsdóttir

Í lok fundarins var lögð fram og samþykkt viljayfirlýsing, að frumkvæði Sigrúnar Júlíusdóttur, þess efnis að stjórnin boðaði fjórmenningana sem höfðu sagt sig úr félaginu á fund og reynt yrði að ná samkomulagi við þá.

Meðal annars efnis á fundinum kom fram að félagið hefði nú fengið leigðan hluta af herbergi í húsnæði BHM að Lágmúla 7 fyrir 900 kr. á mánuði. Fram kom að verkfallssjóðurinn átti tæpar 400.000 kr. í sjóði og samþykkt var að breyta Málpípunni í fréttabréf.

Fram kemur í fundargerðum og skýrslum nefnda sem lagðar voru fram á aðalfundinum að fastanefndir SÍF héldu uppi mjög öflugu starfi hver á sínu sviði. Þessar nefndir voru alþjóðanefndin (Norræna samstarfsnefndin) sem Anni Haugen (fram að úrsögn sinni) og Auður Haraldsdóttir höfðu starfað fyrir og sótt fundi Norrænu samstarfsnefndarinnar. Mikið starf hafði verið unnið í þessari nefnd því um þessar mundir tók SÍF að sér, í fyrsta sinn, að sjá um skrifstofu Norrænu samstarfsnefndarinnar til tveggja

ára í febrúar 1984 og hafði Anni Haugen gegnt formennsku í nefndinni síðast liðin ár. Kjaranefndin var einnig að störfum en í henni höfðu verið Helga Þórólfsdóttir, Anna Karin Júlíussen, Ása Þorgeirsdóttir og fleiri en Sigrún Magnúsdóttir og Bjarney Kristjánsdóttir komu nú nýjar inn í nefndina á aðalfundinum. Í fræðslunefndinni voru Karl Marinósson, Sigrún Júlíusdóttir, og Guðrún Kristinsdóttir en í stað Guðrúnar kom Hafdís Hannesdóttir inn í nefndina. Í ritnefnd tímaritsins Nordisk Sosialt Arbeid hafði Sigrún Júlíusdóttir verið ritstjóri fyrir hönd SÍF allt frá stofnun blaðsins. Sigrún lét nú af embætti sem ritstjóri og við tók Svava Stefánsdóttir. Auk hennar var Auður Haraldsdóttir í ritnefndinni, en hún var nýtekin við af Nönnu K. Sigurðardóttur, og Sævar Berg Guðbergsson.

Félagsráðgjafarnir sem sögðu sig úr SÍF stofnuðu með sér nýtt félag Hið íslenska félagsráðgjafafélag, skammstafað HÍF. Nokkrir fundir voru haldnir veturinn 1986 – 1987 þar sem félögin leituðu eftir samstarfi sín á milli og var einkum horft til samstarfs í fræðslu- og endurmenntunarmálum félagsráðgjafa. Svava Stefánsdóttir og Erna Guðmundsdóttir sóttu þessa samstarfsfundi fyrir hönd SÍF og Helga Jóhannesdóttir og Anni Haugen fyrir hönd HÍF.

Í fundargerð frá febrúar árið 1989 kemur fram að félagsmenn HÍF, Anni Haugen, Einar Þorleifsson, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Hjördís Hjartardóttir og Sigrún Karlsdóttir óski eftir inngöngu í SÍF að nýju. Þessir félagsráðgjafar, sem höfðu gengið úr félaginu vegna ágreinings um inngöngu í BHM, gengu nú aftur í raðir SÍF. Stjórn SÍF lýsti yfir ánægju sinni með inngöngu þessara félagsmanna og bauð þá velkomna aftur í félagið. Í annarri fundargerð stjórnar kemur fram að líta megi svo á að nýju samningsréttarlögin hafi eytt þeim ágreiningi sem varð til þess að HÍF var stofnað.

Haustið 1987 var samþykkt að taka upp merki Stéttarfélags

íslenskra félagsráðgjafa. Merkið var upphaflega á bæklingi sem Sigrún Júlíusdóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Svava Stefánsdóttir áttu frumkvæði af og var hannaður til að kynna tilvist og umfang félagsráðgjafar á ríkisspítölunum. Félagsráðgjafar á ríkisspítölum áttu því merkið. Merkið var teiknað af Erlu Friðriksdóttur tækniteiknara og táknaði hönd/hendur þar sem þumalfingurinn vísar veginn. Félagsráðgjafar á ríkisspítölunum voru tilbúnir að gefa SÍF merkið og var samþykkt 27. október þetta ár að það yrði úfært sem merki félagsins. Var merkið í notkun til ársins 2008 þegar nýtt merki var hannað. Myndir af merkjum félagsins er að finna á myndasíðum aftast í bókinni.

Þetta sama haust kom Félagsráðgjafablaðið út í fyrsta sinn. Talsverðar umræður höfðu átt sér stað í félaginu um nokkurra ára skeið varðandi útgáfu fagtímarits félagsráðgjafa. Það var síðan árið 1987 að undirbúningur hófst fyrir alvöru þar sem leitað var tilboða í prentun og vinna hófst við blaðið. Sérstök ritnefnd var skipuð, kallað var eftir greinum og auglýsingum var safnað. Kom blaðið út í fyrsta sinn haustið 1987 og hafði vinnan við útgáfu þess þá hvílt á herðum ritnefndar SÍF sem í voru þær Oktavía Guðmundsdóttir og Unnur Sigurðardóttir. Báru þeir veg og vanda af þessu fyrsta tölublaði Félagsráðgjafablaðsins. Næsta tölublað kom út ári síðar og hafði þá Kristín Friðriksdóttir bæst í ritnefndina. Hún, ásamt þeim Önnu Karin Júlíussen og Kirsten Briem, sáu um útgáfu þriðja blaðsins sem kom út árið 1991. Níunda og síðasta blað Félagsráðgjafablaðsins kom út árið 2004 en sagt er meira frá blaðinu í kaflanum Útgáfur á vegum SÍF/FÍ.

Á aðalfundi 1990 lét Guðrún Ögmundsdóttir að störfum sem formaður SÍF en hún hafði tekið við af Svövu Stefánsdóttur. Lára Björnsdóttir var nú kosin formaður SÍF næstu tvö árin. Í fundargerð félagsfundar eftir aðalfund í mars árið 1990 kemur fram að ákveðin tímamót væru hjá félaginu þetta ár. Þessi tímamót

komu til vegna þess að félagið var nú komið með varanlega skrifstofuaðstöðu í húsnæði BHM að Lágmúla 7, hafði fest kaup á tölvu og starfsmaður, Áslaug Ólafsdóttir félagsráðgjafi, var ráðinn á skrifstofuna. Þá stóð til að gefa Málpípuna reglulega út að nýju eftir um tveggja ára hlé og fékk starfsmaður félagsins það hlutverk að halda utan um útgáfuna.

Fræðslumál

Segja má að vel hafi verið staðið að fræðslumálum þennan þriðja áratug í starfsemi félagsins. Fræðslunefnd SÍF hélt reglulega fræðslufundi nú sem endra nær og var nefndin með sjálfstæðan fjárhag. Í nefndinni höfðu starfað Sigrún Júlíusdóttir, Karl Marinósson og Hafdís Hannesdóttir en árið 1986 tóku Bjarney Kristjánsdóttir og Lára Björnsdóttir við af Sigrúnu Júlíusdóttur og Karli Marinóssyni. Auk þess hélt stjórn SÍF félagsfundi venjulega einu sinni í mánuði yfir veturinn en þar voru ýmis málefni tekin fyrir eða erindi haldin.

Vorið 1985 héldu bandarísk hjón, Emily sem var sálfræðingur og John Visher, geðlæknir, fyrirlesturinn *Stjúpfjölskyldur – vandi þeirra og vegferð*. Fræðslunefndin hafði veg og vanda af þessum viðburði í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands. Þá hélt fræðslunefndin fræðslufundi veturinn 1985-1986 þar sem félagsráðgjafar héldu erindi og haustið 1986 var námskeið í skilnaðarráðgjöf haldið 26. – 27. september í samstarfi við Dómsmálaráðuneytið. Sálfræðingurinn Joan Kelly og lögfræðingurinn Jay Folberg voru fengin til að vera með námskeiðið.

Dagana 5. til 10. október 1986 héldu Samtök norrænna félagsráðgjafa sína árlegu ráðstefnu félagsráðgjafa hér á landi í þriðja sinn. Fór ráðstefnan fram bæði í Reykjavík og á Akureyri. Yfirskriftin var *Félagsráðgjöf og félagsleg þjónusta fyrir almenning sem veitt er á sviði félags- og heilbrigðismála af því opinbera, einkaaðilum og*

hagsmunasamtökum. Í undirbúningsnefndinni voru fyrir hönd Íslands þau Auður Haraldsdóttir, Hannes Hilmarsson, Anna S. Jónsdóttir og Þórunn Óskarsdóttir. Nokkur óvissa ríkti um staðsetningu ráðstefnunnar vegna fundar leiðtoga stórveldanna sem fram fór í Höfða í Reykjavík á sama tíma. Var málið leyst af hálfu Flugleiða þannig að ráðstefnan var að hluta til flutt norður á Akureyri. Fyrir erlenda þátttakendur var ráðstefnugjaldið 5000 dkr og í því var innifalið flugfar, gisting, matur og eftirmiðdagsferð í Bláa lónið. Þátttakendur voru 110 og þar af um 80 manns frá hinum Norðurlöndunum.

Norræn ráðstefna félagsráðgjafa í Reykjavík og á Akureyri 1986

Á fyrri hluta árs 1987 hélt fræðslunefndin fræðslufund um sifjaspell og nokkru síðar var haldið námskeið í ritun greina. Þá um haustið hófst einnig fræðslufundaröðin *Barnavernd á Íslandi* og voru haldnir þrír fræðslufundir um haustið og aðrir þrír fundir vorið 1988. Á hverjum þessara funda var haldið erindi um barnavernd og voru fyrirlesarar á þessum sex fundum félagsráðgjafarnir Guðrún Kristinsdóttir, Sævar Berg

Guðbergsson, Nanna K. Sigurðardóttir, Marta Bergmann, Sigrún Karlsdóttir og þau Gunnar Sandholt og Lára Björnsdóttir héldu síðan síðasta erindið. Veturinn eftir stóð fræðslunefndin fyrir fjórum fundum þar sem Sigrún Júlíusdóttir greindi frá viðtalskönnun um nauðgunarmál, Guðrún Ögmundsdóttir sagði frá Kvennaráðgjöfinni, Sigrún Karlsdóttir fjallaði um ný úrræði og stefnur í vistunarmálum barna og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir hélt erindið *Alnæmi frá sjónarhóli aðstandenda.*

Jólafundir voru haldnir ár hvert í desember. Auk þess að snæða jólakvöldverð voru hinir ýmsu aðilar fengnir til að halda erindi á þessum fundum. Sem dæmi má nefna að árið 1990 hélt Páll Skúlason, heimspekingur, erindi og ári síðar var það Jón Björnsson, félagsmálastjóri. Stofnendur SÍF þær Guðrún Jónsdóttir og Margrét Margeirsdóttir héldu erindi um tilurð félagsins og fyrstu ár þess á jólafundi afmælisárs SÍF 1994. Seinna þróaðist sá siður að fá höfunda til að lesa úr nýútkominni bók sinni.

Fram kemur í fleiri en einni skýrslu stjórnar um störf hennar á fyrri hluta níunda áratugarins að breyting var orðin á aðsókn félagsmanna á fundi félagsins. Færri sóttu nú félagsfundi sem stjórnin boðaði til og kjarafundi en góð aðsókn var á jólafundinn og fræðslufundina sem haldnir voru mánaðarlega. Því dró nú verulega úr að stjórnin boðaði til félagsfunda en þeir höfðu verið þungasmiðjan í starfsemi félagsins frá stofnun. Stjórnarfundir voru eftir sem áður tíðir, venjulega vel yfir 20 á ári.

Eins og samþykkt hafði verið í aðdraganda 20 ára afmælis félagsins var haldið upp á 25 ára afmælið með veglegum hætti. Það var gert með námsstefnu á Akureyri undir yfirskriftinni *Félagsráðgjöf á Íslandi.* Námsstefnan fór fram dagana 26. – 27. október og var undirbúin af fræðslunefndinni, stjórn SÍF og norðandeildinni. Þátttakendur voru 70 félagsráðgjafar og 12 nemar. Á námsstefnunni voru flutt erindi um félagsráðgjafastarfið,

félagsráðgjöf á landsbyggðinni, rannsóknir og fagþróun, menntun félagsráðgjafa og fleira. Erindin voru síðan gefin út í veglegu afmælisriti *Félagsráðgjöf á Íslandi* sem finna má á heimasíðu Tímarits félagsráðgjafa www.timaritfelagsradgjafa.is. Mynd af þátttakendum námstefnunnar er að finna á myndasíðum aftast í bókinni.

Í september 1992 hélt fræðslunefnd tveggja daga námskeið í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ um nýjungar í íslenskri löggjöf. Þá hafði SÍF frumkvæði að ráðstefnu um fjölmiðla og barnavernd í febrúar sem haldin var í Borgartúni 6. Var námskeiðið haldið í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands og fleiri fagaðila. Sama ár hélt SÍF, ásamt báðum félögum hjúkrunarfræðinga, Sálfræðingafélaginu og Félagi barnalækna, ráðstefnu um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir ungmenna og um vorið hélt fræðslunefndin starfsdag um málefni fatlaðra.

Árið 1994 var enn komið að Íslandi að halda norræna ráðstefnu félagsráðgjafa hér á landi. Ráðstefnan fór fram á Scandic hótel Loftleiðum dagana 20. - 23. ágúst undir yfirskriftinni *Socialt arbeid i nutid og fremtid – Dagens erfaringer grunnlaget for fremtiden* eða *Félagsráðgjöf – horft til framtíðar.* Áherslan var á þátttöku félagsráðgjafa í almennri þjóðfélagsumræðu um velferðarmál. Í framkvæmdanefnd ráðstefnunnar, sem var tvö ár í undirbúningi, voru Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir formaður, Guðlaug Magnúsdóttir, Helga Þórólfsdóttir, Þ. Maggý Magnúsdóttir, María Þorgeirsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir tók síðan við af Helgu sem fór til starfa erlendis. Að þessu sinni komu fleiri aðilar að ráðstefnunni. Það voru Nopus, Nord plan og Nordisk Social Högskole Kommitté. Fyrir hönd Norrænu háskólanefndarinnar var Sigrún Júlíusdóttir fulltrúi í undirbúningsnefndinni. Fyrirlesarar voru Lars Uggerhöj frá Danmörku, Anna Metteri frá Finnlandi, Sigrún Júlíusdóttir frá Íslandi, Elin Mortensen frá

Noregi og Anna Lena Lindkvist, Karin Wahlgren og Sig Larson frá Svíþjóð. Félagið fékk til liðs við sig félagsráðgjafanema frá HÍ til að aðstoða á ráðstefnunni. Ekki veitti af því slegið var aðsóknarmet á ráðstefnuna sem taldi 240 þátttakendur og þar af voru 60 Íslendingar. Sérstaklega var óskað eftir þátttöku eldri félagsráðgjafa á þessari norrænu ráðstefnu svo að umgjörð hennar mætti endurspegla að hluta til sögu og samsetningu SÍF. Gefinn var út veglegur ráðstefnubæklingur og merki ráðstefnunnar hannaði formaður undirbúningsnefndarinnar Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir. Ráðstefnan var haldin þegar SÍF var 30 ára svo stjórn félagsins notaði tækifærið og þakkaði stofnendum félagsins sérstaklega fyrir framtakið og vinnu þeirra fyrir félagið. Myndin af fyrstu stjórn félagsins sem finna má á myndasíðum bókarinnar var tekin við þetta tækifæri. Þess má geta að Vísindasjóður SÍF styrkti ráðstefnuna um kr. 150.000.-

Nýir doktorar

12. apríl 1991 varði Guðrún Kristinsdóttir doktorsritgerð sína um Barnavernd og fagmennsku við félagsráðgjafardeild Háskólans í Umeå. Guðrún varð þar með fyrsti doktorinn í félagsráðgjöf á Íslandi. Af þessu tilefni stóð félagið fyrir opnum fyrirlestri í Norræna húsin þar sem Guðrún hélt erindi um efni doktorsritgerðar sinnar. Bók Guðrúnar *Child Welfare and Professionalization* var enn fremur til sölu á skrifstofu félagsins. Guðrún Kristinsdóttir gegndi stöðu kennslustjóra í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árin 1987 – 1988.

Haustið 1992 varði Guðrún Jónsdóttir doktorsritgerð sína *Surviving incest: Icelandic and British incest survivors' experiences of incestuous abuse* við Háskólann í Sheffield. Af því tilefni stóð félagið fyrir sérstökum félags- og fræðslufundi á Kornhlöðuloftinu þar sem Guðrún sagði frá ritgerð sinni. Guðrún var skipuð fyrsti

kennslustjórinn í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1981.

Vorið 1993 varði Sigrún Júlíusdóttir doktorsritgerð sína *Den kapabla familjen i det islandska samhallet* við Gautaborgarháskóla og varð þar með þriðji doktorinn í félagsráðgjöf hér á landi. Var áfanganum fagnað með sérstökum fundi sem haldinn var 4. nóvember á Kornhlöðuloftinu þar sem Sigrún sagði frá ritgerð sinni. Sigrún var ráðin lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands árið 1991.

Hér er um merka áfanga að ræða í sögu félagsráðgjafar á Íslandi og átti stéttin nú þrjá doktora í félagsráðgjöf. Nokkur ár liðu þar til fleiri bættust í hópinn.

Sérfræðileyfi

Í byrjun árs 1992 var sett á laggirnar nefnd á vegum SÍF um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf. Í nefndina voru skipaðar Nanna K. Sigurðardóttir, formaður, Helga Þórólfsdóttir, Ingibjörg Broddadóttir og Sigrún Júlíusdóttir. Um svipað leiti hélt fræðslunefndin og stjórn SÍF siðfræðinámstefnu í Gerðubergi. Á námstefnunni hélt Ingibjörg Broddadóttir inngangserindi og rakti aðdraganda ráðstefnunnar. Auk hennar fluttu þau Vilhjálmur Árnason, heimspekingur, fyrirlestur um siðferðilegar ákvarðanir, Guðrún Ögmundsdóttir, sem vann á kvennadeild Landspítalans, fyrirlestur um starf félagsráðgjafa á kvennadeild, Sæmundur Hafsteinsson fyrirlestur um fjölmiðla og barnavernd og Sigrún Júlíusdóttir fyrirlestur um siðfræði hjálparstarfsins. Að erindum loknum var pallborð og síðan hópavinna.

Ári síðar skilaði sérfræðinefndin af sér skýrslu um útgáfu sérfræðileyfa. Í skýrslunni kom fram að sérfræðileyfi fagstétta byggi almennt á þrennu:

siðareglum,
skipulegu fræðilegu námi, og
vinnu í faginu undir handleiðslu

Fram kom í máli nefndarinnar að fyrir útgáfu sérfræðileyfa þyrfti að skrá aðalsvið félagsráðgjafar og mælti nefndin með þremur aðalsviðum:

félagssviði,
heilbrigðissviði, og
skólamálasviði

Einnig taldi nefndin hugsanlegt að skrá handleiðslu og stjórnun sem sérsvið. Lagði nefndin til að grunnforkröfur vegna veitingu sérfræðiréttinda væru starfsréttindi, fimm ára nám og reglubundin handleiðsla. Niðurstaða félagsfundar SÍF var sú að félagið þyrfti nauðsynlega að setja sér siðareglur og skipa þyrfti til þess sérstaka siðanefnd.

Árin 1993-1994

Á aðalfundi árið 1993 var ný sérfræðimatsnefnd skipuð undir formennsku Sigrúnar Júlíusdóttur. Þá var sérstök stöðugildanefnd stofnuð á ný sem hafði það hlutverk að standa vörð um starfsvettvang félagsráðgjafa og voru þau Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, Ellý Alda Þorsteinsdóttir og Kristinn G. Kristinsson kosin í nefndina. Fram kemur í fundargerðum og Málpípum að sú nefnd hafi fylgst vandlega með auglýsingum um félagsráðgjafastörf og gert athugasemdir við auglýsingar og stöðuveitingar innan félagsráðgjafar þegar þurfa þótti.

Í tilefni af 30 ára afmæli SÍF árið 1994 var ákveðið að kynningarbæklingur um félagsráðgjöf, sem hafði verið í undirbúningi

um nokkurt skeið, yrði gefinn út og tileinkaður afmælinu. Bæklingurinn kom út árið 1995 í 10.000 eintökum og var dreift á vinnustaði félagsráðgjafa og víðar. Var útgáfan styrkt af nokkrum opinberum stofnunum. Einnig var í tilefni afmælisins gert meira úr jólakaffi félagsins sem fram fór á Kornhlöðuloftinu. Þar héldu tveir af stofnendum félagsins, þær Guðrún Jónsdóttir og Margrét Margeirsdóttir, erindi um stofnun félagsins og starf þess fyrstu árin eins og fram hefur komið.

Á aðalfundinum árið 1993 var Nanna K. Sigurðardóttir skipuð formaður siðanefndar og með henni í nefndinni voru Helga Þórólfsdóttir, Erla Þórðardóttir og Guðbjörg Þórðardóttir. Siðanefndin starfaði af krafti næstu árin meðal annars við smíði siðareglna fyrir félagsráðgjafa. Sem lið í þeirri vinnu hélt nefndin tvo opna umræðufundi 5. og 26. nóvember 1994 um siðfræði, fór á fund siðfræðistofnunar HÍ og efndi til vinnustaðafunda í tengslum við gerð siðareglna. Í byrjun árs 1995 fór af stað svokallað siðakaffi sem var reglulega haldið á vegum siðanefndar og stjórnar SÍF.

Stjórn SÍF hélt félagsfund í maí 1994 þar sem rædd var staða félagsráðgjafar og menntun félagsráðgjafa. Erindi héldu Sigrún Júlíusdóttir um menntun félagsráðgjafa og Anni Haugen um stöðu félagsráðgjafar og það hvar félagsráðgjafar vinna. Þá má geta þess að samkvæmt samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var yfirskrift ársins 1994 *Ár fjölskyldunnar.* Einkunnarorð ársins voru *Fjölskyldan*: *Úrræði og skyldur í breytilegum heimi.* Sérstök landsnefnd var skipuð til að vinna að undirbúningi Árs fjölskyldunnar á vegum félagsmálaráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var Bragi Guðbrandsson. Fjórir félagsráðgjafar voru í nefndinni en það voru þær Regína Ásvaldsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir, Lára Björnsdóttir og Þórey Guðmundsdóttir.

Í fundargerðum félagsfunda og stjórna árin 1993 og 1994

var talsvert rætt um erfiða fjárhagsstöðu félagsins á þessum tíma. Félagið hafði verið ágætlega statt fjárhagslega fram til ársins 1987 en nú syrti í álinn. Margt lagðist á eitt til að þessi staða kæmi upp. Ákveðin þensla hafði verið í útgjöldum undanfarin ár svo sem ný skrifstofuaðstaða, starfsmaður ráðinn í hlutastarf, öflugt samstarf við Norrænu félögin, verkföll, útgáfa Félagsráðgjafablaðsins, útgáfa afmælisrits félagsins og fleira. Í desember 1993 var ákveðið að hætta við að senda út jólakort og dregið úr þátttöku í norrænu samstarfi. Þess má geta að í gegnum árin hafði félagið af og til fengið styrk frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til að greiða ferðakostnað fulltrúa SÍF á norrænt þing. Kom það sér vel að félagið hafði sótt um og fengið úthlutað styrk þetta árið fyrir einn fulltrúa. Segja má að helsta vandamálið varðandi rekstur félagsins undanfarin ár hafi verið innheimta félagsgjalda. Fyrstu áratugina greiddu félagsmenn árgjald sem var kallað eftir einu sinni á ári eða oftar. Síðar var reynt að gera þessa innheimtu rafræna með ýmsu móti svo sem eins og að senda gíróseðil og bjóða upp á VISA raðgreiðslur. Þegar þarna var komið við sögu var ríkið farið að taka stéttarfélagsgjald af launum félagsráðgjafa sem störfuðu hjá þeim. Innheimta hjá öðrum félagsmönnum gekk ekki alltaf vel. En eftir því sem samningsrétturinn og full félagsaðild félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum færðist til SÍF komst innheimta félagsgjalda smátt og smátt í það horf að dregið var af launum allra félagsráðgjafa sem höfðu stéttarfélagsaðild. Töluverð fjölgun hafði átt sér stað síðustu ár og á aðalfundi árið 1995 voru félagsmenn orðnir 170.

Kjaramál

Óhætt er að segja að kjaramálin hafi verið fyrirferðamikil þennan áratug með síendurteknum vinnudeilum, verkföllum, uppsögnum, úrskurði kjaradóms og fleira. Hér verður stiklað á

nokkrum viðburðum.

7. október 1985 mótmæltu starfsmenn Reykjavíkurborgar vinnuálagi í félagsþjónustunni. Samþykktu starfsmenn og þar á meðal félagsráðgjafar hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur að senda til félagsmálaráðs kröfu um að ráðinn yrði einn starfsmaður til viðbótar á hverja hverfaskrifstofu fyrir októberlok ella myndu starfsmenn loka á öll ný mál þann 1. nóvember það ár.

Sumarið 1986 úrskurðaði kjaradómur tveggja launaflokka hækkun til félagsráðgjafa í BHMR. Þá höfðu heildartekjur félagsráðgjafa verið lægstar borið saman við aðrar stéttir innan BHMR og því hljóðaði krafa félagsins upp á 60-70% hækkun. Harðar vinnudeilur tóku við sem stóðu yfir í tvö ár eftir að úrskurðurinn féll. Miklar breytingar urðu hjá félaginu hvað varðar aukna ábyrgð þess í kjaraviðræðum með tilkomu samningsréttarlaganna árið 1987 og 1986 voru sett ákvæði um trúnaðarmenn í Lög um kjarasamninga. Því var unnið að því að kjósa trúnaðarmenn á stærri vinnustöðum og haldið var námskeið fyrir trúnaðarmenn á vegum BHM og BHMR. Það sama ár 1986 var viðræðum BHMR og ríkisins slitið en BHMR fór með samningsumboð fyrir félögin. Umboðið fór þá aftur til félaganna og tók kjaranefnd SÍF við því. Í nefndinni voru Bjarney Kristjánsdóttir, Sigurrós Sigurðardóttir, Erna Guðmundsdóttir og Hrefna Ólafsdóttir vegna samninga við ríkið. Ári síðar, með tilkomu samningsréttarlaganna gátu starfsmenn sem voru í fagfélögum fengið réttindi til samningsgerðar. Félagsráðgjafar sem unnu hjá Reykjavíkurborg og verið höfðu í SFR gátu nú fært sig yfir í SÍF með fulla stéttarfélagsaðild þar. Bættust þá í kjaranefndina fyrir félagsmenn hjá Reykjavíkurborg og nokkrar sjálfseignastofnanir þær Áslaug Ólafsdóttir, Unnur Ingólfsdóttir, Þórunn Óskarsdóttir og Dóra Júlíussen. SÍF var enn ekki með samningsrétt fyrir félagsráðgjafa sem unnu hjá öðrum sveitarfélögum en vilji var til

þess að SÍF fengi umboðið í næstu samningalotu.
Í framhaldi af úrskurði kjaradóms árið 1986 sögðu 16 félagsráðgjafar starfandi á ríkisspítölum starfi sínu lausu frá október það ár. Ríkið framlengdi þá uppsögn. Sérkjarasamningi var sagt upp og lagðar fram kröfur um tveggja launaflokka hækkun til viðbótar auk 20% fastrar yfirvinnu. Ekkert gekk í samningamálum og vorið 1989 fóru félagsráðgjafar í verkfall og tók verkfallið til 32 félagsráðgjafa sem voru í störfum hjá ríkinu. Félagsráðgjafar sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg undirbjuggu atkvæðagreiðslu um verkfall sem hófst um vorið. SÍF sá nú um samninga fyrir alla sína félagsmenn. Mikil vinna var á hendi félagsins í þessari tveggja ára vinnudeilu. Það var síðan 18. maí 1989 að kjarasamningur SÍF við fjármálaráðherra var undirritaður og lauk þar með þessari hörðu vinnudeilu í bili.

Í samningnum við ríkið var lagður grunnur að Vísindasjóði SÍF. Honum var valin sjóðsstjórn á vegum félagsins og gengið var frá starfsreglum. Í fyrstu stjórn Vísindasjóðs voru kosnar Vigdís Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigrún Karlsdóttir, Karin Hróbjartsdóttir og Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir. Árið 1991 tók sjóðurinn til félagsráðgjafa sem störfuðu hjá ríki, Reykjavíkurborg, Landakotsspítala, Styrktarfélagi vangefinna, Mosfellsbæ og Reykjalundi. Var sjóðnum ætlað að greiða útlagðan kostnað við framhalds- og/eða endurmenntun félagsmanna. Úthlutað var árlega úr sjóðnum og þurfti að sækja um í hann. Árið 1994 var reglum sjóðsins breytt þannig að Vísindasjóði SÍF var skipt upp í A og B sjóð þar sem greitt var beint út til félagsmanna öll innkoma í A sjóð en B sjóður sem fékk 10% tekna var ætlaður fyrir styrki til rannsóknar- og þróunarstarfa.

Árið 1990 hófust kjaradeilur enn á ný og voru þá sett bráðabirgðalög á starfsmenn ríkisstofnana. Mikillar óánægju gætti með lögin og efndi SÍF meðal annars til vinnudags um

kjaramál 22. október 1991 í Gerðubergi þar sem 40 félagsmenn mættu. Á vinnudeginum voru kjaramálin rædd sem og önnur kjarasamningsbundin réttindi félagsráðgjafa svo sem náms- og rannsóknarleyfi, veikindaleyfi vegna aðstandenda, fæðingarorlof, handleiðsla og fleira. Gerð var grein fyrir stöðunni í samningamálum og nýjar aðferðir við starfsmat, sem verið var að framkvæmda hjá mörgum sveitarfélögum, kynntar.

Árið 1991 upphófust talsverðar væringar meðal félaga innan BHM og í nóvember það ár kom fram tillaga frá FÍN að aðildarfélög BHM tækju afstöðu til áframhaldandi aðildar að BHM. SÍF lýsti því yfir að afstaða félagsins væri áframhaldandi aðild að BHM. Tvö félög sögðu sig úr BHM eftir þetta HÍK og FÍN og í október 1992 gengu fjögur félög til viðbótar úr BHM. Hrapaði félagafjöldinn þar með úr 8032 í 3577 á nokkrum mánuðum. Miklar umræður spunnust um framtíð bandalagsins og þrátt fyrir að enn væri 21 félag eftir í BHM lagði framkvæmdastjórn bandalagsins það til á fundi í nóvember 1992 að BHM yrði lagt niður í núverandi mynd. Því var hafnað og ný nefnd skipuð sem fékk það hlutverk að finna bandalaginu nýjan grundvöll til framtíðar. Björgunaraðgerðir skiluðu ekki árangri og var BHM formlega lagt niður á framhaldsþingi BHM 22. maí 1993. Árið 1995 var BHMR, sem hafði verið stofnað sérstaklega til að halda utan um launamál innan bandalagsins, einnig lagt niður en endurstofnað undir nafni BHM á aðalfundi BHMR 24.-25. maí 1994 (Friðrik G. Olgeirsson, 2008).

Í apríl 1994 var yfirvofandi verkfall félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg þar sem ekki hafði tekist að ná samningum. Til þess kom þó ekki og var gengið frá samningi í maí það ár.

Önnur verkefni SÍF

Dæmi um önnur verkefni sem SÍF kom að og eru í fundargerðum árin 1985-1994:

- Símaskrá SÍF var gefin út reglulega.
- 1985 Félagið tók þátt í sýningu um atvinnuþátttöku kvenna.
- 1986 Fréttatilkynning var send til fjölmiðla varðandi fátækt á Íslandi.
- 1987 Anna S. Jónsdóttir var tilnefnd í öldunaráð BHM og að auki voru fulltrúar SÍF tilnefndir í atvinnumálanefnd, jafnréttisnefnd, skattamálanefnd og orlofsnefnd BHM.
- 1988 Trúnaðarmenn voru kjörnir fyrir félagsráðgjafa sem störfuðu hjá ríkinu. Var félagsráðgjöfum hjá ríkinu skipt niður á fjóra málaflokka og var kosinn einn trúnaðarmaður fyrir hvert svið.
- 1988 Samþykkt í kosningu meðal félagsmanna að SÍF færi með samningsumboð fyrir alla starfandi félagsráðgjafa, bæði hjá ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögum. Fjórtán manna samninganefnd var skipuð.
- 1988 Merki félagsins var hannað og útbúið bréfsefni og umslög með því og merkt SÍF.
- 1988 Félagið fékk kennitöluna 430775-0229.
- 1989 Félagið fékk nýtt og betra herbergi á leigu í húsnæði BHM sem það leigði ásamt Félagi lögfræðinga og Félagi viðskiptafræðinga.
- 1989 Árshátíð SÍF var haldin og árlega eftir það fram til ársins 2012.
- 1990 Ný lög um félagsráðgjöf voru samþykkt.
- 1990 Í september var Áslaug Ólafsdóttir félagsráðgjafi ráðinn starfsmaður félagsins í 10% starf og var hún á skrifstofunni alla fimmtudaga frá kl. 14-16.
- 1990 Vísindasjóður SÍF var stofnaður.

- 1990 Félagið fékk inngöngu í Samtök heilbrigðisstétta.
- 1991 Stofnendur SÍF, þær Guðrún Jónsdóttir, Kristín Gústavsdóttir, Margrét Margeirsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir, voru gerðir að heiðursfélögum. Ein þeirra, Margrét Steingrímsdóttir, var þá látin.
- 1991 Aðalfundur SÍF samþykkti lög um landshlutadeildir.
- 1992 Norðandeild var stofnuð innan SÍF eftir nokkurn aðdraganda og undirbúning. Deildin var með sjálfstæðan fjárhag.
- 1993 Stjórn SÍF mótmælti efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.
- 1994 Um haustið lét starfsmaður félagsins, Áslaug Ólafsdóttir félagsráðgjafi, af störfum eftir fimm ára starf. Í stað hennar var Dögg Káradóttir félagsráðgjafi ráðinn nýr starfsmaður.

Meðal frumvarpa og þingmála frá Alþingi sem óskað var eftir að félagið veitti umsögn um árin 1985 – 1994 voru:

- Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist.
- Frumvarp til laga um fjölskylduráðgjöf.
- Frumvarp um sérkennslu.
- Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar.
- Endurskoðun laga um félagsráðgjöf.
- Þingsályktunartillaga um íslenska heilbrigðisáætlun.
- Frumvarp um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.
- Endurskoðun reglugerðar um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu grunnskóla.
- Frumvarp til laga um áfengislöggjöf.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

- Frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna.
- Frumvarp til laga um opinbera réttaraðstoð.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um námslán og námsstyrki.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.
- Frumvarp til Stjórnsýslulaga.
- Frumvarp um upplýsingaskyldu stjórnvalda.
- Umsögn um starfslýsingu fyrir námsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum.
- Frumvarp til laga um embætti umboðsmanns barna.
- Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum.
- Endurskoðun Barnalaga.
- Þingsályktunartillaga um vímuefnavarnir.
- Þingsályktunartillaga um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.
- Frumvarp til laga um samfélagsþjónustu.
- Endurskoðun Lögræðislaga.
- Frumvarp til laga um málefni aldraða.

ÁRIN 1995 – 2006

Formenn SÍF á þessum árum voru:

Unnur Ingólfsdóttir 1994-1996
Dögg Káradóttir 1996-1998
Björk Vilhelmsdóttir 1998-2000
Ella Kristín Karlsdóttir 2000-2006

Mikið var um að vera í starfsemi félagsins á 30 ára afmælisárinu 1994 og var þessu kröftuga starfi nú framhaldið árið 1995 og árin þar á eftir. Stjórn SÍF fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði undir stjórn formannsins, Unnar Ingólfsdóttur. Auk fastanefndanna sem voru kjaranefnd, ritnefnd, fræðslunefnd, alþjóðanefnd og vísindanefnd voru nú fjórar aðrar nefndir starfandi. Það voru stöðugildanefnd, sérfræðimatsnefnd, siðanefnd og nýjasta nefndin atvinnuleysisnefnd sem skipað var í til tveggja ára í senn. Sérfræðimatsnefndinni var ætlað það hlutverk að meta umsóknir um sérfræðileyfi. Í hana voru skipaðar Sigrún Júlíusdóttir, formaður, Anni Haugen, Ingibjörg Broddadóttir, Ólöf Thorarensen, Sigurrós Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Er óhætt að segja að mikið verk var framundan hjá þessari nefnd sérstaklega eftir tilkomu reglugerðar um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf 6. júlí 1999. Fræðslunefndin stóð fyrir reglulegum fræðslufundum nú sem endranær. Í mars 1995 var til dæmis fræðslufundur þar sem Anna S. Jónsdóttir sagði frá Alþjóðaráðstefnu félagsráðgjafa sem haldin var í Jerúsalem í byrjun árs en góð þátttaka var á ráðstefnunni meðal

íslenskra félagsráðgjafa. Í apríl sama ár stóð fræðslunefndin fyrir námskeiðinu *Kreppur, sorg og áföll* í samstarfi við Endurmenntun HÍ.

Í fundargerð aðalfundar í mars 1995 kom fram að árgjald í fagfélag SÍF var kr. 8.800.- og félagsráðgjafar sem greiddu stéttarfélagsgjald greiddu 2,05% af launum sínum. Félagsmenn voru nú orðnir um 170 talsins og þar af mættu 25 á aðalfundinn.

Þetta ár var ráðinn sérstakur starfsmaður til að annast bókhald SÍF auk þess sem viðskiptabanki félagsins var fenginn til að annast innheimtu félagsgjalda hjá þeim sem ekki var tekið félagsgjald af launum ásamt því að annast fjárreiður vísindasjóðs. Má því segja að smátt og smátt hafi umfang í starfsemi félagsins orðið það mikið að stjórn SÍF annaði ekki lengur öllum þeim verkefnum sem á henni hvíldi. Þá var fjármálaumsýslan einfölduð þannig að reikningar nefnda voru framvegis færðir með reikningum stjórnar SÍF í stað þess að halda fimm aðskilda bókhaldsreikninga.

Í byrjun júlí 1995 efndi stjórn SÍF til Esjugöngu og má það teljast ágæt þátttaka að 20 félagsráðgjafar komust upp á toppinn. Með þessari Esjugöngu hófst árleg ganga félagsráðgjafa sem árið 1998 varð að svokallaðri Jónsmessugöngu. Henni var framhaldið til ársins 2012. Næstu tvö ár var aftur gengið á Esjuna en árið þar á eftir var gengið í Búrfellsgjá á Jónsmessu. Voru gönguleiðirnar misjafnar frá ári til árs eftir það.

Haustið 1995 hætti Dögg Káradóttir störfum fyrir félagið en nýr starfsmaður Guðfinna A. Guðmundsdóttir tók við. Að þessu sinni var ekki ráðinn félagsráðgjafi til starfsins. Guðfinna staldraði þó ekki lengi við því í byrjun árs 1996 lét hún af störfum vegna væntanlegs barnsburðar og tók Dögg Káradóttir þá aftur við starfi sem starfsmaður skrifstofu.

Á haustmánuðum árið 1995 efndi stjórn SÍF til hádegisverðarfunda sem voru vel sóttir. Tæplega 50 félagsmenn mættu

á Lækjarbrekku í september og hlýddu á prófessor Margareta Back Wiklund fjalla um þróun félagsráðgjafar sem náms- og fræðigreinar. Í nóvember hélt Þórhildur Líndal, nýskipaður umboðsmaður barna, erindi um starf sitt. Í framhaldi af þessum velheppnuðu hádegisverðarfundum ákvað ný fræðslunefnd sem tók við á aðalfundi árið 1996 að færa fræðslufundina yfir á föstudagshádegi í stað þess að bjóða upp á kvöldfundi. Í nýrri fræðslunefnd var Steinunn Hrafnsdóttir formaður, Ingibjörg Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Guðrún Marinósdóttir ritari.

Árið 1996 tók Dögg Káradóttir við sem formaður SÍF. Þá var komið að SÍF að gegna formennsku í NSSK. Í fyrstu ætlaði SÍF að hafna því en það vakti óánægju hinna landanna. Var því úr að SÍF tók að sér formennskuna og fékk styrk frá NSSK til að standa straum af kostnaði. Alþjóðanefndin bar hitann og þungann af vinnu vegna formennskunnar og sökum vinnuálags óskaði hún eftir meiri aðkomu stjórnar félagsins að þessu verkefni.

Á aðalfundinum í mars árið 1997 og reyndar einnig árið áður fóru fram umræður um stöðu félagsins, meinta óánægju félagsmanna og hvernig hægt væri að ná betur til þeirra. Því varð það að áherslumáli stjórnar SÍF að finna leiðir til að ná betur til félagsmanna og styrkja stéttina sem fagstétt. Ekki lágu fyrir upplýsingar um hvað það var sem félagsmenn voru óánægðir með, þeir sem voru óánægðir. Sumum fannst þó fagfélagsgjaldið of hátt og of lítið sem fengist fyrir það á móti.

Í maí árið 1998 tók nýr starfsmaður við á skrifstofu SÍF af Dögg Káradóttur sem einnig lét af formennsku SÍF fyrr á árinu. Ásta Kristín Benediktsdóttir félagsráðgjafi var þá ráðin framkvæmdastjóri SÍF í 30% starf. Eftir ráðningu Ástu Kristínar var skrifstofan opin tvisvar í viku á mánudögum og föstudögum. Sama ár tók nýr formaður, Björk Vilhelmsdóttir, við embætti hjá SÍF til tveggja ára.

Siðanefnd, sérfræðimatsnefnd og fleira

Siðanefnd SÍF hafði í nógu að snúast á þessum árum. Siðareglur félagsins voru í smíðum og síðla árs 1998 voru reglurnar tilbúnar. Það var þann 13. nóvember 1998 að Siðaþing var haldið þar sem nýútkomnum siðareglum var fagnað með ráðstefnu á Hótel Loftleiðum. Þingið var sett af formanni SÍF, Björk Vilhelmsdóttur, og síðan tók Nanna K. Sigurðardóttir, formaður siðanefndar, við með erindið *Siðfræði og félagsráðgjöf.* Deginum lauk svo með árshátíð félagsins sem haldin var í Víkingasal Hótels Loftleiða. Í framhaldi af útgáfu siðareglnanna hófst öflugt kynningarstarf á þeim á vegum siðanefndar auk þess sem nefndin vann að því að þýða reglurnar yfir á ensku. Hægt var að vísa málum sem vörðuðu siðferðileg álitamál eða grun um brot á siðareglum félagsráðgjafa til siðanefndar. Til þess að taka eins vel á málum og kostur var setti siðanefndin sér verklagsreglur um málsmeðferð. Auk vinnu við gerð siðareglnanna og kynningu á þeim stóð siðanefnd árlega fyrir siðaþingi fyrir félagsmenn þar sem flutt voru erindi og boðið var upp á umræður.

Á aðalfundi SÍF í mars 1999 voru félagsmenn orðnir 210 og hafði fjölgað nokkuð eftir að SÍF skrifaði undir kjarasamning við Launanefnd sveitarfélaga. Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar á aðalfundinum þar á meðal að fjölga í stjórn SÍF úr fimm í sjö. Þá komu inn nýjar greinar þar sem kveðið var á um að nefndirnar tvær, siðanefnd og sérfræðimatsnefnd, yrðu fastanefndir hjá félaginu. Þar með voru fastanefndirnar orðnar átta en auk þessara tveggja nefnda voru starfandi hjá félaginu fræðslunefnd, kjaranefnd, ritnefnd Félagsráðgjafablaðsins, ritnefnd NSA, stöðugildanefnd og alþjóðanefnd. Fagfélagsgjaldið var lækkað um helming á aðalfundinum, úr 12.000 kr í 6.000 kr og stjórn félagsins falið að gera átak í að fá inn fleiri félagsráðgjafa í fagfélagið. Stéttarfélagsgjaldið var einnig lækkað úr 2,05% í 1,85%

af dagvinnulaunum. Þá var ákveðið að láta Fjölmiðlavaktina vakta öll blöð og taka út efni þar sem fram kom eitthvað sem tengist félagsráðgjöf eða félagsráðgjöfum. Átti Fjölmiðlavaktin að liggja frammi á skrifstofunni til lestrar.

6. júlí 1999 leit ný reglugerð um sérfræðiréttindi í félagsráðgjöf ljós. Forkröfur að sérfræðiréttindum voru, auk starfsréttinda í félagsráðgjöf, meistarapróf og starfsreynsla í fimm ár, þar af með handleiðslu í þrjú ár. Undanþága varðandi veitingu sérfræðiréttinda var veitt til 6. júlí árið 2000 til þeirra sem höfðu 25 ára starfsaldur. Við samþykkt reglugerðarinnar hófst vinna sérfræðinefndar, sem sett var á laggirnar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, við að vinna úr umsóknum um sérfræðiréttindi. Í þeirri nefnd sátu Steinunn Hrafnsdóttir, formaður, Sigrún Júlíusdóttir og Ingibjörg Broddadóttir. Í febrúar árið 2001 fengu fyrstu félagsráðgjafarnir svo viðurkenningu sem sérfræðingar en alls hafði nefndinni þá borist 19 umsóknir. Þessir fyrstu sérfræðingar voru Anni G. Haugen, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu, Guðrún Kristinsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu, Svava Stefánsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði heilbrigðisþjónustu og Þór G. Þórarinsson, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu með stjórnun sem undirgrein.

Árið 1999 komu siðareglur félagsráðgjafa formlega út á prenti en drögum að reglunum hafði áður verið dreift í nóvember 1997. Siðareglurnar voru bæði gefnar út í litlum A6 bæklingi og á plakati. Var vandað vel til verka bæði í hönnun og prentun á reglunum.

Í september 1999 tók nýr framkvæmdastjóri félagsins, Eldey Huld Jónsdóttir, við af Ástu Kristínu Benediktsdóttur. Starfið var enn 30% starfshlutfall en aukið í 40% hálfu ári síðar og 50% nokkrum mánuðum eftir það. Skrifstofan var nú opin hluta úr degi, þrjá daga vikunnar. Eitt af fyrstu verkum nýs framkvæmdastjóra var að uppfæra netfangaskrá félagsins og efla upplýsingagjöf frá

félaginu í gegnum netpóst. Þá hélt framkvæmdastjórinn utan um útgáfu Málpípunnar og tók að sér að skrifa reglulega í Málpípuna meðal annars um kjaramál, hlutverk trúnaðarmanna og annað sem félagið vildi koma á framfæri við félagsmenn og varðaði starfsemi félagsins. Heimasíða SÍF www.soc-work.is var formlega opnuð í október 1999. Síðuna hannaði Hreinn Hreinsson í samstarfi við stjórn SÍF. Var það síðan á hendi framkvæmdastjóra að uppfæra síðuna. Í lok árs 1999 var nýr bókari ráðinn hjá SÍF í 15% starf. Tveimur árum síðar lét Eldey Huld af störfum og var þá Racel Eiríksson ráðin framkvæmdastjóri SÍF, einnig í 50% starf.

Í byrjun árs 2000 var á félagsfundi SÍF samþykkt að að kaupa 5,59% hlut í húseignarsamvinnufélaginu Ásbrú sem var í eigu BHM og nokkurra aðildarfélaga þess. Með þessum kaupum eignaðist félagið eigin skrifstofu á þriðju hæð að Lágmúla 7 þar sem BHM og nokkur félög höfðu aðstöðu. Var kaupsamningur þessi lagður fram til atkvæðagreiðslu í lok félagsfundar SÍF í byrjun árs 2000. Nýja skrifstofan var svo formlega opnuð á aðalfundinum 22. mars sama ár. Enn átti sér stað talsverð fjölgun í félaginu þessi árin því félagsráðgjafar sem störfuðu hjá sveitarfélögum víða um land sögðu sig úr viðkomandi starfsmannafélögum og gengu í raðir SÍF. Má þar nefna félagsráðgjafa hjá Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ og Akureyri auk félagsráðgjafa hjá nokkrum smærri sveitarfélögum.

Haustið 2000 náðist góður áfangi í kennslu félagsráðgjafar við Háskóla Íslands því frá og með haustinu var félagsráðgjöf kennd sem aðalgrein til 120 eininga við skólann. Þessi breyting markaði merk tímamót í félagsráðgjöf á Íslandi. Þá var Sigrún Júlíusdóttir jafnframt ráðinn fyrsti prófessorinn í félagsráðgjöf og boðið í fyrsta sinn upp á meistaranám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Fræðslumál

Fræðslunefndin stóð nú sem áður fyrir reglulegum fræðslufundum og má nefna að 30. apríl 1999 hélt hún, ásamt stjórn SÍF, Barnaverndarþing sem þótti einstaklega vel heppnað. Þátttakendur voru um 150 og aðstoðuðu nemar í félagsráðgjöf á ráðstefnudeginum. Gefinn var út kynningarbæklingur fyrir þingið. Fræðslunefndina skipuðu Steinunn Hrafnsdóttir, formaður, Sverrir Óskarsson og Þorbjörg Róbertsdóttir.

Í byrjun árs 2000 hélt SÍF ásamt Mentor, félagi félagsráðgjafanema, fund um málefni Barnahúss í Norræna húsinu. Framsöguerindi fluttu þau Björk Vilhelmsdóttir, Bragi Guðbrandsson, Ragna Guðbrandsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon en hann var formaður dómstólaráðs. Þá var félagsfundur haldinn 17. maí sama ár í sal BHM Lágmúla 7, undir yfirskriftinni *Siðfræði og starfsímynd. Hvernig nýtist siðfræðin til þess að efla gæði og fagleg vinnubrögð í félagsráðgjöf?* Nýr formaður SÍF, Ella Kristín Karlsdóttir, setti fundinn en við tók siðanefndin, undir forystu Nönnu K. Sigurðardóttur, sem hafði framsögu og stýrði umræðum ásamt Hönnu Unnsteinsdóttur.

Vorið 2001 hélt fræðslunefndin, sem nú skipuðu þær Edda Ólafsdóttir, Jóhanna Harðardóttir og María Játvarðardóttir, ráðstefnu sem bar heitið *Börn, áföll og missir.* Fyrir hádegi hélt félagsráðgjafinn Phyllis Silverman erindi en hún hafði sérhæft sig í sorg barna. Eftir hádegi voru málstofur haldnar um þema ráðstefnunnar. Á ráðstefnuna mættu 215 manns. Þetta sama ár var félagsráðgjafadagurinn haldinn hátíðlegur með morgunverðarfundi í Sunnusal Hótels Sögu. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var *Félagsráðgjöf og börn: Þátttaka, vernd og þjónusta.* Um 100 manns mætti á þennan fund sem var stýrt af Sigrúnu Júlíusdóttur. Erindi héldu Haukur Sigurðsson fulltrúi Íslands á auka allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og

félagsráðgjafarnir Karólína Stefánsdóttir, Ragna Guðbrandsdóttir, Unnur Ingólfsdóttir og Páll Ólafsson. Fundinum sleit síðan Þórhildur Líndal umboðsmaður barna. Á haustmisserinu fékk fræðslunefndin tvo erlenda gesti. Kelley Johnson frá Ástralíu sagði frá rannsóknum sínum um kynlíf og fötlun og í desember 2001 var fræðslufundur í samstarfi við Alþjóðahúsið þar sem Ben Geboe félagsráðgjafi frá USA sagði frá starfi sínu við áfallahjálp í New York eftir hryðjuverkin 11. september.

Óhætt er að segja að árið 2002 hafi einnig verið annasamt í fræðslumálum stéttarinnar. Í tilefni af 20 ára afmæli félagsráðgjafar við HÍ voru haldin þrjú málþing um félagsráðgjöf og störf félagsráðgjafa. Þessi þing voru undirbúin af félagsráðgjöfum frá HÍ, SÍF, Félagsþjónustunni í Reykjavík og frá heilbrigðisþjónustunni ásamt fleirum. Fyrsta málþingið, *Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu,* var haldið 17. maí. Þann 13. september var síðan morgunþing í Gerðubergi, *Félagsráðgjöf og félagsþjónusta sveitarfélaganna.* Söguþing var síðan haldið 11. október og loks var alþjóðlegi félagsráðgjafadagurinn haldinn hátíðlegur 15. nóvember með morgunverðarfundi á Hótel Loftleiðum. Þema þess fundar var endurhæfing og erindi fluttu félagsráðgjafarnir Harpa Ásdís Sigfúsdóttir, Erla Björg Sigurðardóttir, Erla Jónsdóttir, Hanna Unnsteinsdóttir og Edda Ólafsdóttir auk þess sem varaformaður SÍF, Magnús Pálsson, setti fundinn og Guðlaug Magnúsdóttir var fundarstjóri. Um kvöldið var svo hátíðarkvöldverður í Naustinu.

Í byrjun árs 2003 hélt fræðslunefndin, sem nú var skipuð þeim Eddu Ólafsdóttur, Guðrúnu Reykdal og Björgu Kjartansdóttur, röð morgunverðarfunda undir yfirskriftinni *Bakhlið borgarinnar.* Á fyrsta fundinum í byrjun janúar var sjónum beint að vændi og þá einkum viðskiptavinum vændiskvenna. Fundarstjóri þessa fundar, sem var afar fjölmennur með um 120 þátttakendur, var Guðrún Ögmundsdóttir. Erindi fluttu Gísli Hrafn Atlason,

mannfræðingur, Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur, Ingólfur Gíslason, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu og Guðmundur Gígja, lögreglufulltrúi. Á fundinum í lok febrúar, sem einnig var stýrt af Guðrúnu, var yfirskrift fundarins *Áhrif klámvæðingar á fjölskylduna.* Erindi þar fluttu félagsráðgjafarnir Karólína Stefánsdóttir, Valgerður H. Bjarnadóttir, og Kristján Jósteinsson, auk þess sem prestarnir Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson voru með erindið *Vilt þú með Guðshjálp reynast maka þínum trúr?* Á þriðja fundinum var tekið fyrir ofbeldi á heimilum og fjórði og síðasti fundurinn í þessari fundarröð, sem fram fór á Grand hóteli, var fróunarsamfélagið, eins og fræðslunefndin kallaði það í fundargerð, tekið til umfjöllunar. Haustið 2003 ákvað fræðslunefndin að halda fundaröðinni *Bakhlið borgarinnar* áfram og voru þá tveir fundir haldnir til viðbótar. Í nóvember 2003 var fundur um stöðu einstæðra karla undir yfirskriftinni *Bakhlið karlmennskunnar* og í apríl 2004 var fundur um endurhæfingu og úrræði fyrir atvinnulausa og öryrkja.

Á alþjóðadegi félagsráðgjafa í nóvember 2005 var fræðslufundur á Grand hóteli þar sem gestafyrirlesari, Ingri-Hanne hélt erindi og Páll Ólafsson var með innlegg.

Móttaka félagsráðgjafanema

Vorið 2001 stóð SÍF, í samstarfi við HÍ, fyrir móttöku fyrir félagsráðgjafanema sem voru að útskrifast frá HÍ. Í móttökunni voru nemarnir boðnir velkomnir í stétt félagsráðgjafa og beðnir um að skrifa undir eiðstaf félagsráðgjafa. Eiðstafurinn hljóðaði svo:

> Ég rita nafn mitt í heitbók Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og heiti því að leitast ætíð að fremsta megni:
> - að virða grunnhugsun og tilgang siðareglna félagsráðgjafa og

halda sérhvert atriðið þeirra.
- að láta þekkingu mína og færni njóta sín til fulls í þágu skjólstæðinga, starfsfélaga, fagsins og samfélagsins.
- að haga framkomu minni og tjáningu í samræmi við þá ábyrgð sem starfsheitið félagsráðgjafi leggur mér á herðar.
- að auka kunnáttu mína og stuðla að þróun félagsráðgjafar á vettvangi jafnt sem í fræðasamfélaginu.

Að auki fengu hinir nýútskrifuðu félagsráðgjafanemar afhentar siðareglur félagsins. Hefur þessi móttaka æ síðan verið árlegur viðburður í starfi félagsins og er enn. Á síðari árum hefur móttakan einnig verið í samstarfi við Hollvinasamtök félagsráðgjafardeildar HÍ auk áframhaldandi samstarfs við HÍ.

40 ára afmælisár

Árið 2004 var 40 ára afmæli SÍF. Í tilefni afmælisins var haldinn morgunverðarfundur á Grand hóteli á afmælisdeginum 19. febrúar þar sem yfir 100 félagsráðgjafar mættu. Í afmælisnefnd voru skipaðar þær Björk Vilhelmsdóttir, Dögg Káradóttir og Unnur V. Ingólfsdóttir. Þá var haldin tveggja daga ráðstefna á Hótel Rangá dagana 22.-23. september. Þema þeirrar ráðstefnu var *Ímynd félagsráðgjafa og framsækni.* Fyrirlesarar voru Sigrún Júlíusdóttir, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson og Guðrún Jónsdóttir. Þá var unnið í smiðjum um hugmyndir þátttakenda um ímynd og framtíðarsýn, starfsumhverfi félagsráðgjafa og samfélagsvinnu félagsráðgjafa. Í tilefni af 40 ára afmæli SÍF var einnig ákveðið að félagið gæfi út Félagsráðgjafatal. Þrír félagsráðgjafar tóku að sér að sjá um verkið en það voru þær Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir. Stóð þessi vinna yfir í nokkur ár eða þar til Félagsráðgjafatalið kom út árið 2008. Frekari umfjöllun um

það er að finna í kaflanum Útgáfur á vegum SÍF/FÍ.

Í byrjun árs 2004 lét stjórn SÍF Gallup gera viðhorfskönnun á ímynd félagsráðgjafa. Spurt var hversu jákvæður viðkomandi var gagnvart starfi félagsráðgjafa. Úrtakið var 1350 manns og var svarhlutfall 62%. Niðurstöður voru þær að 88,1% voru jákvæðir gagnvart starfi félagsráðgjafa, hvorki né voru 7,8% og 4,2% voru neikvæðir. Af þeim sem voru jákvæðir voru 47,1% mjög jákvæðir og 41,0% frekar jákvæðir. Í niðurstöðum kom einnig fram að á skalanum 1 til 5 þá fengu félagsráðgjafar 4,3 en meðaleinkunn í ímyndarmælingum Gallup fram að þessu var 3,7 og þar af var lægsta gildi 2,6 og hæsta gildi 4,5. Verða þetta að teljast mjög góðar niðurstöður fyrir félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafadagurinn var haldinn hátíðlegur í nóvember 2005 með morgunverðarfundi á Grand hóteli. Þemað var *Hlutverk félagsráðgjafa í Evrópu.* Fundurinn var einn sá fjölmennasti sem félagið hafði haldið. Ingri-Hanne Brænne félagsráðgjafi frá Noregi flutti fyrirlestur um þema dagsins og Páll Ólafsson sagði frá stöðu félagsráðgjafa hér á landi. Þá var jólafundurinn haldinn hátíðlegur á Grand hóteli með jólahlaðborði þar sem Anna Karin Júlíussen las úr nýútkominni ljóðabók sinni.

Kjaramál

Kjaraviðræður voru í gangi í lok árs 1996 og út árið 1997. Kjaranefndin efndi af því tilefni til vinnustaðafunda auk þess að sitja fundi hjá ríkissáttasemjara. Erfiðlega gekk að semja og var ekki enn búið að ganga frá öllum samningum í byrjun árs 1998. Eins og ávallt í kjaraviðræðum fór mikill tími bæði kjaranefndar og stjórnar SÍF í kjaramálin og að þessu sinni var um að ræða tveggja ára ferli þar sem meðal annars samningurinn milli SÍF og Launanefndar sveitarfélaga var felldur af félagsmönnum SÍF. Í júlí 1997 var undirritaður samningur milli SÍF og fjármálaráðherra,

Reykjavíkurborgar og Reykjalundar þar sem samþykkt var að fara inn í nýtt launakerfi sem fól í sér að hluti launaákvarðana færðist nú úr miðstýrðum kjarasamningi til stofnanabundins kjarasamnings. Í framhaldinu hófst mikil vinna við gerð stofnanasamninga.

Vorið 1998 voru kjaraviðræður enn í gangi milli SÍF og Launanefndar sveitarfélaga. Þann 8. september var undirritaður kjarasamningur milli deiluaðila en hann var síðan felldur af félagsmönnum SÍF. Á sama tíma var samningafundum við ríkisspítalana haldið úti hjá ríkissáttasemjara. Úrskurður undirritaður af fulltrúum ríkisspítalanna var lagður fram til kynningar hjá félagsmönnum SÍF í ágúst og síðan samþykktur af SÍF. Í lok nóvember var búið að raða niður eftir úrskurðinum og skrifa undir samning um fasta yfirvinnu. Í október var undirritaður kjarasamningur milli Launanefndar sveitarfélaga og SÍF fyrir hönd starfsmanna Akureyrarbæjar sem var orðið reynslusveitarfélag. Kjarasamningsnefnd bæjarins hafnaði síðan þessum samningi á þeim forsendum að viðkomandi starfsmenn væru með gildan kjarasamning þar sem þeir höfðu fram að þessu verið í starfsmannafélagi bæjarins.

Haustið 2000 voru kjaraviðræður enn á ný komnar á fullt skrið hjá félaginu. Kolbrún Ögmundsdóttir var formaður kjaranefndar og var henni, Ellu Kristínu Karlsdóttur og Eldeyju Huld Jónsdóttur veitt umboð af hálfu stjórnar til að skrifa undir viðræðuáætlun við viðsemjendur. Síðla árs 2000 runnu út kjarasamningar SÍF við ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin. Ári síðar var búið að skrifa undir samninga við alla viðsemjendur nema Reykjanesbæ. Ráðist var í gerð launa- og viðhorfskönnunar félagsmanna í aðdraganda þessarar samningalotu. Var Gallup fengið til að gera könnunina. Þá var enn fremur lögð vinna í að byggja upp trúnaðarmannakerfi á vegum félagsins. Aðeins einn trúnaðarmaður var starfandi á

þessum tíma og var hann hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík. Voru trúnaðarmenn nú kjörnir fyrir alla stærri vinnustaði félagsráðgjafa.

Veturnir 2004-2006 voru einnig annasamir hjá kjaranefndinni undir forystu formanns hennar Vilborgar Oddsdóttur. Veturinn 2004-2005 var haldið kjarakaffi vikulega í húsnæði BHM því samningurinn við ríkið rann út í nóvember 2004 og samningurinn við Launanefnd sveitarfélaga rann út í lok nóvember 2005. Með kjaranefndinni starfaði framkvæmdastjóri SÍF, Racel Eiriksson, en starfshlutfall framkvæmdastjóra var aukið úr 50% í 70% í mars 2005. Vorið 2006 stóðu enn yfir viðræður bæði við Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga auk þess sem gerð stofnanasamninga hjá stofnunum ríkis og nokkurra sjálfseignastofnana átti að vera lokið 1. maí 2006. Skrifað hafði verið undir samning við Reykjavíkurborg í byrjun árs 2006 en hann var felldur í atkvæðagreiðslu félagsmanna SÍF. Í apríl 2006 var búið að skrifa undir samning við Launanefndina og nýjan samning við Reykjavíkurborg. Þá var einnig skrifað undir stofnanasamning við LSH og þrettán aðrar stofnanir.

Önnur verkefni SÍF

Meðal annarra verkefna sem SÍF kom að og fram koma í fundargerðum og Málpípum 1995-2006 má nefna:

- 1995 Samúðarskeyti var sent sveitarstjóra á Súðavík vegna snjóflóðanna.
- 1995 Rauða krossinum var sendur listi yfir félagsráðgjafa sem vildu aðstoða vegna snjóflóðanna í Súðavík.
- 1995 Símsvari var keyptur á skrifstofuna.
- 1995 Ný tölva var keypt á skrifstofuna fyrir félagið.
- 1995 Samúðarskeyti var sent til Flateyringa vegna snjóflóðanna þar.

- 1995 Rauði krossinn óskaði eftir félagsráðgjöfum við störf á Flateyri.
- 1995 Fimm félagsráðgjafar tóku að sér að úthluta úr söfnunarsjóðnum Samhugur í verki, vegna snjóflóðanna.
- 1996 Félagið fékk sitt eigið herbergi á annarri hæð við Lágmúla sem það leigði af FÍN, félagi náttúrufræðinga. Í framhaldi af því var opnunartími lengdur og skrifstofan opin fjóra daga vikunnar, tvo tíma í senn.
- 1996 SÍF tilnefndi fulltrúa, Hrefnu Ólafsdóttur, í nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis um stefnumótun í geðheilbrigðismálum.
- 1997 SÍF tilnefndi fulltrúa sinn, Björk Vilhelmsdóttur, í stjórn Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir.
- 1997 SÍF styrkti útgáfu bæklinga um félagsleg vandamál um kr. 50.000.-
- 1997 SÍF gerðist stofnfélagi að Samstöðu gegn kynferðisofbeldi.
- 1997 Skrifstofa félagsins var netvædd og fékk netfangið socwork@itn.is
- 1997 12. nóvember hélt SÍF í fyrsta sinn „Átaksdag" félagsráðgjafa en hlutverk hans var að vekja áhuga almennings á störfum félagsráðgjafa. Fræðslunefnd sá um undirbúning en í tilefni dagsins var haldið opið hús í Háskólabíó þar sem haldin voru erindi um félagsráðgjöf að viðstöddum 80 manns.
- 1997 Drög að siðareglum SÍF fylgdu Málpípunni í nóvember.
- 1998 SÍF tilnefndi fulltrúa sinn, Magnús Pálsson, í þverfaglegt teymi sem vann að stefnumótun í endurhæfingu.
- 1998 Félagsráðgjafar hjá Akureyrarbæ fengu stéttarfélagsaðild að SÍF.

- 1998 Starfsdagur stjórnar SÍF var haldinn í Brekkuskógi helgina 4. og 5. september undir stjórn nýs formanns Bjarkar Vilhelmsdóttur. Nýr framkvæmdastjóri, Eldey Huld Jónsdóttir, mætti sinn fyrsta vinnudag í Brekkuskóg.
- 1998 Enn flutti félagið milli herbergja í Lágmúlanum, nú leigði það herbergi af Dýralæknafélagi Íslands.
- 1998 Drög að reglugerð um sérfræðiréttindi félagsráðgjafa sem var unnin af sérfræðinefnd SÍF var tilbúin og færð deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu.
- 1998 SÍF styrkti félagsráðgjafafélagið í Hvíta Rússlandi um kr. 50.000 vegna athvarfs sem þau settu á laggirnar fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Að auki stóð félagið fyrir söfnun fagbóka í félagsráðgjöf á ensku sem var send félaginu í Hvíta Rússlandi. Guðrún Jónsdóttir fór til Hvíta Rússlands með stuðningi utanríkisráðuneytisins til að veita kollegum sínum ráðgjöf varðandi opnun athvarfsins.
- 1998 Björk Vilhelmsdóttir formaður SÍF var kosin formaður BHM.
- 1998 Ný tölva var keypt á skrifstofuna.
- 1999 SÍF samþykkti fyrirhugaðar breytingar á skipulagi BHM.
- 1999 30. apríl var haldið málþing undir heitinu *Áherslur félagsráðgjafa í barnaverndarstarfi.* Þingið var haldið í tilefni af endurskoðun barnaverndarlaga.
- 1999 SÍF tilnefndi fulltrúa í nefnd um endurskoðun barnalaga.
- 1999 Símaskrá SÍF var gefin út á tölvutæku formi.
- 1999 Heimasíðugerðin var á lokastigi, Vilmar Pétursson var valinn nýr netstjóri en Hreinn Hreinsson tók að sér að hanna síðuna. Heimasíðan var opnuð 1. október með veffangið www.soc-work.is.

- 1999 Tilboð barst frá Nordisk Socialt Arbeid (NSA) um hópafslátt ef allir félagsmenn SÍF fengju blaðið.
- 2000 Félagsráðgjafar hjá Kópavogsbæ fengu stéttarfélagsaðild hjá SÍF.
- 2000 Nýtt bréfsefni og umslög voru útbúin og prentuð með merki SÍF.
- 2000 Vinnudeilusjóður SÍF styrkti framhaldsskólakennara sem voru í verkfalli um 80.000.-
- 2001 Samþykkt hópáskrift að NSA tímariti norrænna félagsráðgjafa.
- 2001 Heimasíða SÍF tók við hlutverki Málpípunnar að vera helsta fréttaveita félagsins. Eftir þetta kom Málpípan út fyrst tvisvar á ári en síðan aðeins einu sinni á ári fram til mars 2006 að síðasta prentaða Málpípan kom út. Ári síðar kom síðasta blaðið út eingöngu rafrænt. Jafnhliða fækkun tölublaða af Málpípunni var stefnt að því að styrkja Félagsráðgjafablaðið sem kom út einu sinni á ári.
- 2001 SÍF hélt námskeið í blaðagreinaskrifum.
- 2001 Vinnudeilusjóður SÍF styrkti þroskaþjálfa sem voru í verkfalli um 200.000.-
- 2002 Ís-Forsa, samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf, var stofnað í apríl.
- 2004 SÍF gerðist aðili að bókunar- og innheimtumiðstöð (BIB) BHM,
- 2005 Í maí var haldinn stofnfundur Félags íslenskra skólafélagsráðgjafa með þrettán stofnfélögum. Félagið var deild innan SÍF.
- 2005 Samþykkt að selja húsnæði Ásbrúar, húseigendafélags BHM að Lágmúla 7, og kaupa skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 6.
- 2005 Ný tölva var keypt á skrifstofu félagsins.

- 2006 Í mars flutti SÍF ásamt aðildarfélögum BHM að Borgartúni 6 sem er húsnæði gömlu Rúgbrauðsgerðarinnar. Nýja skrifstofan var rúmgóð og með rými til fundaraðstöðu fyrir minni fundi.

Mikil aukning var í beiðnum um umsagnir í þingmálum frá og með árinu 2000 en það ár veitti félagið umsögn um 14 þingmál. Meðal frumvarpa og annarra þingmála frá Alþingi sem óskað var eftir að félagið veitti umsögn um árin 1995 – 2006 voru:

- Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum.
- Umsögn um frumvarp um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna. Lög sem munu leysa af hólmi Lög um félagsráðgjöf og önnur lög annarra heilbrigðisstétta.
- Tillaga til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga.
- Umsögn félagsmálanefndar Alþingis um opinbera fjölskyldustefnu.
- Frumvarp um sóttvarnarlög.
- Frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.
- Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar.
- Frumvarp til laga um bann við kynferðislegri áreitni.
- Tillaga til þingsályktunar um réttarstöðu barna og umgengni við báða foreldra.
- Breytingar á almennum hegningarlögum.
- Endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna.
- Tillaga til þingsályktunar að draga úr þunglyndi kvenna.
- Gagnagrunnsfrumvarpið.
- Frumvarp til laga um almannatryggingar, varðandi tekjur maka.
- Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- Þingsályktunartillaga um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.
- Tillaga til þingsályktunar um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.
- Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Frumvarp til sóttvarnarlaga.
- Þingsályktunartillaga um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.
- Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, skýrslutaka af börnum.
- Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu.
- Þingsályktunartillaga um óhefðbundnar lækningar.
- Frumvarp til laga um almannatryggingar, sálfræðiþjónusta.
- Frumvarp til barnaverndarlaga, heildarlög.
- Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu og almannatryggingar.
- Frumvarp um sjúklingatryggingu.
- Frumvarp um meðferð opinberra mála.
- Frumvarp til barnalaga.
- Frumvarp um stéttarfélög og vinnudeilur.
- Frumvarp til laga um réttargæslu fatlaðra.
- Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir.
- Frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Þingsályktunartillaga um könnun á umfangi fátæktar.
- Reglugerð um námsráðgjöf.
- Frumvarp um verslun með áfengi og tóbak.
- Frumvarp um heilbrigðisstofnanir.
- Frumvarp um lýðheilsustöð.
- Skýrsla félagsmálaráðuneytisins um framkvæmd Evrópusáttmála Evrópu.
- Reglugerð við Lög um félagsráðgjöf.
- Þingsályktunartillaga um afkomutryggingar aldraða og öryrkja.
- Þingsályktunartillaga um unglingamóttöku og getnaðarvarnir.
- Frumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra.
- Frumvarp til laga um greiðslu til foreldra langveikra barna.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga, heimilisofbeldi.

- Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.
- Frumvarp um græðara.
- Frumvarp til laga um faðernismál.
- Frumvarp til laga um sameiginlega forsjá.
- Frumvarp um fórnarlamba- og vitnavernd.
- Frumvarp um tryggan lágmarkslífeyri.

ÁRIN 2006 TIL FRAMHALDS-AÐALFUNDAR 2012

Á aðalfundi árið 2006 tók Páll Ólafsson við formennsku í SÍF af Ellu Kristínu Karlsdóttur sem hlaut kosningu á aðalfundi árið 2000. Páll sat í formannsembættinu næstu sex árin eða til ársins 2012. Í aðalfundargögnum sem lágu fyrir á aðalfundinum í mars árið 2006 kemur fram að félagsmenn voru nú komnir yfir 300 en 306 félagsmenn voru skráðir í félagið í byrjun árs. Þar af voru 244 með stéttarfélagsaðild, 48 með fagfélagsaðild og aðrir með aukaaðild nema.

Framtíðarþing SÍF

Á aðalfundinum 2006 var samþykkt að félagið myndi horfa til framtíðar og færi í stefnumótunarvinnu. Var samþykkt tillaga þess efnis að fá Hauk Inga Jónasson til samstarfs við félagið í þessari vinnu. Undirbúningur hófst í framhaldi af aðalfundinum og var ákveðið að halda stefnumótunarþing sem fram færi 22. september næst komandi á Grand hóteli. Þingið átti að standa allan daginn frá kl. 9-17 og var gert ráð fyrir þátttöku um 100 félagsmanna. Stefnumótunarþingið var opið öllum félagsmönnum en sérstaklega var hvatt til þess að fulltrúar nefnda félagsins og fag- og landshlutadeilda mættu auk trúnaðarmanna.

Á þinginu voru valin gildi félagsins, hlutverk þess var skilgreint og mótuð framtíðarsýn til ársins 2012. Í því skyni voru sett fram meginmarkmið, deilimarkmið og aðgerðir. Að þinginu loknu var nefnd sett á laggirnar sem gegndi hlutverki ritstjórnar og átti hún

að draga saman niðurstöður stefnumótunarþingsins sem síðar yrðu settar fram í skýrsluformi undir heitinu *Uppkast að stefnu félagsráðgjafa.* Stóð til að leggja skýrsluna fram til samþykktar á aðalfundi árið 2007. Í ritstjórninni voru, auk Hauks Inga, þau Anna Rós Jóhannesdóttir, Eymundur Garðar Hannesson, Hanna Lára Steinsson, Inga María Vilhjálmsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir.

Gildin sem valin voru á þinginu fyrir félagið eru:

virðing, víðsýni og jöfnuður

Hlutverk félagsins var skilgreint með eftirfarandi hætti:

> Félagið vinnur að því að bæta kjör og starfsréttindi félagsráðgjafa og efla fagmennsku þeirra hvað varða menntun, rannsóknir og útvíkkun á starfssviði. Félagið stuðlar að því að styrkja ímynd félagsráðgjafa og auka sýnileika þeirra og áhrif í samfélaginu, meðal annars með því að upplýsa um stöðu samfélagshópa sem standa höllum fæti og með því að taka þátt í umræðu um mál sem brenna á félagsmönnum og skjólstæðingum þeirra. Félagið stuðlar að samkennd og velferð félagsráðgjafa.
>
> Hlutverk félagsins er að hlú að félagsráðgjöfum á öllum starfssviðum þeirra og í þessum tilgangi starfa innan félagsins fræðslunefnd, ritnefnd, stöðugilda- og kynningarnefnd, vísindanefnd og kjaranefnd.
>
> Hlutverk félagsins er að ítreka mikilvægi þess að sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins sé virtur og að benda á mikilvægi fjölskyldutengsla í lífi hvers og eins.
>
> Hlutverk félagsins er að vera leiðandi í handleiðslu og í að efla handleiðslufræði á Íslandi og að viðhalda heildarsýn á félagslegum aðstæðum fólks í íslensku samfélagi.

> Félagið viðheldur góðum tengslum við mennta- og rannsóknarstofnanir á sviði félagsráðgjafar og beinir athygli fólks að rannsóknum á sviðinu og leitast við að koma þessari þekkingu að sem víðast.

Meginmarkmið til ársins 2012 voru þrjú:

> öflug og áhrifarík liðsheild,
> framúrskarandi starfskjör, og
> fagmennska í öndvegi

Afar ítarleg deilimarkmið voru skilgreind og áætlun um aðgerðir var sett fram undir hverju þessara meginmarkmiða og er þau að finna *í Uppkasti að stefnu félagsráðgjafa frá 18. des. 2006* sem Haukur Ingi Jónasson og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir skráðu og varðveitt er á skrifstofu félagsins. Ekkert varð úr því að skýrslan yrði lögð fram á aðalfundi 2007 en efni henni var kynnt félagsmönnum í framhaldi af þeim fundi.

Starfsemi félagsins

Í byrjun árs 2007 var ákveðið að auka starfshlutfall framkvæmdastjóra SÍF úr 70% í 100%. Þá urðu starfsmannaskipti því Racel Eiríksson sem gegnt hafði stöðu framkvæmdastjóra hætti en við tók Valgerður Halldórsdóttir í 100% stöðu. Á aðalfundinum í mars það sama ár kom að því að samþykkt var að breyta nafni Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa í Félagsráðgjafafélag Íslands. Hafði þessi tillaga oft áður komið til umræðu og umfjöllunar á fundum félagsins og að minnsta kosti einu sinni áður verið borin upp til atkvæða. Tillagan hafði þó ekki hlotið brautargengi fyrr en nú að hún var samþykkt á aðalfundi í mars 2007.

Alþjóðlegi félagsráðgjafadagurinn var haldinn hátíðlegur 27.

mars 2007 með morgunverðarfundi á Grand hóteli. Sú breyting hafði orðið á vettvangi Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW, að horfið var frá því að halda félagsráðgjafadaginn hátíðlegan í nóvember ár hvert en þess í stað var framvegis haldið upp á hann að vori. Þema dagsins var *Félagsráðgjafar - frumkvöðlar í að draga úr áhrifum fátæktar.* Framsögumenn voru Vilborg Oddsdóttir með erindið *Fólkið sem á bágt* og Cynthia Lisa Jeans með erindið *Fátæk börn á Íslandi.* Auk þeirra hélt Jakobína Elva Káradóttir erindi.

Í október 2007 var gerður þjónustusamningur við Netvistun um hönnun og vistun nýrrar heimasíðu FÍ. Tæpu ári síðar var heimasíðan tilbúin og 23. maí 2008 var hún formlega opnuð. Á sama tíma var hannað nýtt merki fyrir félagið. Það má finna á myndasíðum aftast í bókinni.

Haustið 2007 voru nokkrar umræður í stjórn FÍ um fjölda karlmanna í stéttinni. Var þá ákveðið að skapa umræðu um kynjahlutföllin í félaginu og tók formaður FÍ, Páll Ólafsson, að sér að boða karla í FÍ til sín á fund til skrafs og ráðagerða. Þá var formaður Mentors, félags félagsráðgjafanema, einnig boðaður á fund í desember 2007 til að ræða möguleikann á samstarfi varðandi það að örva fjölgun karla í félagsráðgjafarnáminu.

Jólafundurinn í desember 2007 var afar fjölmennur en yfir 100 félagsráðgjafar mættu á Hótel Loftleiðir í jólahlaðborð og hlýddu á Einar Má Guðmundsson lesa úr bók sinni Rimlar hugans. Einnig var sýnd myndbandsupptaka sem bar heitið Örlagadagurinn.

Í október 2007 barst ósk frá félagsráðgjöfum á Akureyri þess efnis að formaður FÍ kæmi norður og kynnti félagið fyrir félagsráðgjöfum þar. En eins og fram hefur komið hafði sérstök deild innan FÍ, Norðandeildin, verið starfandi þar síðastliðin ár. Í framhaldinu fór formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri félagsins á fund félagsráðgjafa fyrir norðan. Það var síðan árið 2009 að stjórn FÍ lagði sérstaka áherslu á vinnustaðafundi.

Var í upphafi þess árs gerð áætlun um fundi á þremur til sex vinnustöðum á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem áætlað var að fara á fund félagsráðgjafa bæði fyrir norðan og austan. Fundaherferð formanns FÍ og framkvæmdastjóra gekk vel. Vorið 2009 var búið að halda fundi með félagsráðgjöfum í Reykjanesbæ, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Hafnarfirði og á Akureyri. Jafnframt stóð til að fara til Árborgar, Ísafjarðar og Egilsstaða haustið eftir. Má segja að vinnustaðaheimsóknir hafi verið viðvarandi verkefni formanns og framkvæmdastjóra FÍ árin 2009 – 2011 enda hafði stjórnin áhyggjur af líðan félagsmanna vegna álags í störfum þeirra í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi. Segir í skýrslu stjórnar FÍ fyrir starfsárið 2009-2010 að formaður og framkvæmdastjóri hafi farið í margar vinnustaðaheimsóknir á starfsárinu í þeim tilgangi að styðja félagsmenn á þessum erfiðu og viðsjárverðu tímum. Í mars 2009 var skipuð nefnd á vegum félagsins sem átti að fjalla um álag í starfi félagsráðgjafa og fjölda mála. Í nefndinni voru Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, Kolbrún Ögmundsdóttir, Helena Unnsteinsdóttir, Helga Þorleifsdóttir og Birna Guðmundsdóttir. Viðmið um málafjölda hafði verið félagsráðgjöfum hugleikin hin síðari ár og nú var verið að kanna grundvöll þess að útbúa slík viðmið.

Síðla árs 2009 hóf stjórnin að gera netkannanir meðal félagsmanna þar sem kannað var álag og líðan í starfi, launakjör, yfirvinna, handleiðsla, hlutverk trúnaðarmanna og fleira. Í þessari fyrstu könnun sem til stóð að gera á sex mánaða fresti svörðu 157 félagsmenn. Rúmlega 90% svarenda voru konur og innan við 10% svarenda voru karlar.

Vegna bágs ástands í þjóðfélaginu á árunum eftir hrunið á Íslandi brá stjórn FÍ á það ráð að stofna Velferðarvakt félagsráðgjafa árið 2009. Reglulegir fundir voru haldnir undir merkjum hennar næstu mánuði og þar á meðal fundir um

fátækt, úrræði umboðsmanns skuldara og fleira. Umræðan innan félagsins og á fræðslufundum var einnig lituð af þessum aðstæðum í þjóðfélaginu og félagsmönnum var tíðrætt um yfirstandandi niðurskurð og hvernig velferð landsmanna var háttað. Þegar kom fram á árið 2011 bar meira á umræðu um álag í félagsþjónustunni og á starfsmönnum hennar undan farin ár. Þá var kulnun tekin til umfjöllunar á fundum félagsins eins og fram kemur í yfirliti yfir fræðslufundi hér á eftir. Auk aukins álags í störfum félagsráðgjafa höfðu launakjör almennt verið skorin niður á vinnumarkaði og færri félagsráðgjafar fengu nú handleiðslu, hvað þá námsleyfi eins og fram kemur í fundargerðum. Þá ályktaði fundur Velferðarvaktar félagsráðgjafa í janúar 2011 eftirfarandi:

> Velferðarvakt Félagsráðgjafafélags Íslands beinir þeim tilmælum til Guðbjartar Hannessonar velferðarráðherra að útrýma þeim smánarbletti sem biðraðir eftir mat eru á íslensku samfélagi. Mikilvægt er að taka þegar upp viðræður við þá aðila sem koma að matarúthlutunum á Íslandi í því skyni að stuðlað verði að samvinnu, samráði og faglegum vinnubrögðum. Einnig viljum við hvetja ráðherra til að ljúka vinnu við gerð neysluviðmiða svo tryggja megi að allir landsmenn geti lifað við viðunandi framfærslu.

Á aðalfundinum í mars 2008 voru gerðar breytingar á nefndum félagsins þannig að stöðugildanefnd, fræðslunefnd og ritnefnd NSA voru lagðar niður og í stað þeirra var stofnuð upplýsinga- og fræðslunefnd. Auk hennar voru nú að störfum hjá félaginu kjaranefnd, sérfræðimatsnefnd, siðanefnd, vísindanefnd, ritnefnd Tímarits félagsráðgjafa og kjörnefnd.

Reglulega komu upp umræður í stjórn félagsins hvort leyfa ætti fólki með BA-próf að gerst aðilar að FÍ. Í september 2008 var

ákveðið að kanna möguleika á að nýta þjónustuskrifstofu, sem FÍ og ÞÍ voru sameiginlega að koma á laggirnar með sérstökum þjónustusamningi, fyrir fólk sem væri með BA-próf í félagsráðgjöf og þannig leyfa þeim aðgang að félaginu. Ekkert varð þó úr þeim áformum og fljótlega lagðist þessi þjónustuskrifstofa af.

Í mars 2009 tók FÍ við formennsku í stjórn NSSK og var fundur stjórnarinnar haldinn hér á landi í október það ár. Til stóð að halda fasta fundi stjórnar NSSK, sem haldnir voru í mars og október ár hvert, hér á landi árið 2010 en vegna mikils ferðakostnaðar fundargesta var ákveðið að þeir yrðu í Kaupmannahöfn.

Haustið 2009 vann stjórnin að því að setja sér starfsreglur og sáu Páll Ólafsson formaður FÍ og Sveindís A. Jóhannesdóttir um að útbúa uppkast að reglunum. Þá var haldinn fundur í september sama ár með öllum nefndum og fagdeildum félagsins en þær höfðu verið beðnar um að leggja fram drög að starfsreglum sinna nefnda og deilda á fundinum sem síðan yrðu teknar fyrir af stjórn félagsins. Í starfsreglum stjórnar var meðal annars kveðið á um fjölda stjórnarfunda, félagsfunda og starfsdaga, hlutverk stjórnar og verkefni formanns, annarra stjórnarmeðlima og framkvæmdastjóra.

Á aðalfundi félagsins 25. mars 2011 voru talsverðar breytingar gerðar á lögum félagsins, greinum var bætt inn og lögin gerð mun ítarlegri. Í fyrstu grein var sett inn skammstöfunin FÍ fyrir félagið og tekið fram að félagið starfar á landsvísu. Í annarri grein var bætt við að félagið væri bæði fag- og stéttarfélag. Þá kom inn sérstök grein sem fjallaði um fastanefndir sem höfðu verið starfandi á vegum félagsins, sumar í áraraðir. Nefndunum var fækkað í fjórar og voru þær nú kjaranefnd, sérfræðimatsnefnd, siðanefnd og vísindanefnd. Sett var í lögin að nefndunum væri ætlað að starfa eftir eigin starfsreglum en á ábyrgð félagsins. Ári síðar var sérfræðimatsnefndin lögð niður á aðalfundi þar sem hennar

hlutverki var lokið með tilkomu nýrrar reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Tók reglugerðin gildi í lok árs 2012. Við sjöttu grein laga félagsins, sem fjallaði um vinnudeilusjóð, var bætt undirgrein um vísindasjóð FÍ, hlutverk hans og stjórn sjóðsins.

Á aðalfundi félagsins í mars 2012 var stéttarfélagsgjald FÍ lækkað úr 1,7% af dagvinnulaunum í 1,6% af dagvinnulaunum og fagfélagsgjald hækkað úr 12.000 í 16.000. Þá voru einnig gerðar fleiri breytingar á lögum félagins. Sett var inn ný grein um úrsögn úr félaginu og hvenær félagsmenn missa réttindi sín í félaginu. Þá var samþykkt umtalsverð breyting sem fól í sér að framvegis yrði kosið um formann félagsins til fjögurra ára og að formaður FÍ væri jafnframt formaður kjaranefndar. Var meiningin með þessari breytingu að ráða inn formann í fullt starf sem jafnframt því að stýra félaginu hefði forystu um gerð kjarasamninga. Þessar umtalsverðu breytingar í yfirstjórn félagsins áttu sér nokkurn aðdraganda en haustið 2010 hófust umræður í stjórn um hvernig best væri að haga starfsemi félagsins meðal annars með tilliti til framtíðarhlutverks framkvæmdastjóra og annarra sem komu að starfi félagsins og hvernig mætti hagræða í starfseminni. Má segja að málið hafi verið á dagskrá næstu mánuði eða þar til á aðalfundi árið 2012 að gerðar voru verulegar breytingar á yfirstjórn félagsins með samþykkt þessara lagabreytinga. Á aðalfundinum var enn fremur samþykkt að boða til framhaldsaðalfundar í maí 2012. Þá átti að kjósa nýjan formann í 100% starf til fjögurra ára og þrjá meðlimi í stjórn félagsins. Fyrir framhaldsfundinn var auglýst eftir nýjum formanni FÍ sem var ætlað að gegna starfi formanns félagsins, formanns kjaranefndar auk verkefna framkvæmdastjóra. Um var að ræða 100% stöðu en síðar yrði ráðinn verkefnastjóri í hlutastarf á skrifstofuna.

Tímarit félagsráðgjafa, NSA og Félagsráðgjafatal

Árið 2006 kom í fyrsta sinn út nýtt tímarit á vegum SÍF undir nafninu Tímarit félagsráðgjafa. Ritstjóri blaðsins var Freydís J. Freysteinsdóttir en með henni í ritnefnd voru Hervör Alma Árnadóttir og Kristjana Sigmundsdóttir. Í þessu fyrsta blaði voru fimm ritrýndar greinar og fjórar almennar og var þetta í fyrsta skipti sem gefið var út tímarit með ritrýndum greinum á vegum SÍF. Reiknað var með að blaðið stæði undir sér með styrktarlínum og styrkjum en kostnaður við umbrot, útlit og prentun var metinn á kr. 300.000.- Þegar á reyndi varð kostnaðurinn töluvert meiri. En Tímarit félagsráðgjafa var komið til að vera. Annað tölublað kom út árið 2007 og hafði þá tekist að safna styrkjum upp á kr. 160.000.- fyrir útgáfu þess. Árið 2009, þegar búið var að gefa út þrjú tölublöð, sagði ritstjóri Tímarit félagsráðgjafa, Freydís J. Freysteinsdóttir, starfi sínu lausu. Tímaritið kom ekki út það ár en fljótlega fór af stað undirbúningur fyrir útgáfu næsta tölublaðs þar sem útlitið var endurhannað og brot blaðsins stækkað. Sigrún Júlíusdóttir var fengin til að gegna stöðu ritstjóra þessa endurhannaða tímarits. Með henni voru í ritstjórn Halldór Guðmundsson og Sveindís A. Jóhannsdóttir. Sérstakt fagráð Tímarits félagsráðgjafa var einnig stofnað með það í huga að styrkja innviði blaðsins. Stefnt var að því að tímaritið kæmi út í nýjum búningi vorið 2010. Gekk það eftir og hefur blaðið komið út á hverju ári eftir það. Frekari umfjöllun um tímaritið er að finna í kaflanum Útgáfur á vegum SÍF/FÍ. Einnig má finna alla árganga tímaritsins á slóðinni www.timaritfelagsradgjafa.is

Árið 2007 var Steinunn Bergmann enn formaður ritnefndar NSA, Tímarits norrænna félagsráðgjafa. Með henni í nefndinni voru Guðrún Kristinsdóttir, Steinunn Hrafnsdóttir, Ólöf D. Thorarensen og Helga I. Ágústsdóttir. Eins og fram hefur

komið stóð félagið fyrir hópáskrift að tímaritinu frá árinu 2001 en umræður voru innan félagsins hvort halda ætti þeirri áskrift áfram enda töluverður kostnaður fyrir félagið. Var ákveðið að gera könnun meðal félagsmanna um hvort áhugi væri fyrir því að viðhalda áskriftinni. Það reyndist ekki vera og því sagði stjórnin áskriftinni upp. Í kjölfarið var ákveðið að leggja niður tímaritið þar sem ekki var lengur forsenda fyrir áframhaldandi útgáfu þegar svo stór hópur, sem félagsmenn FÍ voru, sagði upp áskriftinni.

Vorið 2007 var vinna við Félagsráðgjafatalið enn í fullum gangi síðan ákvörðun um útgáfu þess var tekin á afmælisárinu 2004. Nú var unnið að því að fá tilboð í prentun en ákveðið var að prenta 500 eintök af bókinni. Áætlaður kostnaður við prófarkalestur, uppsetningu og prentun var kr. 2.000.000.- og til stóð að selja bókina á kr. 4.000.- Meira er fjallað um Félagsráðgjafatalið í kaflanum Útgáfur á vegum SÍF/FÍ.

Fagdeildir FÍ

Nýjar fagdeildir litu dagsins ljós á árunum 2008 til 2013. Þær eru:

- Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd stofnuð 5. desember 2008. Formaður var María Gunnarsdóttir. Reyndar fór það svo, eftir talsverðar umræður um hvort leyfa ætti starfsmönnum í barnavernd sem ekki væru með félagsráðgjafarpróf aðgang að faghópnum, að fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd varð að Samtökum barnaverndarstarfsmanna á Íslandi. Samtökin sem töldu 110 manns voru hýst hjá FÍ, eins og segir í fundargerð, og voru þau stofnuð 8. desember 2008.
- Fagdeild félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum stofnuð 14. janúar 2009. Formaður var Jóna Margrét Ólafsdóttir.
- Fagdeild fjölmenningarfélagsráðgjafa stofnuð 17. febrúar

2011. Formaður var Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir.
- Fagdeild félagsráðgjafa í starfsendurhæfingu stofnuð 22. febrúar 2011. Formaður var Erla Björg Sigurðardóttir.
- Fagdeild félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks stofnuð 5. apríl 2011. Formaður var Guðrún Þorsteinsdóttir.
- Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa stofnuð 15. september 2009. Formaður var Hanna Lára Steinsson.
- Fagdeild félagsráðgjafa í félagsþjónustu stofnuð 28. maí 2013. Í fagráð voru valin Eymundur Hannesson, Helga Sigurjónsdóttir, Arndís Hálfdánardóttir, Bjarney R. Guðmundsdóttir og Emilía Jónsdóttir.
- Fagdeild félagsráðgjafa í stjórnun stofnuð 9. október 2013. Í fagráð voru valdar Rannveig Einarsdóttir, Þóra Kemp og Margrét Þórarinsdóttir.

Auk ofangreindra fagdeilda voru stofnaðar landshlutadeildir. Þær voru:
- Norðandeild stofnuð haustið 2007. Formaður var Dalrós Halldórsdóttir.
- Suðurnesjadeild stofnuð 26. nóvember 2009. Formaður var Rannveig Einarsdóttir.
- Suðurlandsdeild stofnuð 4. mars 2011. Formaður var Katrín Bjarnadóttir.
- Austurlandsdeild stofnuð 4. apríl 2011. Formaður var Sigrún Þórarinsdóttir.

Eins og fram hefur komið voru tvær fagdeildir stofnaðar mun fyrr innan FÍ. Þær voru:
- Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa stofnuð 2. júní 2004. Formaður var Guðrún Elva Arinbjarnardóttir.
- Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu stofnuð 11. nóvember 2006. Formaður var Jóna Eggertsdóttir.

Með tilkomu fagdeildanna jókst fræðsla á vegum félagsins því deildirnar stóðu fyrir opnum fræðslufundum einum eða fleiri á ári. Til þess að veita innsýn í starfsemi fagdeildanna og þá fræðslu sem þær stóðu fyrir má nefna að á árinu 2009 voru eftirtaldir fræðslufundir haldnir:

Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa hélt fræðslufund þar sem Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka um verslun og þjónustu, hélt erindið *Skiptir tengslanet máli?*

Fagdeild félagsfræðinga í áfengis- og vímuefnamálum hélt fræðslufund í samstarfi við Lifandi ráðgjöf ehf undir yfirskriftinni *Eiga allir gleðileg jól?* Einnig hélt fagdeildin morgunverðarfundinn *Sjúkdómshugtakið alkóhólismi* frá ýmsum sjónarhornum. Á fundinum héldu Andrés Magnússon, geðlæknir á geðsviði LSH, Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri SÁÁ, Helga Sif Friðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur á LSH og Þórarinn Þórsson félagsráðgjafi erindi.

Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu hélt málþing í samstarfi við RBF og Þjóðmálastofnun þar sem Pálmi V. Jónsson, lyf- og öldrunarlæknir, Steinunn K. Jónsdóttir, yfirfélagsráðgjafi öldrunarsviðs LSH-Landakoti, Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytis, Berglind Magnúsdóttir, forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur, Kristín Björnsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild HÍ og Kristjana Sigmundsdóttir, félagsráðgjafi héldu erindi. Fagdeildin stóð einnig, ásamt RBF, fyrir því að fá Lars Tronstam til landsins með fyrirlestur auk þess sem haldnir voru tveir fræðslufundir þennan vetur þar sem meistaraverkefni voru kynnt.

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd hélt starfsdag fyrir alla barnaverndarstarfsmenn landsins vorið 2009 og var það árlegur viðburður í starfi deildarinnar.

Fræðsla

Þann 5. maí árið 2006 hélt fræðslunefnd SÍF, í samvinnu við Norðandeild SÍF, málþing á Akureyri undir yfirskriftinni *Frá vöggu til grafar, þjónusta félagsráðgjafa á Akureyri*. Alls tóku 28 félagsráðgjafar þátt í þinginu. Síðar það ár stóð nefndin, ásamt ýmsum félagasamtökum sem komu saman undir nafninu Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, fyrir morgunverðarfundi um ofbeldi á heimilum. Erindi héldu Sigþrúður Gunnarsdóttir frá Kvennaathvarfinu, *Ofbeldi gegn konum – úrræði og leiðir til úrbóta,* Jenný Steingrímsdóttir og Ólafur Guðmundsson, *Heimili í herkví - reynsla foreldra geðfatlaðra ungmenna* og Kristjana Sigmundsdóttir, *Ofbeldi gegn öldruðum.* Á aðalfundi 2007 var ný fræðslunefnd, sem síðar fékk nafnið upplýsinga- og fræðslunefnd, kjörin. Í henni sátu auk Sigurlaugar Hauksdóttur, sem var í gömlu nefndinni, þær Oktavía Guðmundsdóttir og Sigrún Hv. Magnúsdóttir. Nefndin stóð fyrir málþingi á Grand hóteli í október það ár undir yfirskriftinni *Rödd barns við skilnað – veruleiki og þróun úrræða.* Erindi fluttu félagsráðgjafarnir Rannveig Guðmundsdóttir, *Með augum barnsins – rannsókn á upplifun barna sem fara í gegnum skilnað* og Hera Ósk Einarsdóttir, *Áfram ábyrg – úrræði sem skilnaðarbörnum er boðið upp á hjá Reykjanesbæ.* Einnig flutti Ingibjörg Bjarnadóttir, lögmaður, erindið *Sáttamiðlun milli foreldra um hag og þarfir barna við skilnað.* Málþingið sótti um 60 manns. Árið eftir hélt upplýsinga- og fræðslunefndin morgunverðarfund á Grand hóteli undir yfirskriftinni *Þunglyndi- uppspretta nýs þroska?* og 2009 hélt hún fræðslufundi um velferðarþjónustu, kulnun í starfi auk námskeiðs um rannsóknaraðferðir og styrki.

Í desember 2007 mættu vel á annað hundrað félagsráðgjafar á vel heppnað jólahlaðborð FÍ. Þá hafði félagið ásamt Stjúptengslum, félagi stjúpfjölskyldna frumkvæði að málþinginu H*vernig má efla*

velferð stjúpfjölskyldna í febrúar 2008. Var þingið haldið í samvinnu við Rannsóknarsetur í barna og fjölskylduvernd (RBF), Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Heimili og skóla, Biskupsstofu og Samtökin 78. Erindi á málþinginu héldu Ólöf Garðarsdóttir frá Hagstofu Íslands, um skráningu stjúpfjölskyldna í opinberum gögnum, Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi frá HÍ og RBF, Álfgeir Kristjánsson frá HR og Björk Erlendsdóttir en þau fjölluðu um rannsóknir á stjúpfjölskyldum hér á landi. Fulltrúar frá kirkjunni, Heimili og skóla og Samtökunum 78 voru einnig með stutt erindi. Í lokin voru pallborðsumræður. Fundarstjóri var framkvæmdastjóri FÍ, Valgerður Halldórsdóttir, stofnandi Stjúptengsla.

Í apríl 2008 var haldin ritsmiðja fyrir félagsráðgjafa þar sem kennd var undirstaða greinaskrifa í blöð og tímarit. Leiðbeinandi var Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir bókmenntafræðingur og fyrrverandi fréttamaður.

Í október 2008 stóð siðanefndin fyrir siðaráðstefnu. Formaður siðanefndar Nanna K. Sigurðardóttir flutti inngangsorð um sögu og tilurð siðareglnanna. Þá flutti Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, erindi um siðareglur. Í tilefni af siðaþinginu var endurútgefinn bæklingur með siðareglum félagsráðgjafa en plakat með siðareglunum var endurprentað jafnóðum og þurfa þótti. Árlega fengu nýútskrifaðir félagsráðgjafar siðareglurnar afhentar á plakati í sérstakri móttökuathöfn sem Félagsráðgjafafélagið stóð fyrir í samstarfi við félagsráðgjafardeild HÍ og Hollvinafélag félagsráðgjafardeildar HÍ. Sama ár tók siðanefndin einnig þátt í og kom að undirbúningi dagsnámskeiðs í siðfræði ásamt Iðjuþjálfafélagi Íslands, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara og Þroskaþjálfafélagi Íslands. Námskeiðið fór fram 16. maí 2008 og var skipulagt af fyrrnefndum félögum í samvinnu við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Eins og fram hefur komið einkenndist starf stjórnar FÍ árin eftir

hrun af þeirri stöðu sem uppi var hér á landi. Fræðslufundir voru haldnir um málefni sem brunnu á félagsráðgjöfum. Á alþjóðadegi félagsráðgjafa 17. mars 2009 hélt stjórn FÍ morgunverðarfund á Grand hóteli. Yfirskrift dagsins var *Atvinnuleysi* og af því tilefni héldu félagsráðgjafarnir Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins og Guðlaug Pétursdóttir frá Vinnumálastofnun erindi um atvinnuleysi, stöðu og úrræði. Sama ár stóð stjórn FÍ fyrir tveimur félagsfundum. Sá fyrri fór fram í júní undir yfirskriftinni *Velferðarvakt félagsráðgjafa* og í september var haldinn almennur félagsfundur þar sem kynnt var könnun Velferðarvaktar félagsráðgjafa. Í nóvember sama ár hélt félagið annan morgunverðarfund á Grand hóteli með þemanu *Fagmennska í fyrirrúmi.*

Haustið 2009 stóð ný ritnefnd Tímarits félagsráðgjafa, með þeim Sigrúnu Júlíusdóttur, Halldóri S. Guðmundssyni og Sveindísi A. Jóhannsdóttur, fyrir námskeiði í ritun ritrýndra greina. Helga Sól Ólafsdóttir sá um námskeiðið. Tveimur árum síðar var sams konar námskeið haldið aftur og nú í samstarfi við vísindanefnd FÍ. Níu manns sóttu námskeiðið.

Í október 2010 var hið árleg Siðaþing haldið og nú undir forystu nýs formanns siðanefndar. Á aðalfundinum í mars fyrr á árinu gaf Nanna K. Sigurðardóttir ekki kost á sér aftur til formanns siðanefndar eftir að hafa leitt starfið frá stofnun hennar. Við formennsku í siðanefnd tók Helga Sól Ólafsdóttir. Fyrirlesarar á þessu siðaþingi voru þær Salvör Nordal, heimspekingur, Steinunn Hrafnsdóttir og Helga Sól Ólafsdóttir.

Af opnum fagdeildarfundum má nefna að árið 2010 hélt Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði málþing um ofbeldi, og annan fræðslufund um hópastarf með börnum. Landshlutadeild Suðurnesja hélt reglulega fræðslufundi meðal annars fund um mansal og yfirfærslu málefnis fatlaðra frá ríki til

sveitarfélaga.

Á þessum árum frá 2008 voru haldnir fræðslufundir bæði af upplýsinga- og fræðslunefnd og fagdeildum eftir því sem þær voru stofnaðar auk þess sem stjórn FÍ hélt fræðslufundi. Með tilkomu fagdeildanna sem hver um sig hélt opna fræðslufundi fór fræðslufundum á vegum stjórnar að fækka auk þess sem upplýsinga- og fræðslunefnd var lögð niður á aðalfundi 2011. Þá má geta þess að BHM stóð einnig fyrir árlegri fræðslufundaröð fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM í það minnsta frá árinu 2010.

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að halda félagsráðgjafadaginn 17. mars 2011 sérlega hátíðlegan að þessu sinni. Það varð úr að haldið var upp á daginn í heila viku dagana 14.-19. mars. Aðaldagskrárliðurinn var málþing á Grand hóteli 15. mars undir yfirskriftinni *Svar félagsráðgjafa við kreppu – við sköpum dagskrána*. Stefnt var að því að félagsráðgjafar yrðu sýnilegir alla vikuna með það að markmiði að vekja athygli á félagsráðgjöf og var það gert meðal annars með uppákomum á almannafæri. Félagsráðgjafar með stjórn FÍ í fararbroddi stóð vaktina í Kringlunni þar sem þau kynntu félagsráðgjöf gestum og gangandi.

Norræn ráðstefna um velferðarmál og fagmennsku var haldin hér á landi á Grand hóteli dagana 11.-13. ágúst 2011. Mörg félög stóðu að þessari ráðstefnu auk Félagsráðgjafafélags Íslands. Þau voru Þroskaþjálfafélag Íslands, Ís-Forsa, félagsráðgjafardeild HÍ og námsbraut í þroskaþjálfafræði við HÍ ásamt Samtökum norrænna félagsráðgjafa, NSSK, Samtökum norrænna þroskaþjálfa, Forsa og Nordisk Social högskole kommitté. Fengu félögin Gestamóttökuna til að sjá um allan undirbúning ráðstefnunnar sem fram fór bæði á Grand hóteli og í Háskóla Íslands. Opnunarfyrirlesturinn var fluttur af Sigrúnu Júlíusdóttur og bar fyrirlestur hennar yfirskriftina *Þekking og áhrifavald í félagsráðgjöf – siðfræðilegt og pólitískt sjónarhorn.* Auk Sigrúnar

voru aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar þau Björn Hviden frá Noregi, Jan Tössebro einnig frá Noregi, Rannveig Traustadóttir og Jorma Sipila frá Finnlandi. Þau fjölluðu einkum um stöðu velferðarmála á Norðurlöndunum og fagmennsku í velferðarþjónustu. Á ráðstefnunni var boðið upp á 180 fyrirlestra og vinnusmiðjur og á annan tug postera. Í aðdraganda ráðstefnunnar var einnig boðið upp á vettvangsferðir þar sem þátttakendur, sem voru um 420 manns, gátu heimsótt þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar og ýmis endurhæfingarúrræði. Í lok ráðstefnunnar veitti Félag norrænna háskóla Sigrúnu Júlíusdóttur heiðursviðurkenningu fyrir framlag sitt til kennslu, hlutdeild sína í þróun félagsráðgjafar og rannsóknir á sviði barna- og fjölskyldumála.

Kjaramál

Kjaraviðræður á þessu tímabili fóru í gang í byrjun árs 2008 þegar samninganefnd FÍ skrifaði undir viðræðuáætlun við ríkið vegna fyrirhugaðra samningaviðræðna. Þá var jafnframt lögð áhersla á að vinna að eflingu trúnaðarmannakerfisins. Formaður kjaranefndar var Vilborg Oddsdóttir og var í nóg að snúast hjá nefndinni næstu árin. Í júní 2008 var skrifað undir framlengingu á kjarasamningi við ríkið og í desember sama ár var skrifað undir samning við sveitarfélögin. Það var ekki fyrr en þremur árum síðar 2011 að skrifað var undir nýja samninga við Reykjavíkurborg og reyndar aftur við ríkið og sveitarfélögin. Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg sem höfðu samþykkt að störf þeirra yrðu metin á grundvelli starfsmatskerfis samningsaðila höfðu beðið óþreyjufullir eftir nýjum samningi. Í september 2011 lá við að upp úr syði í samningaviðræðum og lýsti fundur félagsráðgjafa hjá Reykjavík þá yfir miklum áhyggjum vegna gangs viðræðna. Þá höfðu félagsráðgjafarnir verið samningslausir frá hausti 2009 og krafðist fundurinn þess að starfsmatinu yrði flýtt ella myndu

þeir segja sig frá því. Jafnframt lýsti fundurinn því yfir að fljótlega yrðu greidd atkvæði um verkfall sem hæfist í lok september sama ár ef ekki semdist. Til þess kom þó ekki og var skrifað undir nýjan kjarasamning 25. september 2011.

Samningarnir við ríkið og sveitarfélögin giltu báðir frá 1. maí 2011 til loka mars 2014. Ríkissamningurinn var nú sem áður tvískiptur, miðlægur samningur annars vegar og svo stofnanasamningur sem gerður var við hverja stofnun ríkisins fyrir sig og endurnýjaður eftir þörfum.

Félagsráðgjafi ársins

Í byrjun árs 2008 var ákveðið að útnefna félagsráðgjafa ársins og var óskað eftir tilnefningum frá félagsmönnum. Í mars það ár höfðu 10 tilnefningar borist. Stjórn FÍ samþykkti þá að útnefna Hönnu Láru Steinsson, eiganda Bjarmalundar – ráðgjafarstofu um Alzheimer og öldrun, félagsráðgjafa ársins. Þá var í framhaldinu ákveðið að kalla eftir tilnefningum til félagsráðgjafa ársins árlega og gera það framvegis í tengslum við félagsráðgjafadaginn í marsmánuði. Árið 2009 bárust átta tilnefningar til félagsráðgjafa ársins og voru þær Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Guðrún Sederholm, skólafélagsráðgjafi, útnefndar félagsráðgjafar ársins það ár. Árið 2010 bárust tilnefningar um þrjá félagsráðgjafa auk þess sem félagsráðgjafar hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar voru tilnefndir sem hópur. Soffía Egilsdóttir, forstöðumaður félagssviðs Hrafnistu, var útnefnd félagsráðgjafi ársins. Árið 2011 bárust fimm tilnefningar og var Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar útnefnd öðru sinni sem félagsráðgjafi ársins. Árið 2012 bárust fjórar tilnefningar til félagsráðgjafa ársins auk þess sem Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir voru tilnefndar saman sem félagsráðgjafar ársins

fyrir störf sín sem lúta að kynheilbrigði ungs fólks. Stóðu þær fyrir fjölda námskeiða fyrir börn og foreldra ásamt því að gefa út fræðsluefni um málefnið. Þær Guðbjörg Edda og Sigurlaug hlutu útnefningu að þessu sinni. Árið 2013 bárust sjö tilnefningar og þar af voru þrír félagsráðgjafar tilnefndir saman fyrir verkefni sem þeir unnu að. Útnefningu hlutu tveir félagsráðgjafar að þessu sinni, þær Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, félagsráðgjafi í Dagsetri, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Hjálpræðishersins og Valgerður Halldórsdóttir stofnandi Stjúptengsla – félags fósturforeldra. Frá og með árinu 2014 lagðist þessi athöfn af að tilnefna félagsráðgjafa ársins.

Meðal annarra verkefna sem SÍF/FÍ kom að og fram komu í fundargerðum 2006 - 2011 má nefna:

- 2006 Guðrún Jónsdóttir, stofnandi SÍF, hlaut fálkaorðuna.
- 2006 Sveindís A. Jóhannesdóttir var skipuð í rýnihóp vegna endurvinnslu á vef TR.
- 2006 SÍF sendi frá sér ályktun til að mótmæla fyrirhugaðri ráðstefnu aðila í klámiðnaði sem halda átti hér á landi.
- 2006 12. maí var RBF, Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd stofnað innan félagsráðgjafardeildar HÍ. Gunnar Sandholt var tilnefndur í stjórn RBF fyrir hönd SÍF.
- 2006-2007 SÍF fékk styrki frá félagsmálaráðuneytinu kr. 300.000 og frá SPRON kr. 500.000 til að standa straum að kostnaði við stefnumótunarvinnu félagsins.
- 2007 SÍF fékk styrk frá Glitni kr. 100.000 til Grænlandsverkefnisins en félagið var í samvinnu við fagfélag félagsráðgjafa á Grænlandi.
- 2007 Gunnjóna Una Guðmundsdóttir var tilnefnd fyrir hönd FÍ í stjórn Styrktarfélags Krabbameinssjúkra barna.

- 2007 Stjórn FÍ ályktaði vegna frumvarps um áfengissölu.
- 2007 Margrét Margeirsdóttir, stofnandi FÍ, fékk riddarakross fyrir störf að félags- og velferðarmálum.
- 2008 Formaður FÍ, Páll Ólafsson, var skipaður í velferðarvaktina á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir hönd BHM. Páll leiddi Barnahóp sem var einn af fimm undirhópum.
- 2008 Ný heimasíða FÍ var opnuð í maí.
- 2008 Nýtt merki FÍ var tekið í gagnið og prentað nýtt bréfsefni og umslög með merkinu.
- 2008 Birgit Raschhofer ráðin þjónustufulltrúi á skrifstofu FÍ
- 2009 Stjórn FÍ tók Facebook í notkun.
- 2010 Stjórn FÍ ályktaði vegna niðurskurðar í velferðarkerfinu.
- 2010 Stjórn FÍ ályktaði vegna fyrirhugaðrar sameiningar Lýðheilsustöðvar og Landlæknisembættisins.
- 2010 Stjórn FÍ óskaði eftir að fá sæti í nefnd um lágmarksframfærslu á vegum félagsmálaráðuneytisins. Lagt var til að Vilborg Oddsdóttir yrði fulltrúi FÍ.
- 2010 Stjórn FÍ ályktaði vegna fjárlagafrumvarps 2011.
- 2011 Hollvinafélag félagsráðgjafardeildar HÍ var stofnað 12. maí 2011.
- 2011 Unnið var að uppfærslu heimasíðu FÍ.

Meðal frumvarpa og þingmála frá Alþingi sem óskað var eftir að félagið veitti umsögn um árin 2006-2012 voru:

- Frumvarp til laga um embætti landlæknis.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga, kynferðisbrot.
- Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, heildarlög.
- Frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraða,

lífeyrisgreiðslur elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna.
- Umsögn um drög að stefnu og framkvæmdaáætlun stýrihóps um forvarnir í áfengis- og fíkniefnamálum.
- Þingsályktunartillaga um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum.
- Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins.
- Þingsályktunartillaga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
- Frumvarp til laga um Barnalög.
- Frumvarp til laga um breytingu á Lögum um réttindi samkynhneigðra.
- Frumvarp um breytingar á Barnaverndarlögum.
- Frumvarp til Laga um heilbrigðisstarfsmenn.
- Frumvarp um breytingu á Lögum um málefni fatlaðra.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- Frumvarp um breytingar á barnalögum – forsjá og umgengni.
- Þingsályktunartillaga um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18-24 ára.
- Þingsályktunartillaga um þunglyndi meðal eldri borgara.
- Þingsályktunartillaga um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Líklegt er að félagið hafi veitt umsagnir um mun fleiri frumvörp á þessu tímabili en ekki er að finna skráningu um fleiri í gögnum félagsins.

ÁRIN 2012 – 2014

Á framhaldsaðalfundi Félagsráðgjafafélags Íslands 21. maí 2012 var á dagskrá kosning nýs formanns í 100% starf til fjögurra ára, kosning þriggja stjórnarmeðlima til tveggja ára auk fulltrúa í nefndir á vegum félagsins. Sjálfkjörið var í stöður stjórnarmeðlima og nefndarmanna þar sem fjöldi framboða var jafn lausum stöðum. Í stjórn FÍ voru endurkjörnar Hildigunnur Árnadóttir og Gunnlaug Thorlacius en Berglind Ósk Filippíudóttir kom ný inn í stjórnina. Í vísindanefndina voru Sveindís Anna Jóhannesdóttir og Steinunn Bergmann endurkjörnar en Soffía Egilsdóttir kom ný inn í nefndina. Í siðanefndina voru Þorleifur K. Níelsson og Helga Sól Ólafsdóttir endurkjörin í nefndina en auk þeirra hlaut Helga Þórðardóttir kosningu í nefndina. Í kjaranefndina voru kjörin Vilborg Þórarinsdóttir fulltrúi félagsráðgjafa á landsbyggðinni, Ólafur Þ. Jóhannsson fulltrúi félagsráðgjafa hjá Reykjavíkurborg, Snjólaug Birgisdóttir fulltrúi félagsráðgjafa hjá ríkinu og Elísa R. Ingólfsdóttir fulltrúi félagsráðgjafa sem vinna hjá sveitarfélögunum. Ekki tókst að finna fulltrúa félagsráðgjafa sem starfa á almennum markaði.

Í framboði til formanns voru þrír félagsráðgjafar, þær Kolbrún Ögmundsdóttir, María Rúnarsdóttir og Þórhildur Egilsdóttir. Aðalfundinum var varpað út í gegnum fjarfundabúnað og því höfðu félagsráðgjafar um land allt tækifæri til að vera með og kjósa nýjan formann. Þegar formannsframbjóðendurnir höfðu kynnt sig var gengið til kosninga. Kosið var á sex stöðum á landinu á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, í Reykjanesbæ og á Selfossi

auk sem sem kosið var í Borgartúni 6 þar sem fundurinn fór fram. Formönnum landshlutadeilda var falið að sjá um kosningu hver í sínum landshluta. Í lok fundarins lá niðurstaða í formannskjörinu fyrir og var María Rúnarsdóttir kjörin formaður FÍ næstu fjögur árin.

Í framhaldi af þessum breytingum á formannsstarfinu, að nú væri starfandi formaður FÍ í 100% starfi hjá félaginu, var í kjölfarið gengið frá uppsögn framkvæmdastjóra FÍ, sem var í fullu starfi, og þjónustufulltrúa FÍ, sem var í 60% starfi, á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Var þessum starfsmönnum sagt upp frá og með 1. júlí það ár. Fráfarandi framkvæmdastjóra var boðin 50% staða frá og með 1. október sem hann afþakkaði enda hafði starfshlutfall hans fram að þessu verið 100%. Þá ákvað stjórn FÍ að auglýsa eftir verkefnastjóra með haustinu sem sæi um rekstur skrifstofu og yrði þar um 50-60% starfshlutfall að ræða.

Eitt af fyrstu verkum nýs formanns FÍ var að undirbúa móttöku nýútskrifaðra félagsráðgjafa. Sams konar móttaka hafði verið haldin í júní ár hvert til margra ára í samvinnu við Háskóla Íslands. Að þessu sinni stóð Hollvinafélag félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands einnig að móttökunni og var nú boðið nýnemum, kennurum og starfsþjálfunarkennurum félagsráðgjafardeildar og 10 ára afmælisárgangi félagsráðgjafa. Í móttökunni afhenti fulltrúi Hollvinafélagsins viðurkenningu Hollvinafélagsins fyrir góðan námsárangur og framúrskarandi mastersverkefni.

Í fundargerð stjórnar FÍ 18. september 2012 kemur fram að fjórir félagsráðgjafar sóttu um starf verkefnastjóra sem auglýst hafði verið. Var það úr að Eldey Huld Jónsdóttir var ráðin í 50% starf en hún hafði gegnt stöðu framkvæmdastjóra félagsins árin 1999-2001. Eldey sá um rekstur skrifstofunnar, útgáfu Tímarits félagsráðgjafa, bókhald og önnur verkefni sem henni voru falin. Skrifstofan var nú opin þrjá daga í viku en formaður FÍ svaraði

síma og pósti eins og við var komið aðra daga. Fljótlega var starfshlutfall verkefnastjórans aukið í 60% vegna undirbúnings kjaraviðræðna.

Með nýju starfsfólki á skrifstofu félagsins upphófst mikil tiltekt á skrifstofunni. Uppröðun á skrifstofunni var breytt þannig að nú voru þar tvær starfsstöðvar auk fundaraðstöðu. Farið var í gegnum gögn félagsins bæði í möppum og í tölvu og þau gerð aðgengilegri. Lauk þessari yfirferð ári síðar þegar hreinsað var til í geymslu félagsins í kjallara Borgartúns og gögn þar yfirfarin. Á haustmánuðum 2012 hófst einnig vinna við endurgerð heimasíðu félagsins www.felagsradgjof.is. Netvistun sá um breytingarnar í samræmi við tillögur stjórnar en formaður og verkefnastjóri endurunnu og uppfærðu texta síðunnar eftir þörfum. Var nýja heimasíðan opnuð í mars 2013.

Nýr formaður félagsins lagði í upphafi starfs síns áherslu á að hitta sem flesta félagsráðgjafa á vettvangi. Gert var víðreist á helstu vinnustaði félagsráðgjafa þennan vetur og fundað með fagdeildum félagsins. Auk þess að fara á helstu vinnustaði á höfuðborgarsvæðinu fóru formaður og verkefnastjóri á fund landshlutadeilda félagsráðgjafa á Akureyri, Selfossi og í Reykjanesbæ. Var markmiðið að kynna nýja starfsmenn skrifstofunnar, kynna áherslur nýs formanns og styrkja tengsl skrifstofunnar við félagsmenn með því að gefa þeim tækifæri til að kom sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi hlutverk og starfsemi félagsins. Að auki fundaði formaður á fyrstu vikum starfs síns með fulltrúum félagsráðgjafardeildar HÍ og fulltrúum Hollvinafélags félagsráðgjafardeildar HÍ.

Þetta haust 2012 ákvað stjórn FÍ að skipa nefnd til að undirbúa 50 ára afmælisár félagsins 2014. Fengi nefndin því vel rúmt ár til að undirbúa afmælið. Árshátíð félagsins var haldin í nóvember þetta ár en á hana mættu aðeins 30 manns. Vegna dræmrar

þátttöku og minnkandi þátttöku síðast liðin ár var ákveðið að leggja árshátíðina niður enda bar félagið talsverðan kostnað af svo fámennum viðburði. Árlegur jólamorgunverðarfundur var haldinn í byrjun desember á Grand hóteli. Á fundinum kynnti Valgerður Halldórsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri félagsins, nýútkomna bók sína um stjúpfjölskyldur. Þátttakan var mjög góð og salurinn, sem tók 70 manns, var yfirfullur. Í desember þetta ár var sent út rafrænt fréttabréf til félagsmanna. Stóð til að senda slíkt fréttabréf út þrisvar til fjórum sinnum á ári. Fljótlega lagðist það þó af því talningavél á netinu gaf til kynna að lítill áhugi reyndist á lestri fréttabréfsins.

Formaður FÍ tók nú sem áður fyrr þátt í norrænu samstarfi og sótti fundi NSSK sem haldnir voru tvisvar á ári. Í tíð fyrri stjórnar höfðu tveir fulltrúar félagsins, formaður FÍ og formaður kjaranefndar, sótt þessa fundi en nú var ákveðið að félagið sendi framvegis einn fulltrúa að jafnaði.

Aðalfundur 2013 var haldinn á alþjóðadegi félagsráðgjafa sem er í mars ár hvert. Þema ársins 2013 var Félagslegt og efnahagslegt jafnrétti þar sem áherslan var á störf félagsráðgjafa og hvernig þau draga úr félagslegu og efnahagslegu ójafnrétti. Í tilefni af alþjóðadeginum hófst aðalfundurinn á málþingi þar sem Halldór S. Guðmundsson var með innlegg um þema dagsins og að því búnu sögðu Halldór og séra Bjarni Karlsson frá skýrslu starfshóps um fátækt á Íslandi.

Fram kemur í ársskýrslu stjórnar á aðalfundinum 2013 að skráðir félagsmenn í árslok 2012 voru 383 þar af voru 336 kjarafélagar og 47 fagfélagar. Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar á þessum aðalfundi og voru þær helstu að nú var sett inn viðbótar málsgrein í grein númer tvö og í henni tiltekið hlutverk félagsins. Hljóðaði 2. grein laganna þá svona:

> Félagsráðgjafafélag Íslands er fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa á Íslandi. Hlutverk félagsins er að stuðla að samstöðu meðal félagsráðgjafa og standa vörð um hagsmuni þeirra, stuðla að auknum félagslegum jöfnuði og vinna gegn fordómum og félagslegu óréttlæti í íslensku samfélagi með eflingu félagsráðgjafar sem fags og aukinni hagnýtingu félagsráðgjafar.

Þá voru teknar út greinar í lögunum sem fjölluðu um sérfræðinefnd og matsnefnd en þessar nefndir höfðu verið lagðar niður. Var það gert á grundvelli nýrrar reglugerðar um starfsleyfi félagsráðgjafa. Þá var lögum félagsins breytt þannig að stjórn FÍ var sett yfir vinnudeilusjóð félagsins.

Á aðalfundinum var komandi afmælisár 2014 rætt og fram kom tillaga þess efnis að láta útbúa fána fyrir félagið sem notaður yrði við hátíðleg tækifæri. Framhaldsaðalfundur var haldinn 24. apríl 2013 þar sem breytingar á siðareglum og reglum um vinnudeilusjóð voru samþykktar. Breytingin á siðareglum félagsráðgjafa fól í sér að nú skyldi broti á siðareglum félagsráðgjafa vísað til embættis landlæknis en ekki siðanefndar eins og verið hafði. Enda hlutverk landlæknis að rannsaka ef upp kemur grunur um brot félagsráðgjafa í starfi.

Á vorönn 2013 var boðað til margra funda á vegum stjórnar og fagdeilda félagsins auk þess sem kjaranefndin fundaði reglulega. 28. maí 2013 boðaði kjaranefndin til opins fundar félagsráðgjafa um málafjölda og vinnuumhverfi félagsráðgjafa. Tilefni fundarins voru niðurstöður nýrrar rannsóknar á kulnun meðal félagsráðgjafa og umræðna um álag í störfum stéttarinnar. Í lok fundarins var boðað til stofnfundar fagdeildar félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Um 30 félagsráðgjafar mættu á stofnfundinn. Þá hélt formaður FÍ fund með formönnum fagdeilda og nefnda félagsins til að undirbúa komandi afmælisár félagsins. Voru umræður mjög

líflegar á þeim fundi og margar tillögur komu fram um það hvernig fagna mætti þessum merka áfanga í sögu félagsins. Var ákveðið að stjórnin tæki þessar tillögur til frekari úrvinnslu á starfsdegi sínum í september 2013.

Einn megin dagskrárliður á starfsdegi stjórnar var undirbúningur vegna 50 ára afmælis Félagsráðgjafafélags Íslands 2014. Farið var yfir hugmyndir og tillögur að framkvæmd afmælisins. Fram kom sú hugmynd að halda afmælið hátíðlegt í Ásmundarsafni í tengslum við aðalfund félagsins 2014 auk þess sem fleiri dagskrárliðir yrði undirbúnir og haldnir síðar á afmælisárinu. Þá var einnig rætt erindi frá félagsráðgjafardeild HÍ um samstarf í tilefni af sjötugs afmæli Sigrúnar Júlíusdóttur í byrjun febrúar 2014. Afmæli hennar var í sama mánuði og afmæli félagsins sem er 19. febrúar. Tillaga félagsráðgjafardeildar var að slá þessu að einhverju leiti saman. Við nánari skoðun var ákveðið á stjórnarfundi FÍ að félagið tæki að sér að halda Félagsráðgjafaþing í febrúar í samstarfi við Háskóla Íslands, Hollvinafélag félagsráðgjafardeildar HÍ, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd RBF og Ís-forsa. Yrði þingið haldið í tilefni af 50 ára afmæli félagsins og 70 ára afmæli Sigrúnar Júlíusdóttur.

Meðal annars efnis sem tekið var fyrir á starfsdegi stjórnar í september 2013 voru gildi félagsins. Eftir nokkra umræðu sammæltist stjórnin um þrjú gildi félagsins. Þau voru:

fagvitund, framsækni, frumkvæði.

Þessi gildi voru send út til félagsmanna til að fá álit þeirra. Voru þau síðan samþykkt sem gildi félagsins.

Í september 2013 var hafist handa við að undirbúa fyrirhugað Félagsráðgjafaþing. Undirbúningsnefndin var nú formlega skipuð og voru í henni María Rúnarsdóttir, formaður FÍ, Guðný

Björk Eydal frá Háskóla Íslands, Bjarney Kristjánsdóttir frá Hollvinasamtökum félagsráðgjafardeildar, Sigríður Jónsdóttir frá Ís-forsa og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir frá Landspítala. Haldinn var fundur með fulltrúum fagdeildanna þar sem fagdeildirnar voru hvattar til að halda erindi á þinginu. Einnig voru félagsmenn beðnir um að senda inn útdrátt fyrir þingið. Leitað var tilboða í ráðstefnusali og hugmyndir um aðalfyrirlesara ræddar.

Haustið 2013 var leitað tilboða í hönnun á nýju merki félagsins. Í framhaldinu var hannaður lítill borðfáni og stærri fáni með merki og gildum félagsins. Voru þeir prentaðir og prýða nú fundarherbergi á stærri fundum og við hátíðlegar athafnir. Þá var einnig prentað nýtt bréfsefni og umslög með merkinu og heimasíða félagsins uppfærð með nýju merki auk þess sem nýir litir voru valdir á valhnappa síðunnar.

Aðalfundur FÍ árið 2014 var haldinn 18. mars í Borgartúni 6 á fimmtugasta afmælisári félagsins. Fyrsta Félagsráðgjafaþingið sem félagið stóð fyrir og haldið var á Hilton Reykjavík Nordica í tilefni af 50 ára afmæli félagsins og 70 ára afmæli Sigrúnar Júlíusdóttur var nýafstaðið. Greint verður frá því í kaflanum Félagsráðgjafaþing hér á eftir. Í upphafi aðalfundar voru tvö erindi þar sem Gunnlaug Thorlacius sagði frá öryggisstefnu og áætlun á LSH og Helga Sigurjónsdóttir sagði frá öryggisstefnu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Að öðru leiti var aðalfundurinn tíðindalítill. Sjálfkjörið var í stjórn og nefndir og engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

Á vormánuðum 2014 var veggspjald með siðareglum félagsráðgjafa endurhannað með nýju merki og afhent nýútskrifuðum félagsráðgjöfum. Þá var unnið að rafvæðingu Tímarits félagsráðgjafa. Reiknistofnun háskólans hafði útbúið gagnagrunn fyrir önnur tímarit sem þegar höfðu rafvæðst og óskaði FÍ nú eftir því að fá inni hjá þeim með tímarit félagsins. Sótt var um lénið www.timaritfelagsradgjafa.is og var stefnt að því að

koma öllum tölublöðum tímaritsins inn á heimasíðu þess í fyrsta áfanga rafvæðingarinnar. Það gekk eftir og eru nú öll tölublöð tímaritsins aðgengileg á vefnum auk afmælisrits FÍ sem gefið var út í tilefni af 40 ára afmæli félagsins. Í næsta áfanga rafvæðingar tímaritsins á móttaka greina og öll samskipti við höfunda að fara í gegnum heimasíðuna.

Í ágúst 2014 fór formaður FÍ ásamt stjórnarmeðlimum á fund félags- og tryggingamálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur. Nokkru síðar var farið á fund heilbrigðisráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar og einnig var fundur með Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítala háskólasjúkrahús í nóvember þar sem formaður og verkefnastjóri lýstu yfir áhyggjum sínum um stöðu félagsráðgjafa á LSH hvað varðar kjör þeirra.

Eins og fyrr stóð BHM fyrir kjarakönnun meðal félagsmanna aðildarfélaga BHM og sem hluta af kjarakönnun BHM 2014 lét FÍ gera sérstaka könnun meðal félagsmanna um þjónustu félagsins. Hafði slík könnun einnig verið gerð árið áður. Í niðurstöðum hennar kom fram að ánægjustuðullinn var nú 3,75 af 4 og hafði hækkað talsvert eða úr 3,33 frá árinu áður.

Í lok árs 2014 var fjöldi félagsmanna FÍ 449 þar af 365 með stéttarfélagsaðild, 42 með fagaðild, 6 með aukaaðild og 36 ellilífeyrisþegar.

Fræðsla

Í september 2013 hélt vísindanefndin árlegan hátíðarfund sinn þar sem styrkhafar fyrri ára kynntu rannsóknarverkefni sín og nýjum styrkþegum voru afhentir styrkir. Í sama mánuði hélt fagdeild félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks fund þar sem rædd var þjónusta við fatlað fólk og staðan í þessum málaflokki nú þegar nær þrjú ár voru liðin frá flutningi þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga. Þá var að frumkvæði Eddu

Ólafsdóttur efnt til morgunverðarfundar til heiðurs Ólafíu Jóhannsdóttur 22. október þegar 150 ár voru liðin frá fæðingu hennar. Ólafía var frumkvöðull í líknar- og mannúðarmálum bæði hér á landi og í Noregi þar sem hún starfaði um árabil á götum Oslóborgar meðal vændiskvenna og fátækra. Yfirskrift fundarins var *Ólafíuhátíð – frá myrkri til ljóss.* Erindi fluttu þær Sigrún Júlíusdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sem gaf árið 2006 út bók um Ólafíu, Elísabet Þorgeirsdóttir og Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir. Var fundurinn vel sóttur og fullur salur á Grand hóteli.

Um miðjan nóvember var fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa með morgunverðarfund sem bar yfirskriftina *Samskipti kennara og nemenda, hver er hlutur ráðgjafans?* Á fundinum hélt Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur, erindi og samræður voru um hvernig hægt væri að rjúfa þögn sem ríkt hefur um neikvæð samskipti kennara og nemenda í skólum og styrkja með því fagvitund ráðgjafa sem starfa við skólana. Þá var fagdeild félagsráðgjafa í stjórnun stofnuð 9. október 2013 eins og fram hefur komið hér að framan.

Veturinn 2013-2014 stóð fagdeild fjölmenningarfélagsráðgjafa fyrir tveimur fræðsluferðum til Noregs og Danmerkur. Tilgangur ferðanna var að kynnast starfsumhverfi í málefnum flóttafólks, hælisleitenda og annarra innflytjenda, skoða móttökuþjónustu, velferðarþjónustu, afleiðingar áfallastreitu, sérstakan stuðning við börn og unglinga og þjónustu við fylgdarlaus börn innan stjórnsýslunnar, í opinberri nærþjónustu og hjá félagasamtökum. Í byrjun nóvember 2013 var farið til Osló og í mars 2014 til Kaupmannahafnar og þar heimsóttar margar af helstu stofnunum sem koma að málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Markmiðið var að mynda sterkan faghóp sem ynni markvisst að yfirfærslu sérþekkingar og reynslu Dana og Norðmanna í málefnum

flóttafólks og hælisleitenda. Þrír félagsráðgjafar fengu styrk til ferðarinnar frá Leonardo da Vinci starfsmenntasjóð en auk þeirra þáðu 11 sérfræðingar boð um þátttöku í ferðinni til Osló. Þeir voru frá Barnaverndarstofu, Barnavernd Reykjavíkur, Félagsþjónustusviði Seltjarnarnesbæjar, Fjölskyldu- og félagssviði Reykjanesbæjar, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur, Rannsóknastofu í barna og fjölskylduvernd, velferðarráðuneytinu, velferðarsviði Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Fagdeild fjölmenningar stóð síðan fyrir opnum fræðslufundi vorið 2014 þar sem sagt var frá ferðum þeirra.

Jólamorgunverðarfundurinn sem auglýstur var í desember 2014 var felldur niður vegna þátttökuleysis.

Kjaramál

Árið 2013 hóf kjaranefndin að funda reglulega til að undirbúa komandi kjaraviðræður. Þá var hvatt til þess að trúnaðarmenn yrði kosnir á þeim vinnustöðum þar sem engir trúnaðarmenn voru svo hægt væri að virkja þá sem tengiliði á vinnustöðum þegar til samningaviðræðna kæmi. Vinna við gerð stofnanasamninga við ríkisstofnanir sem félagsráðgjafar unnu hjá stóð enn yfir frá því skrifað var undir samning við ríkið síðari hluta árs 2011 og var reynt að ljúka þeirri vinnu áður en kjaraviðræður færu í gang fyrir alvöru í byrjun árs 2014. Í lok mars 2014 losnuðu samningar við ríki og sveitarfélög og 30. júní sama ár losnaði samningur við Reykjavíkurborg svo framundan var mikil vinna við samningagerð. Í maímánuði 2013 stóð kjaranefndin og stjórn FÍ fyrir opnum fundi um málafjölda og vinnuumhverfi félagsráðgjafa. Á fundinn mættu um 60 manns og voru niðurstöður nýttar í undirbúningsvinnu vegna krafna FÍ í komandi kjaraviðræðum. Má þar nefna tillögu þess efnis

að vinna að því að taka upp leiðbeinandi viðmið um málafjölda félagsráðgjafa. Í september fór formaður FÍ, sem jafnframt var formaður kjaranefndar, til Bretlands ásamt fulltrúum annarra stéttarfélaga innan BHM í fjögurra daga námsferð til Bretlands þar sem útlistaðar voru breytingar á starfsmatskerfinu sem Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa innleitt. Í október sama ár var félagsráðgjöfum boðið til vinnufundar þar sem útbúa átti leiðbeinandi viðmið um málafjölda. Formaður FÍ kynnti sams konar viðmið sem sett höfðu verið í nágrannalöndum okkar og síðan var unnið að gerð leiðbeinandi viðmiða sem félagið gæfi út. Var unnið að þessu næstu vikur uns niðurstöður lá fyrir. Til stóð að nýta niðurstöðurnar í komandi kjarasamningsviðræðum.

11. október 2013 stóð kjaranefndin og stjórn FÍ að fjölmennri kjararáðstefna þar sem línur voru lagðar varðandi kröfugerð í komandi samningaviðræðum við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin. Í framhaldinu voru stofnaðir bakhópar félagsráðgjafa hjá sveitarfélögum og ríki sem höfðu það hlutverk að vera samninganefndum til stuðnings. Í sama mánuði hélt BHM fjölmenna kjararáðstefnu á Grand hóteli til að undirbúa aðildarfélögin fyrir samningalotuna.

Eftir áramótin jókst mjög álag á starfsmenn félagsins og kjaranefndina vegna samningaviðræðna við alla þrjá meginsamningsaðila félagsins. Á vormánuðum 2014 var skrifað undir rúmlega árs framlengingu á kjarasamningi við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg. Samningalotan við ríkið var strembnari og áttu félögin innan BHM í samstarfi í þessum kjaraviðræðum og reyndar einnig í viðræðum við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg. Staðan í samningaviðræðum við ríkið var mjög erfið. BHM stóð fyrir aðgerðafundum tvisvar í viku vegna þessara viðræðna og vinnustaðafundir voru haldnir sem og baráttufundur í Háskólabíói

6. febrúar 2014. Þá var haldinn opinn samræðufundur á vegum BHM í mars 2014 í tengslum við gang samningaviðræðna við ríkið. Segja má að þessar kjaraviðræður hafi meira og minna tekið yfir starfsemi félagsins og skrifstofunnar í rúm tvö ár.

Það var síðan í lok maí 2014 að skrifað var undir eins konar vopnahléssamning við ríkið afturvirkt og samtals til þrettán mánaða, fram til loka febrúar 2015. Enn fremur settu samninganefndirnar sér það markmið að ganga frá nýjum samningi aðildarfélaga BHM við ríkið áður en þessi samningur rynni út. Til að undirbúa þær viðræður setti kjaranefnd FÍ, fljótlega eftir undirritun nýs samnings, af stað mánaðarlega hádegisfundi með fulltrúum vinnustaða félagsráðgjafa hjá ríkinu. Formlegar viðræður við ríkið hófust þó ekki fyrr en í desember 2014. Ekki gætti mikillar bjartsýni meðal aðildarfélaga BHM sem aftur voru í samfloti við samningaborðið og fór því fljótt af stað umræða um mögulegar verkfallsaðgerðir.

Félagsráðgjafaþing

Í tilefni af 50 ára afmæli FÍ og 70 ára afmæli Sigrúnar Júlíusdóttur var efnt til félagsráðgjafaþings á afmælisdegi FÍ 19. febrúar 2014. Var þetta fyrsta af árlegum þingum sem Félagsráðgjafafélag Íslands heldur í febrúar ár hvert. Á heimasíðu Félagsráðgjafafélags Íslands www.felagsradgjof.is má finna eftirfarandi um þingið:

> Þann 19. febrúar var Félagsráðgjafaþing haldið í tilefni 50 ára afmælis Félagsráðgjafafélags Íslands sem var stofnað þann 19. febrúar fyrir fimmtíu árum. Þingið var einnig haldið til heiðurs dr. Sigrúnu Júlíusdóttir prófessors og frumkvöðuls í félagsráðgjöf sem fagnaði 70 ára afmæli sínu þann 3. febrúar síðastliðinn.
>
> Að þinginu stóðu Félagsráðgjafafélag Íslands, félagsráð-

gjafardeild Háskóla Íslands, Hollvinasamtök félagsráðgjafardeildar, ÍS-FORSA og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

María Rúnarsdóttir, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands setti þingið og hyllti salurinn stofnendur félagsins með lófataki. Að því loknu flutti félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, ávarp þar sem hún fjallaði meðal annars um mikilvægi félagsráðgjafa í samfélaginu. Á þinginu voru haldnir tveir hátíðarfyrirlestrar. Dr. Vivien Cree prófessor í félagsráðgjöf við Edinborgarháskóla fjallaði um feminisma og sögu félagsráðgjafar en hún hefur meðal annars rannsakað og skrifað um barnavernd á Bretlandi. Hinn hátíðarfyrirlesturinn var haldinn af dr. Steinunni Hrafnsdóttur, deildarforseta félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Bjarneyju Kristjánsdóttur, formanni Hollvinasamtaka félagsráðgjafardeildar.

Á þinginu voru átján málstofur þar sem flutt voru 70 erindi um félagsráðgjöf og málaflokka sem félagsráðgjafar starfa við s.s. fjölskyldumeðferð, endurhæfingu, ofbeldi í fjölskyldum, þjónustu við aldraða og fatlað fólk, barnavernd, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, skólafélagsráðgjöf og hamfarir. Þetta fyrsta Félagsráðgjafaþing var mjög fjölmennt en um 340 félagsráðgjafar og aðrir áhugasamir um félagsráðgjöf tóku þátt í deginum. Lára Björnsdóttir, fyrrum félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar og fyrrverandi formaður velferðarvaktarinnar, var ráðstefnustjóri.

Á þeim fimmtíu árum sem liðin eru frá stofnun Félagsráðgjafafélags Íslands hefur mikið vatn runnið til sjávar. Árið 1964 stofnuðu þeir fjórir félagsráðgjafar sem voru á Íslandi, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. Þetta voru Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta, Kristín Gústavsdóttir, Margrét Margeirsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir sem er látin. Nú

eru félagsmenn um 460 alls en félagsráðgjafar sem hafa fengið starfsleyfi eru öllu fleiri eða um 590. Dagurinn var sannkölluð uppskeruhátíð félagsráðgjafa og félagsráðgjafar sem fags á Íslandi. Að þingi loknu fögnuðu þinggestir 50 ára afmæli Félagsráðgjafafélags Íslands.

Upphaflega var gert ráð fyrir að þátttakendur á þinginu yrðu 200 en þeir reyndust þegar upp var staðið um 340. Félagið sótti um styrk hjá Starfsþróunarsetri háskólamanna vegna þingsins og fékkst samþykki fyrir því að setrið greiddi allan kostnað vegna komu erlends fyrirlesara og hluta kostnaðar vegna fundarsala. Skráningargjaldið kr. 13.500,- stóð undir öðrum kostnaði. Í móttökunni, sem haldin var eftir þingið og var eins konar afmælisfagnaður, voru heiðursfélagar Félagsráðgjafafélagsins og stofnendur félagsins heiðraðir ásamt fyrrverandi formönnum FÍ og þeim félagsráðgjöfum sem unnu að útgáfu Félagsráðgjafatalsins.

Að þinginu loknu var send út netkönnun til félagsmanna varðandi það hvernig til tókst. Þar kom fram að mikil ánægja var með þingið og þess var óskað að það yrði haldið árlega framvegis. Í framhaldi var ákveðið á stjórnarfundi að stefnt yrði að árlegu þingi félagsráðgjafa í febrúar á föstudegi sem næst afmæli félagsins. Myndir frá þinginu er að finna á myndasíðum bókarinnar. Einnig eru myndir á heimasíðu Félagsráðgjafarfélags Íslands www.felagsradgjof.is frá þingum sem haldin hafa verið sem og stærri viðburðum félagsins á síðari árum.

Meðal annarra verkefna sem FÍ kom að og fram koma í fundargerðum 2012-2014.

- 2012 Fulltrúi FÍ, Berglind Ósk Filippíudóttir, var skipuð í stjórn Hollvinafélags félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands.

- 2013 Bréf var sent til stjórnenda í velferðarþjónustu þar sem upplýst var um niðurstöður nýrrar rannsóknar á kulnun meðal félagsráðgjafa.
- 2014 Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands sendi frá sér yfirlýsingu vegna umræðu í fjölmiðlum um þjónustu sveitarfélaga og brot á lögum um lögbundna félagsþjónustu sveitarfélaga.
- 2014 Ákall var sent til stjórnvalda vegna ástandsins á Gaza.
- 2014 Fagdeild skólafélagsráðgjafa ályktaði um takmörkun á þátttöku fólks eldra en 25 ára til framhaldsskólanáms.
- 2014 FÍ sendi læknum stuðningsyfirlýsingu vegna verkfalls þeirra.
- 2014 Formaður FÍ, María Rúnarsdóttir, var gerð að sendiherra hjá Meet in Reykjavik. Var það upphaf þess að FÍ sótti um að halda þing Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa hér á landi árið 2017.

Meðal frumvarpa og þingmála frá Alþingi sem óskað var eftir að félagið veitti umsögn um árin 2012 – 2014 voru:

- Heilbrigðisáætlun til 2020.
- Reglugerð um menntun, réttindi, skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.
- Reglugerð um starfs- og sérfræðileyfi félagsráðgjafa.
- Breyting á lögum um félagslega aðstoð.
- Þingsályktunartillaga um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
- Breyting á barnalögum.
- Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.

- Frumvarp til breytinga á áfengissölulögum.
- Sjúkratryggingar flóttafólks.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn.
- Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar.
- Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála.

ÚTGÁFUR Á VEGUM SÍF/FÍ

NSA og fleiri erlend tímarit félagsráðgjafa

Lítið var um sérstaka útgáfu efnis tengt félagsráðgjöf á vegum SÍF fyrstu árin í starfi þess. Því var einkum litið til hinna Norðurlandanna þegar kom að fagtímaritum og greinum um félagsráðgjöf og félagið gerðist um tíma áskrifandi af sumum þessara fagtímarita.

22. nóvember árið 1972 á 34. félagsfundi SÍF var ákveðið að félagið skyldi sjá til þess að sendar yrðu íslenskar greinar til birtingar í tímaritum félagsráðgjafafélaganna á hinum Norðurlöndunum. Samþykkt var að senda fjórar greinar árið 1973. Greinarnar áttu að innihalda almennt yfirlit yfir íslensk félagsmál og frásögn af starfssviði og stofnunum þeim sem félagsráðgjafar störfuðu hjá. En það voru Félagsmálaskrifstofa Reykjavíkurborgar og Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Auk þess átti að skrifa um fóstureyðingalöggjöfina og fleira. Þá var SÍF frá og með árinu 1975 boðið að senda inn greinar sem samsvara einni opnu í Norsk Socionom. Karl Marinósson og Auður Haraldsdóttir tóku að sér að sjá til þess að greinar bærust frá félagsmönnum í blaðið.

Á vettvangi norræns samstarfs hafði sú hugmynd komið fram að gefa út samnorrænt tímarit. Mikill áhugi var á þessu og því fagnað þegar ljóst var að samnorrænt tímarit yrði gefið út og Ísland fengi fastan fulltrúa í ritstjórn væntanlegs blaðs. Til þess að tímaritið bæri sig fjárhagslega var lagt upp með að hvert land yrði ábyrgt fyrir sölu ákveðins fjölda eintaka og myndi Ísland þurfa að tryggja 20 áskrifendur. Heiti tímaritsins var Nordisk Socialt Arbeid og

átti það að koma út fjórum sinnum á ári. Fyrir Íslands hönd var Sigrún Júlíusdóttir kosin í ritnefnd blaðsins sem íslenskur ritstjóri. Henni til aðstoðar var skipuð sérstök íslensk ritnefnd blaðsins sem í var auk Sigrúnar þau Nanna K. Sigurðardóttir og Sævar Berg Guðbergsson. Í apríl 1981 fékk félagið svo í hendur fyrsta eintak tímaritsins Nordisk Socialt Arbeid. Blaðið var 75 blaðsíður og áskrifendur um 500. Ríkti mikil ánægja og bjartsýni um þetta nýja afkvæmi norrænnar samvinnu eins og fram kom í Málpípunni 16. febrúar 1981.

Árið 1985 lét Sigrún af embætti eftir fimm ára setu sem íslenskur ritstjóri blaðsins og við tók Svava Stefánsdóttir. Þá hafði Auður Haraldsdóttir einnig tekið við af Nönnu K. Sigurðardóttur í ritnefndinni. Nokkrum árum síðar eða um 1990 varð Elísabet Berta Bjarnadóttir íslenskur ritstjóri blaðsins og gegndi hún því starfi til ársins 1992 þegar Regína Ásvaldsdóttir tók við af henni. Í október árið 1993 tók Guðrún Kristinsdóttir síðan við sem ritstjóri NSA til næstu 10 ára þegar Steinunn Bergmann tók við af henni. Var Steinunn ritstjóri NSA þar til blaðið var lagt niður árið 2008 en þá var síðasta tölublað þess gefið út.

Árið 1994 greindi Guðrún Kristinsdóttir ritstjóri NSA frá því að samþykkt hefði verið tillaga Íslands um að birta íslenska útdrætti úr greinum í tímaritinu. Þá var greint frá því í janúarhefti Málpípunnar árið 2000 að nú væri einnig hægt að birta ritrýndar greinar í NSA. Af hálfu Íslands tóku þær dr. Guðrún Jónsdóttir og dr. Sigrún Júlíusdóttir að sér að vera ritrýnar fyrir íslenskar greinar ásamt þeim fulltrúum í ritstjórn blaðsins sem uppfylltu kröfur ritrýna.

Árið 2001 var samþykkt að SÍF stæði fyrir hópáskrift að Nordisk Socialt Arbeid sem greiða átti með hluta stéttarfélagsgjaldsins. Fengu félagsmenn SÍF þar með blaðið sent heim til sín að dyrum um nokkurra ára skeið. Þegar á leið reyndist áskriftin félaginu

nokkuð dýrkeypt því gengisþróun íslensku krónunnar var ekki hagstæð. Því var á aðalfundi árið 2002 tekin afstaða til þess hvort hækka skyldi félagsgjaldið eða segja áskriftinni upp. Var ákveðið að halda áskriftinni við og var það gert allt til ársins 2007. Nordisk Socialt Arbeid var síðan lagt niður í kjölfar þess að hópáskrift félagsráðgjafa á Íslandi var sagt upp. Við það var ekki lengur fjárhaglegur grundvöllur fyrir útgáfu blaðsins. Tímaritið Nordisk Socialt Arbeid má finna í heild á netinu og er slóðin www.idunn.no/nsa.

Símaskrá SÍF

Símaskrá SÍF var gefin út í fyrsta sinn síðla á áttunda áratugnum og árið 1980 kom hún út í annað sinn og var þá seld félagsmönnum. Eftir það var símaskráin gefin út á eins til þriggja ára fresti. Lengst af var símaskráin send heim til félagsmanna þeim að kostnaðarlausu. Síðasta skráin var gefin út árið 2006 og var þá merkt Símaskrá SÍF 2006 – 2008. Þessi síðasta símaskrá SÍF var einnig birt rafrænt á heimasíðu félagsins.

Málpípan

Í apríl 1977 kom fyrsta Málpípan út og var stefnt að mánaðarlegri útgáfu á henni eða eins oft og þurfa þótti. Málpípan var í fyrstu hugsuð sem bréf sem innihéldi fréttir frá stjórn og upplýsingar um starfsemi félagsins sem sent yrði í bréfapósti til allra félagsmanna. Stjórn SÍF sá um útgáfu Málpípunnar og ákvað innihald hennar á fundum sínum. Fyrstu Málpípurnar voru útbúnar á stensla sem voru fjölritaðir. Í október 1979 var Þórunn Óskarsdóttir fengin til að sjá um útgáfu Málpípunnar. Ári síðar tók Helga Jóhannsdóttir að sér útgáfuna.

Á aðalfundi árið 1985 var samþykkt að breyta Málpípunni í fréttabréf. Ekkert varð þó úr því strax því Málpípan kom ekki út á

tímabilinu maí 1986 til apríl 1989.

Í nóvember árið 1990 fékk Málpípan loks nýtt útlit sem fréttablað og verulega andlitslyftingu eftir að hafa verið send út í bréfaformi frá upphafi útgáfu hennar árið 1977. Blaðið var nú átta síður í A5 bæklingaformi og stefnt var að því að gefa það út einu sinni í mánuði. Fljótlega var því breytt þannig að Málpípan kom út annan hvern mánuð og frá og með 1993 kom hún út fjórum sinnum á ári um nokkurra ára skeið eða þar til aftur var aukið við útgáfuna um tíma. Í þessari fyrstu Málpípu með nýju útliti kom fram að félagið hafði ráðist í kaup á tölvu sem félagsmenn gátu haft aðgang að í samráði við starfsmann félagsins. Með tilkomu starfsmannsins sem var ráðinn í september 1990 var Málpípan nú orðin mun öflugri upplýsingamiðill og voru félagsmenn hvattir til að senda inn efni í Málpípuna. Auk þess að birta fréttir frá félagsmönnum birtu nefndir SÍF reglulega pistla í Málpípunni og áhugaverðar ráðstefnur og námskeið, bæði hérlendis og erlendis, voru auglýstar í henni.

Í mars 1995 var Eyrún Jónatansdóttir skipuð ritstjóri Málpípunnar og var nú boðið upp á sérstakan fréttapistil í Málpípunni undir titlinum *Af vettvangi.* Gátu félagsmenn sent inn fréttir til birtingar þar. Enn á ný var stefnt að því að gefa Málpípuna út annan hvern mánuð.

Í júní 1996 kom Málpípan aftur út með nýju útliti og er ljóst á næstu Málpípum þar á eftir að verið var að gera tilraunir með mismunandi útlit, ýmist í A4 eða A5 stærð. Nýr ritstjóri Málpípunnar, Hannes Hilmarsson hafði tekið við og var ávarp hans á forsíðu Málpípunnar í júní 1996. Þar segir:

> Þetta er í fyrsta skipti á ævinni sem ég tek að mér að ritstýra kvennariti. Stjórn félagsins hefur í það minnsta treyst mínu femíniska innsæi til þess að vera ritstjóri og ábyrgðarmaður

> Málpípunnar í ár. Ég hef mikinn hug á því að hafa létt yfir Málpípu vorri og mun leita nýrra leiða við öflun efnis. Ég ætla sem sagst ekki bara að bíða eftir efni heldur leita frétta hjá ykkur og vona að mér verði vel tekið og Málpípan spegli viðfangsefni og veruleika okkar eins og hann er. Einnig hvet ég félagsmenn til að stinga niður penna og láta í sér heyra. Málpípan er vettvangur til þess að vera sýnileg hvort öðru. Það er von mín að léttleikinn og félagsleg virkni og sameiningarkrafturinn sem ætíð hefur einkennt stétt vora nái einnig inn á blaðsíður Málpípunnar í ár.
>
> Kær kveðja Hannes Hilmarsson

Má segja að þessi Málpípa, sem gefin var út í júní 1996, hafi markað ákveðin þáttaskil í útgáfu hennar því í blaðinu birtist nú einnig örviðtal við Sæmund Hafsteinsson félagsráðgjafa og sálfræðing sem hafði nýverið gengið í félagið þrátt fyrir að hafa verið í fyrsta útskriftarhópi félagsráðgjafa frá HÍ árið 1982. Einnig birtist í Málpípunni viðtal við Helgu Hjálmarsdóttur sem starfaði sem félagsráðgjafi á Kristnesi í Eyjafirði. Var hún meðal annars spurð út í hvernig væri að starfa sem félagsráðgjafi í sveit. Í næstu Málpípu birtist viðtal við Snjólaugu Jóhannesdóttur sem var starfandi félagsráðgjafi við Menntaskólann á Akureyri og í þeirri þar næstu var sagt frá starfi Mentors, félagi félagsráðgjafanema við HÍ og birt viðtal við núverandi og fráfarandi formann þess. Í Málpípunni í janúar 1987 birtist síðan nokkuð ítarlegt viðtal við Önnu S. Jónsdóttur sem var í fyrsta útskriftarhópnum og var nú að láta af störfum sökum aldurs eftir að hafa unnið mikið frumkvöðlastarf á Vífilstaðaspítala, eins og segir í viðtalinu. Að auki hélt Hannes ritstjóri við þeirri venju sinni að ávarpa félagsmenn á forsíðu Málpípunnar á meðan hann var ritstjóri.

Nýr ritstjóri, Aðalbjörg Ósk Guðbjörnsdóttir, tók við Málpípunni í júlí 1998 og fékk Málpípan þá enn nýtt útlit. Hún

var nú ekki lengur ljósrituð heldur keypt prentun á blaðinu. Málpípan var prentuð í A4 broti með fjórum síðum til að byrja með en fjölgaði í átta síður í lok árs 1999. Björk Vilhelmsdóttir var nú orðin formaður félagsins og hafði hún það fyrir venju að skrifa pistil í blaðið. Eftir sem áður samanstóð efni í Málpípunni af upplýsingum um starfsemi félagsins, viðburði og ráðstefnur framundan auk pistla frá formanni, fulltrúum nefnda og framkvæmdastjóri SÍF, Eldey Huld Jónsdóttir, skrifaði nokkra pistla um hlutverk trúnaðarmanna, kjaramál og fleira. Árið 1999 komu út sjö tölublöð Málpípunnar, fimm árið 2000 en eftir það voru tölublöðin tvö á ári og síðustu tvö árin aðeins eitt blað í aðdraganda aðalfundar. Síðasta eintak Málpípunnar kom út í mars árið 2007 og var það eingöngu gefið út í vefriti sem var sent á netföng félagsmanna.

Félagsráðgjafablaðið

Um nokkurra ára skeið höfðu af og til átt sér stað umræður í félaginu um útgáfu fagtímarits félagsráðgjafa. Það var síðan árið 1987 að undirbúningur hófst fyrir alvöru þar sem leitað var tilboða í prentun og vinna hófst við útgáfu blaðsins. Sérstök ritnefnd var skipuð, kallað var eftir greinum og auglýsingum var safnað. Kom blaðið út í fyrsta sinn haustið 1987 og hafði vinnan við útgáfu þess þá hvílt á herðum ritnefndar SÍF sem í voru þær Oktavía Guðmundsdóttir og Unnur Sigurðardóttir. Báru þeir veg og vanda af þessu fyrsta tölublaði Félagsráðgjafablaðsins. Blaðið var í undirbúningi allt árið 1987 og var stefnt að árlegri útgáfu þess. Kostnaður við prentun þessa fyrsta tölublaðs hljóðaði upp á 100.000 kr. en blaðið var 60 síður, prentað í 500 eintökum. Fyrstu þrjú tölublöðin voru gefin út í A5 broti og prentun var svart hvít. Í fyrsta tölublaðinu var í inngangi formanns SÍF, Svövu Stefánsdóttur, sagt frá því að meiningin

með blaðinu væri að birta nauðsynlegar upplýsingar fyrir félagsmenn auk faglegra greina, bókakynninga, skoðanaskipta og frétta fluttar af ráðstefnum, fræðslufundum og erlendum vettvangi Í þessu fyrsta blaði birtist grein eftir Sigrúnu Júlíusdóttur, *Hjónameðferð á göngudeild.* Þá var birt erindi Huldu Guðmundsdóttur, *Um fíkniefnamál unglinga og meðferð þeirra* sem hún flutti á námsstefnu á vegum Blaðamannafélags Íslands og fíknivarnarnefndar ríkisstjórnarinnar. Einnig var birt erindi eftir Sævar Berg Guðbergsson, *Félagsráðgjafaþjónusta á vegum opinberra- eða einkaaðila?* Erindið flutti hann á samnorrænu félagsráðgjafaráðstefnunni árið 1986. Í blaðinu voru einnig fluttar fréttir af ráðstefnum og viðburðum á vegum NSSK og IFSW auk þess sem formaður kjaranefndar og gjaldkeri SÍF skrifuðu upplýsingapistla og birtur var listi yfir vinnustaði félagsráðgjafa árið 1987. Að lokum var sagt frá væntanlegum ráðstefnum og fræðslufundum fræðslunefndar.

Annað tölublað Félagsráðgjafablaðsins var gefið út ári síðar 1988. Í ritnefndina hafði Kristín Friðriksdóttir bæst við. Í blaðinu birtust sex erindi sem flutt voru á fundum fræðslunefndar um barnavernd. Erindin voru:

Guðrún Kristinsdóttir, *Athugun á vistunum barna í RVK 1984, Rannsókn á barnavernd og fagmennsku.*
Sævar Berg Guðbergsson, *Vinna við barnavernd.*
Nanna K. Sigurðardóttir, *Aðgreining og skilnaður barna og foreldra.*
Marta Bergmann, *Viðhorf og staða starfsmanns í barnaverndarmálum.*
Gunnar Sandholt, *Kynni af barnavernd í Englandi.*
Lára Björnsdóttir, *Óvenjulegar fjölskyldur fyrir óvenjuleg börn.*

Að auki voru í blaðinu ljóð, kynning á fagtímaritum, fundir fræðslunefndar voru auglýsir auk þess sem þó nokkrar blaðsíður voru með auglýsingum. Blaðið var 104 síður.

Nokkuð dróst að þriðja tölublað Félagsráðgjafablaðsins kæmi út en í aðdraganda þess voru fjörugar umræður um blaðið. Sumum fannst að innihaldið ætti að vera faglegra og lesið yfir það af þar til bærum aðila. Öðrum fannst að blaðið ætti að vera léttara með auðlesnara efni. Lára Björnsdóttir, þáverandi formaður, benti á að ekki mætti setja markið svo hátt varðandi innihald blaðsins að það kæmi aldrei út. Þá var einnig rætt hvernig hægt væri að hvetja félagsmenn til að skrifa í blaðið.

Það var síðan árið 1991 sem þriðja tölublaðið kom út. Í ritnefnd SÍF voru þá Kristín Friðriksdóttir, Anna Karin Júlíussen og Kirsten Briem. Í blaðinu birtust eftirfarandi greinar:

María Játvarðardóttir, *Börn alkóhólista*, erindi flutt á námskeiði um alkóhólisma.
Auður Sigurðardóttir Guðrún Sederholm, Ingelise Allentoft og Jónína Guðmundsdóttir, *Staða kvenna frá fjarlægum menningarsvæðum*.
Marta Bergmann, *Félagsleg staða útlendinga á Íslandi*.
Anna Karin Júlíussen, *Starf félagsráðgjafans hjá Fangelsismálastofnun ríkisins*.
Hannes Hilmarsson, *Félagsráðgjöf – námsráðgjöf? Eiga félagsráðgjafar að vinna við námsráðgjöf og hafa þeir forsendur til þess?*
Anna S. Jónsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, *Könnun á fræðslu til undirbúnings starfsloka*.

Auk þess var í blaðinu sagt frá námsstefnu félagsráðgjafa sem haldin var á Akureyri 25.-27. október árið 1989. Þá var viðtal við

Hrefnu Ólafsdóttur og ljóð eftir Önnu Karin Júlíussen.

Tveimur árum síðar eða árið 1993, kom fjórða tölublað Félagsráðgjafablaðsins út. Blaðið hafði þá tekið miklum breytingum útlitslega. Ný ritnefnd var tekin við og voru í henni Steinunn K. Jónsdóttir, Þóra Kemp og Þórir S. Guðbergsson. Blaðið var nú 36 síður, prentað í A4 stærð á glanspappír og kápan í lit. Í þessu blaði birtust fjórar greinar:

Guðný Björk Eydal, *Atvinnuleysi og félagsráðgjöf.*
Steinunn Hjartardóttir, *Að vera einn á skrifstofunni, um félagsráðgjöf í dreifbýlinu.*
Guðrún Kristinsdóttir, *Barnavernd og sérfræðiþróun.*
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, *Öldrunarþjónusta á tímamótum, Félagsleg þjónusta eða heilbrigðisþjónusta?*

Að auki skrifaði Alfa Kristjánsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur greinina *Bókasafn og félagsþjónusta* og Nanna K. Sigurðardóttir greindi frá skýrslu og tillögu nefndar um sérfræðileyfi.

Fimmti árgangur Félagsráðgjafablaðsins sem kom út árið 1995 var efnismikill og taldi blaðið 48 síður. Í ritnefndina var nú komin Helga Þorleifsdóttir í stað Þóris S. Guðbergssonar. Í blaðinu birtust eftirfarandi greinar:

Guðný Björk Eydal, *Nútímafátækt og félagsráðgjöf.*
Guðrún Jónsdóttir, *Sifjaspell og barnavernd.*
Sveinn H. Ragnarsson fyrrum félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, *Framkvæmd félagsþjónustu í Reykjavík.*
Petrína Ásgeirsdóttir og Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, *Þekking heilbrigðisstarfsfólks á HIV/alnæmi og viðhorf þess til HIV-*

jákvæðra einstaklinga.
Karólína Stefánsdóttir, *Hvers vegna fjölskylduráðgjöf við heilsugæslustöð? Stutt samantekt um uppbyggingu og þróun fjölskylduráðgjafar og fjölskylduverndar við Heilsugæslustöðina á Akureyri.*

Sjötti árgangur Félagsráðgjafablaðsins kom út árið 1997. Í ritnefnd var Helga Hjálmarsdóttir komin í stað Þóru Kemp. Í blaðinu voru eftirfarandi greinar:

Sigrún Júlíusdóttir, *Fjölskyldur og tryggðabönd, Rannsókn um íslenskar fjölskyldur – tryggðabönd, jafnræði og félagsleg aðlögun.*
Rannveig Guðmundsdóttir, *Samvist – fjölskylduráðgjöf Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar.*

Þriðja árs nemar í félagsráðgjöf fengu einnig birta frásögn af Finnlandsferð á námsstefnu um atvinnuleysi á Norðurlöndum og Kolbrún Oddbergsdóttir sagði frá starfsnámi í félagsráðgjöf í Danmörku.

Því miður á félagið ekki eintak af sjöunda árgangi Félagsráðgjafablaðsins. Lítur helst út fyrir að þetta blað hafi ekki komið út því margir sem eiga Félagsráðgjafablöðin finna ekki þetta blað og muna ekki eftir því.

Áttundi árgangur Félagsráðgjafablaðsins kom út árið 1999. Í ritnefnd voru nú Helga Hjálmarsdóttir, Vilborg Þórarinsdóttir og Þorgerður Valdimarsdóttir. Í blaðinu voru erindin Barnahús, nýtt úrræði fyrir börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi eftir Vigdísi Erlendsdóttur forstöðumann Barnahúss, Sérfræðileyfi í félagsráðgjöf eftir Sigrúnu Júlíusdóttur og Siðareglur íslenskra

félagsráðgjafa eftir Erlu Þórðardóttur. Þá var einnig í blaðinu umfjöllun um kulnun eftir Guðbjörgu Ottósdóttur og Guðrúnu Hrefnu Sverrisdóttur undir nafninu *Brunnin út!*

Níundi árgangur Félagsráðgjafablaðsins kom út árið 2004 en það var 40 ára afmælisár Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Voru þá liðin fimm ár frá útgáfu síðasta blaðs. Blaðið var prentað í lit bæði kápan og blaðið sjálft. Í ritnefnd blaðsins voru Anna Marit Níelsdóttir, Gunnar Sandholt, Jakobína Elva Káradóttir og Stefanía Hallbjörnsdóttir. Margrét Margeirsdóttir, einn af stofnendum SÍF, skrifaði afmælisávarp í blaðið en auk þess voru birtar eftirfarandi greinar:

Freydís J. Freysteinsdóttir, *Skilgreiningar og flokkun á misbresti í umönnun og uppeldisskilyrðum barna: Ofbeldi og vanræksla.*
Guðrún Kristinsdóttir, *Ég held það hafi bara tekist mjög vel en… – Dagleg umsjá og aðstæður í langtímafóstri.*
Anni G. Haugen, *Norræn samanburðarrannsókn um beitingu úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar.*

Að auki var í blaðinu birt frásögn af Hringnum, samstarfsverkefni Miðgarðs og Lögreglunnar í Reykjavík eftir Ragnheiði Árnadóttur og Maríu Kristjánsdóttur.

Afmælisrit SÍF

Afmælisrit SÍF var gefið út árið 1991 í tilefni af 25 ára afmæli félagsins 19. febrúar 1989. Blaðið sem var 60 síður var mjög veglegt. Í því voru birt erindi frá námstefnunni sem haldin var á Akureyri 26.-27. október 1989. En þá var haldið upp á 25 ára

afmæli félagsins. Í fræðslunefnd, sem stóð að námsstefnunni ásamt stjórn SÍF og norðandeild SÍF, og ritstjórn blaðsins voru Bjarney Kristjánsdóttir, Helga Þórólfsdóttir og Lára Björnsdóttir.

Erindin sem birtust í blaðinu voru eftirfarandi:

Nanna K. Sigurðardóttir, *Félagsráðgjafastarfið.*
Gunnar Sandholt, *Félagsráðgjöf og barnavernd.*
Guðrún Frímannsdóttir, *Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri.*
Guðrún Bragadóttir, *Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Húsavík.*
Valgerður H. Bjarnadóttir, *Félagsráðgjöf á landsbyggðinni, frá Akureyri.*
Guðrún Jónsdóttir, *Menntun félagsráðgjafa.*
Sigrún Júlíusdóttir, *Rannsóknir og fagþróun.*

Auk þessara erinda birtust í blaðinu *Afmælisdiktur* sem samdar voru í tilefni afmælisins af þeim Gunnari Sandholt og Hjördísi Hjartardóttur og ávarp ritstjórnar. Afmælisritið er að finna á www.timaritfelagsradgjafa.is.

Bæklingur um félagsráðgjöf

Í tilefni af 30 ára afmæli SÍF var ákveðið að hanna og gefa út kynningarbækling um félagsráðgjöf. Bæklingurinn hafði verið í undirbúningi í nokkurn tíma og gafst nú tækifæri að gefa hann út og tileinka 30 ára afmæli félagsins. Bæklingurinn kom út vorið 1995. Hann var prentaður í 1000 eintökum og fékkst styrkur til útgáfunnar frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Félagsmálastofnun Kópavogs, heilbrigðisráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu, en prentunin kostaði kr. 227.000.-

Siðareglur

Árið 1999 gaf Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa út siðareglur félagsráðgjafa sem höfðu verið í smíðum í nokkur ár. Siðareglurnar voru gefnar út í litlum A6 bæklingi og á veggspjaldi. Var mikið lagt í hönnun og prentun á reglunum sem allir félagsmenn fengu. Siðareglur félagsráðgjafa voru framvegis afhentar árlega nýútskrifuðum félagsráðgjöfum.

Tímarit félagsráðgjafa

Árið 2006 kom í fyrsta sinn út nýtt tímarit á vegum SÍF undir nafninu Tímarit félagsráðgjafa. Ritstjóri var Freydís J. Freysteinsdóttir en með henni í ritnefnd voru Hervör Alma Árnadóttir og Kristjana Sigmundsdóttir. Í þessu fyrsta blaði voru fimm ritrýndar greinar og fjórar almennar greinar. Var þetta í fyrsta skipti sem gefið var út tímarit með ritrýndum greinum á vegum SÍF.

Árið 2008 sagði ritstjórinn Freydís J. Freysteinssdóttir starfi sínu lausu eftir að hafa stýrt útgáfu þriggja blaða og lá útgáfa blaðsins þá niðri í eitt ár.

Í fyrsta árgangi Tímarits félagsráðgjafa frá árinu 2006, voru birtar fimm ritrýndar greinar og fjórar almennar greinar. Ritrýndar greinar voru:

Sigrún Júlíusdóttir, *Vísindi og vald.*
Steinunn Hrafnsdóttir, *Sjálfboðastörf á Íslandi.*
Sigurveig H. Sigurðardóttir, *Aldraðir innflytjendur.*
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, *Samræmi skilgreininga barnaverndarstarfsmanna á hugtakinu barnavernd.*
Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, R*ýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf.*

Almennar greinar voru:

Bragi Guðbrandsson, *Ávarp um MST (multisystematic treatment).*
Ingibjörg Karlsdóttir, *Athyglisbrestur, ofvirkni og rítalín.*
Sigríður Anna Einarsdóttir og Kristín Siggeirsdóttir, *Stoð og styrkur í atvinnuendurhæfingu.*
Anna María Jónsdóttir, *Hvað er barni fyrir bestu.*

Í öðrum árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2007, voru birtar tvær ritrýndar greinar og þrjár almennar. Ritrýndar greinar voru:

Halldór S. Guðmundsson, *Líðan og hegðun 11-18 ára barns innan barnaverndar á Íslandi.*
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, *Þörf krabbameinssjúklinga fyrir félagslegan stuðning og endurhæfingu að lokinni meðferð á LSH.*

Almennar greinar voru:

Erla Björg Sigurðardóttir, *Grettistak.*
Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, *Lesblinda.*
Hildigunnur Magnúsardóttir og Katrín Erlingsdóttir, *Íslenskir kynferðisbrotamenn.*

Í þriðja árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2008, voru birtar fjórar ritrýndar greinar og tvær almennar. Ritrýndar greinar voru:

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, *Unglingar í vanda.*
Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, *Börn og fátækt.*
Ólöf Unnur Sigurðardóttir, *Dáleiðsluaðferð – aðferð til að bæta geðræna líðan.*
Hervör Alma Árnadóttir, *Þátttaka barna í fjölskyldusamráði.*

Almennar greinar voru:

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, *Ný þjónusta fyrir fólk sem greint er með krabbamein og aðstandendur.*
Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Erla Alfreðsdóttir, *Geðræktarmiðstöðin Setrið eins árs.*

Árið 2010 kom fjórði árgangur tímaritsins út með nýjum ritstjóra, Sigrúnu Júlíusdóttur, sem ásamt Halldóri S. Guðmundssyni og Sveindísi Önnu Jóhannsdóttur skipuðu nýja ritnefnd. Ný ritstjórnarstefna var mörkuð í samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra FÍ. Mikil vinna var lögð í veglega hönnun á blaðinu sem var nú í A4 stærð, prentað í lit og taldi 60 síður. Í ávarpi frá ritstjóra blaðsins, Sigrúnu Júlíusdóttur, segir að:

> Í Tímariti félagsráðgjafa verða birtar ritrýndar greinar, almennar faglegar greinar og umræðugreinar. Auk greina verða aðrir efnisbálkar sem þjóna því hlutverki að miðla nýþekkingu með margvíslegum hætti, veita innsýn í faglega starfsemi ásamt því að kynna fræðastarf og niðurstöður rannsókna, m.a. úr ritgerðum framhaldsnáms.

Tímaritið hefur komið út árlega frá 2010. Árið 2011 kom Páll Ólafsson í ritnefndina í stað Sveindísar Önnu Jóhannsdóttur og árið 2013 kom Helga Sól Ólafsdóttir í ritnefndina í stað Páls Ólafssonar. Þá varð nýr formaður FÍ, María Rúnarsdóttir, ábyrgðarmaður tímaritsins frá 2013 og Eldey Huld Jónsdóttir, verkefnastjóri FÍ, ritstjórnarfulltrúi frá sama tíma. Hefur blaðið vaxið og dafnað með árunum og náð þeim áfanga að verða viðurkennt fagtímarit. Tímarit félagsráðgjafa má finna á rafrænu formi á heimasíðu þess www.timaritfelagsradgjafa.is. Það er einnig að finna á leitarsíðu ProQuest. Á heimasíðu tímaritsins má

finna alla árganga Tímarits félagsráðgjafa auk afmælisrits SÍF.

Í fjórða árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2010, voru birtar fjórar ritrýndar greinar og tvær almennar. Ritrýndar greinar voru:

Erla Björg Sigurðardóttir, *Stefnumótun í félagsþjónustu byggð á sannreyndri þekkingu.*

Unnur Valgerður Ingólfsdóttir, *Félagsráðgjöf í félagsþjónustu sveitarfélaga.*

Anni G. Haugen, *Rannsókn um viðbrögð fagfólks við kynbundnu ofbeldi.*

Anna Dóra Sigurðardóttir, *Nýrnagjöf – reynsla lifandi gjafa.*

Almennar greinar voru:

Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir, *Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf.*

Halldór S. Guðmundsson og Steinunn K. Jónsdóttir, *Samstarfs- og þróunarverkefni við öldrunardeild LSH.*

Í fimmta árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2011, voru birtar þrjár ritrýndar greinar og þrjár almennar. Ritrýndar greinar voru:

Steindór J. Erlingsson, *Glímir geðlæknisfræðin við hugmyndafræðilega kreppu? Um vísindi og hagsmuni.*

Guðrún Jónsdóttir, *Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómsstólum.*

Sigurlaug Hauksdóttir, *Áhrif alnæmisfaraldursins á ungar stúlkur í Úganda, rofin fjölskyldutengsl.*

Almennar greinar voru:

Gyða Hjartardóttir, *Félagsráðgjöf á vettvangi félagsþjónustu sveitarfélaga.*

Anni G. Haugen, *Er barnaverndinni treystandi?*
Guðný Björk Eydal og Lena Hrönn Marteinsdóttir, *Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og kröfur um virkni viðtakenda.*

Í sjötta árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2012, voru birtar tvær ritrýndar greinar og fimm almennar. Ritrýndar greinar voru:

Íris Eik Ólafsdóttir, *Börn og fangelsisrefsing.*
María Gunnarsdóttir og Anni G. Haugen, *Stuðningsúrræðið tilsjón í barnaverndarmálum.*

Almennar greinar voru:

Sigrún Þórarinsdóttir, *Einmanaleiki eldri borgara í Reykjavík.*
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, *Þjónusta varin á tímum efnahagshruns og þrenginga.*
Sigurlaug Hauksdóttir, *HIV – jákvæðir sprautufíklar – félagsráðgjöf og samfélagslegar úrbætur.*
Gyða Hjartardóttir og Tryggvi Þórhallsson, *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og nýjar áherslur í réttindamálum fatlaðs fólks.*
Guðlaug M. Júlíusdóttir og Erla S. Hallgrímsdóttir, *Tæling á netinu.*

Í sjöunda árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2013, voru birtar þrjár ritrýndar greinar og þrjár almennar. Ritrýndar greinar voru:

Guðný Björk Eydal og Anna Sigrún Ingimarsdóttir, *Félagsráðgjöf í kjölfar náttúruhamfara – Áfallahjálp og samfélagsvinna.*
Anni G. Haugen og Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, *Dvöl barna í kvennaathvarfinu.*

Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Kristný Steingrímsdóttir, *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd: Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur.*

Almennar greinar voru:

Helga Sól Ólafsdóttir, *Ákvörðunartaka og ófrjósemi.*
Sigrún Júlíusdóttir og Íris Dögg Lárusdóttir, *Skilnaðarráðgjöf.*
Lára Björnsdóttir, *Frá valdleysi til valdeflingar.*

Í áttunda árgangi Tímarits félagsráðgjafa, frá árinu 2014, voru birtar þrjár ritrýndar greinar og tvær almennar. Ritrýndar greinar voru:

Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Thelma Björk Guðbjörnsdóttir, *Brjóstastækkanir í fegrunarskyni – Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapúða.*
Cynthia Lisa Jeans, *Children's rights in policy and poverty. An analysis of Iceland, Norway and the UK.*
Erla Björg Sigurðardóttir og Margrét Þorvaldsdóttir, *Grettistak starfsendurhæfing. Notendur hafa orðið.*

Almennar greinar voru:

Sigrún Júlíusdóttir, *Rætur og saga – fagímynd félagsráðgjafar.*
Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann, *Börn sem búa við heimilisofbeldi – Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu.*

Félagsráðgjafatal

Árið 2008 gaf Félagsráðgjafafélag Íslands út Félagsráðgjafatal. Ákvörðun um útgáfu þess var tekin árið 2003 þegar unnið var að undirbúningi 40 ára afmælis SÍF. Þrír félagsmenn þær Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir

tóku að sér þetta umfangsmikla verkefni að safna og skrá upplýsingar um alla félagsráðgjafa á Íslandi frá upphafi til ársins 2006. Árið 2008 kom bókin út og innhélt upplýsingar um 431 félagsráðgjafa auk þess að birta nafnalista yfir nýútskrifaða félagsráðgjafa vorið 2007. Í inngangi bókarinnar segir eftirfarandi í ávarpi formanns FÍ, Páls Ólafssonar:

> Það er óvíst að þetta verk hefði orðið að veruleika nema fyrir einstakan dugnað og elju þriggja kvenna. Þær Rannveig Gunnarsdóttir, Anna S. Jónsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, allar félagsráðgjafar, eiga miklar þakkir skildar fyrir frammistöðu sína. Þær tóku þetta að sér og skiluðu því frá sér eftir mikla vinnu og árangurinn er glæsilegur. Takk, konur, fyrir framlag ykkar, takk, konur fyrir þolinmæði ykkar og eljusemi (Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2008, bls. 7).

VÍSINDASJÓÐUR SÍF/FÍ

Við undirritun kjarasamninga SÍF við fjármálaráðherra 18. maí 1989 var Vísindasjóður SÍF stofnaður. Framlög í sjóðinn komu frá vinnuveitendum sem greiddu ákveðið prósentuhlutfall dagvinnulauna félagsráðgjafa í sjóðinn. Ári síðar var valin sjóðsstjórn á vegum félagsins og gengið frá starfsreglum hans. Í stjórn Vísindasjóðs voru valdar Vigdís Jónsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigrún Karlsdóttir, Karin Hróbjartsdóttir og Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir. Árið 1991 tók sjóðurinn til félagsráðgjafa sem störfuðu hjá ríki, Reykjavíkurborg, Landakotsspítala, Styrktarfélagi vangefinna, Mosfellsbæ og Reykjalundi. Var sjóðnum ætlað að greiða útlagðan kostnað við framhalds- og/eða endurmenntun félagsmanna. Úthlutað var árlega ákveðinni upphæð til félagsmanna úr sjóðnum og fór fyrsta úthlutun fram í maí 1991. Sækja þurfti sérstaklega um í sjóðinn á hverju ári. Styrkhæfir félagsmenn í sjóðnum voru 94 árið 1991, 78 félagsmenn sóttu um og fengu styrk.

Árið 1992 var reglum sjóðsins breytt þannig að nú fengu allir félagsmenn sem voru aðilar að Vísindasjóðnum greitt úr honum í samræmi við starfshlutfall sitt.

Árið 1993 var reglum aftur breytt þannig að Vísindasjóði SÍF var skipt upp í A og B-sjóð. 10% af tekjum sjóðsins ár hvert voru lagðar inn í B-sjóð sem var svokallaður rannsóknarsjóður ætlaður fyrir styrki til rannsókna- og þróunarstarfa. Til stóð að úthluta árlega í maímánuði og þurftu félagsmenn að sækja um í B-sjóðinn á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Í umsókninni átti að

gera grein fyrir rannsóknarverkefninu sem sótt var um styrk fyrir. Eftir sem áður var öll innkoma í A-sjóðinn, 90% tekna sjóðsins, greidd beint út til félagsmanna en þó að undangenginni umsókn frá félagsmönnum.

Í september 1994 var reglum B-sjóðs enn og aftur breytt og nú var gerð krafa um að þeir sem hlytu rannsóknarstyrk skyldu kynna niðurstöður rannsóknar sinnar fyrir öðrum félagsmönnum svo sem í formi fyrirlesturs eða skýrslu. Þá var reglum um A-hluta vísindasjóðs breytt árið 2004 á þá vegu að nú þurftu félagsmenn ekki lengur að sækja um í sjóðinn heldur fengu úthlutað þeirri upphæð sem vinnuveitandi hafði greitt fyrir þá í sjóðinn að frádreginni 10% upphæðarinnar sem lögð var í B-hluta sjóðsins.

Úthlutanir úr B-sjóði Vísindasjóðs

Árið 1993 bárust þrjár umsóknir í vísindasjóðinn. Í fundargerð er skráð að Þórunn Maggý Magnúsdóttir hafi fengið kr. 150.000.- og að hinar umsóknirnar væru til skoðunar hjá vísindasjóðnum.

Árið 1994 bárust tvær umsóknir. Annars vegar frá Hrefnu Ólafsdóttur vegna könnunar á tíðni og eðli ofbeldis gagnvart börnum og hins vegar frá Svövu Stefánsdóttur sem sótti um styrk til ferðar í tengslum við nám. Hrefna Ólafsdóttir fékk styrk en umsókn Svövu var hafnað þar sem hún samræmdist ekki reglum sjóðsins sem ekki veitti styrki vegna námsverkefna. Í stað þess var samþykkt að veita styrk til þýðingar á ritgerð Svövu úr sænsku yfir á íslensku. Þá barst umsókn frá Ástu Kristínu Benediktsdóttur nema í félagsráðgjöf í október sama ár vegna rannsóknar í starfsþjálfunarnámi hennar. Umsókninni var hafnað á sömu forsendum og umsókn Svövu. Í febrúar 1994 var samþykkt að veita styrk til SÍF kr. 150.000.- vegna norrænnar ráðstefnu sem haldin var á Íslandi í ágúst 1994.

Árið 1995 fékk Vilborg Oddsdóttir úthlutað í nóvember

kr. 160.000.- vegna rannsóknar á andlegri líðan þroskaheftra. Sjóðnum hafði borist þrjár umsóknir, ein var dregin til baka og önnur uppfyllti ekki reglur sjóðsins.

Árin 1996 og 1997 bárust engar umsóknir í B-hluta Vísindasjóðs.

Í ágúst 1998 fékk Kristín Gyða Jónsdóttir úthlutað kr. 200.000.- vegna rannsóknar á verndaðri búsetu geðfatlaðra, þar sem þrír eða fleiri búa. Rannsóknina vann Kristín Gyða með Sigurrósu Sigurðardóttur.

Í september 1999 bárust þrjár umsóknir. Samþykkt var umsókn Þ. Maggýjar Magnúsdóttur kr. 150.000.- Öðrum umsóknum var hafnað.

Í september 2000 voru samþykktar þrjár umsóknir af fjórum. Hrefna Ólafsdóttir fékk kr. 300.000.- fyrir rannsókn á umfangi kynferðislegrar misnotkunar á börnum á Íslandi; María Jónsdóttir fékk kr. 50.000.- fyrir samanburð á þjónustu við aldraða þroskahefta einstaklinga í Reykjavík, sem voru komnir með alvarlega heilabilun, við samskonar þjónustu á landsbyggðinni og hinum Norðurlöndunum; Aðalheiður Ósk Guðbjörnsdóttir fékk kr. 50.000.- fyrir rannsókn sem leitaði upp eldri sjón- og heyrnarskerta og mat þjónustuþörf þeirra.

Á aðalfundi í mars árið 2003 voru enn samþykktar breytingar á úthlutunarreglum vísindasjóðsins. Fram að þessu hafði verið hefð fyrir því að hafna umsóknum varðandi það að standa straum af námskostnaði og má sem dæmi nefna að árið 2001 bárust þrjár umsóknir um rannsóknarstyrki sem allar voru frá nemendum í meistara- eða doktorsnámi. Þessum umsóknum var öllum hafnað. Ári síðar barst engin umsókn í sjóðinn. Því var samþykkt á aðalfundinum að breyta reglunum þannig að rannsóknarverkefni félagsráðgjafa í framhaldsnámi væru styrkhæf.

Í september 2003 bárust tvær umsóknir. Samþykkt var að veita

Hönnu Láru Steinsson styrk kr. 200.000.- vegna rannsóknar á sjúklingum með heilabilun fyrir 65 ára aldur. Hinni umsókninni var hafnað.

Í september 2004 voru samþykktar tvær af þremur umsóknum og úthlutað annar vegar kr. 26.000.- og hins vegar kr. 136.700.- Önnur umsóknin var frá Margréti Sigurðardóttur vegna MA verkefnis.

Í september 2005 voru samþykktar tvær af þremur umsóknum og voru báðir þessir styrkþegar nemar í meistaranámi í félagsráðgjöf. Fengu þeir hvor um sig kr. 80.000.- Ekki eru varðveittar upplýsingar um hverjir voru styrkþegar árin 2004 og 2005.

Eftir að reglur sjóðsins voru rýmkaðar hvað varðar styrki til rannsóknar í framhaldsnámi fjölgaði umsóknum verulega.

Styrkþegar 2006

Auður Sigurðardóttir kr. 75.000.- fyrir *Hvaða gildi hefur skilnaðarfræðsla.*

Brynja Óskarsdóttir kr. 30.000.- fyrir *Þjónustukönnun: Viðhorf og þarfir notenda og tilvísenda félagsráðgjafar fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra við legudeildir FSA.*

Freydís J. Freysteinsdóttir kr. 300.000.- fyrir *Tengsl áhættuhegðunar unglinga og tilkynninga um misbrest í aðbúnaði þeirra við skammtíma og langtímaúrræði.*

Guðlaug Magnúsdóttir kr. 150.000.- fyrir *Ungt fólk, lífshættir og viðhorf til fjölskyldu- og kynslóðatengsla.*

Helga Þórðardóttir kr. 500.000.- fyrir *Þróun og uppbygging kennsluefnis, námskeiða og þjálfunar um lausnamiðaða hugmyndafræði í vinnu með börnum er byggir á bókinni Börn eru klár.*

Hrefna Ólafsdóttir kr. 500.000.- fyrir *Fjölskyldumiðuð greiningarvinna félagsráðgjafa.*

María Játvarðsdóttir kr. 150.000.- fyrir *Hvaða áhrif hefur íþrótta- og tómstundaiðkun á líf hreyfihamlaðra ungmenna á Íslandi?*
Nanna K. Sigurðardóttir kr. 500.000.- fyrir *Líðan í vinnunni - hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og viðmiðunarhópi.*
Sigrún Þórarinsdóttir kr. 110.000.- fyrir *Hvernig er félagsleg einangrun eldri borgara í Reykjavík tilkomin og hvað þarf til að rjúfa hana? Getur markviss stuðningur í félagsstarfi rofið félagslega einangrun aldraða?*
Steinunn K. Jónsdóttir kr. 150.000.- fyrir *Löggjöf og stefnumótun í húsnæðismálum aldraðra.*
Unnur V. Ingólfsdóttir kr. 150.000.- fyrir *Breytingar í félagsþjónustu sveitarfélaga frá 1990 og áhrif þeirra á störf og starfsumhverfi starfsmanna félagsþjónustunnar.*

Styrkþegar 2007
Anna Rós Jóhannesdóttir og Áslaug Ólafsdóttir kr. 500.000.- fyrir F*jölskylduhópmeðferð fyrir unga lystarstolssjúklinga og fjölskyldur þeirra.*
Ella K. Karlsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Hverfið mitt.*
Guðrún Reykdal kr. 162.696.- fyrir *Samþætting heimaþjónustu við aldraða.*
Kristjana Sigmundsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Að heiman og heim.*
Margrét Magnúsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Reynsla og upplifun fatlaðra af blöndun með þátttöku á almennum vinnumarkaði.*
Oktavía Guðmundsdóttir kr. 250.000 fyrir *Undirbúningur og fræðsla fyrir ungar verðandi mæður.*
Olga Björg Jónsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Eigindleg rannsókn um systkini fatlaðs fólks.*
Sigrún Ingvarsdóttir kr. 191.585.- fyrir *Ofbeldi gegn öldruðum.*
Sveinbjörg J. Svavarsdóttir og fél. kr. 500.000.- fyrir *Rannsókn á lífsgæðum geðfatlaðra sem búa á vernduðum heimilum.*

Sveinbjörg J. Svavarsdóttir og fél. kr. 500.000.- fyrir *Er endurhæfing geðfatlaðra inni á stofnunum að skila árangri?*

Styrkþegar 2008

Sjö umsóknir bárust og þar af voru fjórar umsóknir samþykktar.
Íris Eik Ólafsdóttir kr. 197.969.- fyrir *Vímuefnameðferðir í íslenskum fangelsum.*
Ragna B. Guðbrandsdóttir kr. 500.000.- fyrir *Þekking barna á kynferðislegu ofbeldi aukin með öflugum forvörnum.*
Margrét Scheving kr. 200.000.- fyrir *Sólin og tunglið til skiptis – Rannsókn á reynslu alkóhólista fyrir og eftir meðferð.*
Sigurlaug Hauksdóttir kr. 500.000.- fyrir *Staða HIV/alnæmis meðal munaðarlausra og bágstaddra stúlkna sem dvelja í Candel Light Foundation (CLF) í Úganda, Afríku.*

Styrkþegar 2009

Anna Dóra Sigurðardóttir kr. 200.000.- fyrir *Sér gefur gjöf sem gefur. Rannsókn um nýrnagjöf lifandi gjafa.*
Erla Björg Sigurðardóttir kr. 200.000.- fyrir *Starfsendurhæfing á Íslandi, Svíþjóð og Noregi og áhrif starfsendurhæfingar og búsetuúrræða fyrir vímuefnasjúka á félagslega aðlögun og lífsgæði.*
Heiða Ösp Kristjánsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Stöðlun á listanum Reasons for Living Inventory -Adolsent fyrir Ísland.*
Katrín Þorsteinsdóttir kr. 250.000.- fyrir þróunarverkefnið *Barn í blóma.*
Soffía Egilsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Samskipti aðstandenda og starfsfólks á hjúkrunarheimilum: Að dansa í takt.*
Steinunn Bergmann kr. 200.000.- fyrir *Þjónustusamningur við framkvæmd félagslegrar þjónustu.*
Sveinbjörg J. Svavarsdóttir kr. 237.600.- fyrir *Áhrif geðheilbrigðisþjónustu á lífsgæði geðfatlaða í Hátúni 10.*

Þórhildur Egilsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Félagsráðgjöf, reynsla af vettvangi stjórnmála greind með gagnrýnni kenningu.*
Styrkur var veittur til námskeiðshalds í ritrýndum greinarskrifum fyrir félagsmenn kr. 100.000.-
Að auki var veittur heiðursstyrkur að frumkvæði stjórnar Vísindasjóðsins í tilefni þess að 20 ár voru liðin frá stofnun Vísindasjóðs FÍ. Heiðursstyrkinn hlaut Sigrún Júlíusdóttir kr. 500.000.-

Styrkþegar 2010
Guðrún Jónsdóttir kr. 200.000.- fyrir *Sýnileiki barnsins í barnaverndarmálum fyrir dómstólum á Íslandi 2002-2009.*
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir kr. 200.000.-
Steinunn K. Jónsdóttir kr. 219.000.-
Jóna Margrét Ólafsdóttir kr. 300.000.-
Íris Eik Ólafsdóttir og Snjólaug Birgisdóttir kr. 500.000.- fyrir *Félagsleg aðlögun fanga á afplánunartíma.*
Valgerður Halldórsdóttir kr. 500.000.-
Sveindís A. Jóhannsdóttir kr. 200.000.-

Styrkþegar 2011
María Jónsdóttir kr. 500.000.- fyrir rannsóknina *Notkun hjálpartækja við lífsleikni kennslu fyrir blind og sjónskert börn og ungmenni.*
Guðrún Halla Jónsdóttir kr. 500.000.- fyrir MA-verkefnið *Kynhegðun og vímuefnaneysla 15 ára unglinga á Íslandi 2009-2010.*
Guðlaug M. Júlíusdóttir kr. 200.000.- fyrir MA-verkefnið *Fjölskyldulisti McMasters – mat á próffræðilegum eiginleikum fyrir íslenskt þýði.*
María Gunnarsdóttir kr. 200.000.- fyrir MA-verkefnið *Rannsókn á stuðningsúrræðinu tilsjón í barnaverndarmálum.*

Kristín Valgerður Ólafsdóttir kr. 200.000.- fyrir MA-verkefnið *Hagir foreldra langveikra barna sem búa á landsbyggðinni.*
Nanna K. Sigurðardóttir kr. 250.000.- fyrir rannsóknina *Viska orðanna – tjáskipti í heilbrigðisþjónustu.*
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir kr. 200.000.-
Sigrún Þórarinsdóttir kr. 500.000.- fyrir rannsóknina *Einmanaleiki eldri borgara í Reykjavík. Líðan og félagsleg staða þátttakenda.*
Freydís Jóna Freysteinsdóttir kr. 300.000.- fyrir rannsóknina *Ögunaraðferðir foreldra við uppeldi barna.*
Guðbjörg Ottósdóttir kr. 300.000.- fyrir doktorsverkefnið *Refugees and asylum seekers: Embodying disability and chronic illness in the context of migration.*
Ragnheiður Guðmundsdóttir kr. 500.000.- fyrir MA-verkefnið *Hvar á ég heima – hver hlustar á mig?*
Guðrún Jónsdóttir, stofnandi og heiðursfélagi í FÍ, heiðursviðurkenning kr. 500.000.-

Frá og með undirritun kjarasamnings FÍ við ríkið árið 2011 var ríkið ekki lengur aðili að Vísindasjóðnum og því áttu félagsráðgjafar sem unnu hjá ríkinu ekki lengur rétt á styrk úr sjóðnum. Við það fækkaði umsóknum í sjóðinn verulega enda talsvert færri aðilar að sjóðnum eftir þessa breytingu.

Styrkþegar 2012
Þorleifur Kr Níelsson kr. 170.000.- fyrir *Ill meðferð á börnum. Nýjar víddir og margbreytileiki.*

Styrkþegar 2013
Erla Björg Sigurðardóttir kr. 300.000.- fyrir *Samfélag og vímuefni – SOV.is*

Sólveig Sigurðardóttir kr. 500.000.- fyrir *Eftir skilnað, um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl.*

Styrkþegar 2014

Erla Björg Sigurðardóttir kr. 300.000.- vegna doktorsrannsóknarinnar *Samanburður á stefnu stjórnvalda og lagalegri umgjörð starfsendurhæfingar í Noregi og á Íslandi og áhrif þess á framkvæmd starfsendurhæfingarúrræða í löndunum tveimur.*

Valgerður Halldórsdóttir kr. 500.000.- vegna rannsóknarverkefnisins *Samræming fjölskyldulífs og atvinnu foreldra og stjúpforeldra með börn á tveimur heimilum.*

Þóra Kemp kr. 200.000.- vegna meistararannsóknarinnar *Hvernig huga aldraðar konur að matarræði sínu í heilsu- og félagslegu samhengi.*

Félagsráðgjafafélag Íslands kr. 340.000.- til að miðla þekkingu til félagsmanna með því að koma Tímariti félagsráðgjafa á rafrænt form.

Saga Félagsráðgjafafélags Íslands var unnið upp úr eftirfarandi fundargerðabókum og möppum sem varðveittar eru á skrifstofu FÍ.

Aðalfundargögn SÍF, 1986 – 1989.
Aðalfundargöng SÍF, 1990 – 1999.
Aðalfundargögn SÍF/FÍ, 2000 – 2007.
Aðalfundargögn FÍ, 2010 – 2014.

Félagatal SÍF frá 1964-1975.

Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir og aðrir fundir, 19/2 1964 – 3/4 1974.
Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir og aðrir fundir 5/4 1974 – 3/3 1976.
Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir 29/3 1977 – 14/10 1982.
Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir 16/11 1982 – 2/7 1990.
Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir 27/8 1990 – september 1993.
Fundargerðabók SÍF, stjórnarfundir 14/10 1993 – 2/10 2000.
Fundargerðamappa SÍF, stjórnarfundir, nóvember 2000 – ágúst 2005.
Fundargerðabók SÍF/FÍ, stjórnarfundir 20/9 2005 – 14/12 2010.
Fundargerðamappa FÍ, stjórnarfundir, janúar 2011 – desember 2014.

Fundargerðabók SÍF, félagsfundir og aðalfundir, 7/7 1981 – 22/3 1986.
Fundargerðabók SÍF, félagsfundir og aðalfundir, 19/6 1986 – 13/3 1992.
Fundargerðabók SÍF, félagsfundir og aðalfundir 19/3 1977 – 13/5 1981.
Fundargerðabók SÍF, félagsfundir, 20/5 1992 – 25/1 2000.

Fundargerðabók Vísindasjóðs, frá stofnun.

Málpípan, 1. apríl 1977 – mars 2007.

Sjóðsbók, 1977-1978

Uppkast að stefnu félagsráðgjafa, 18. desember 2006.

HEIMILDASKRÁ

Anna S. Jónsdóttir, Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir. (1982). *Félagsráðgjöf, tilurð og þróun fagstéttar. Lokaverkefni til BA-prófs í félagsfræði við Háskóla Íslands.* Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir. (Ritstj.). (2008). *Félagsráðgjafatal*. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Ályktun af fundi Velferðarvaktar FÍ. Sótt 20. apríl 2017 af http://felagsradgjof.is/Frettir/Alyktun_af_fundi_velferdarvaktar_FI/

Félagsráðgjafablaðið. (1987). 1. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1988). 2. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1991). 3. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1993). 4. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1995). 5. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1997). 6. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (1999). 8. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafablaðið. (2004). 9. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafafélag Íslands. *Félagsráðgjafaþing 19. febrúar 2014 og afmæli félagsins.* Sótt 20. apríl 2017 af http://felagsradgjof.is/Frettir/Felagsradgjafathing_19._februar_2014_og_afmaeli_felagsins/

Friðrik G. Olgeirsson. (2008). BHM *Saga Bandalags háskólamanna 1958-2008*. Reykjavík: BHM.

Lög um félagsráðgjöf nr. 41/1975.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1008/2012.

Tímarit félagsráðgjafa. (2006). 1. árg. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Tímarit félagsráðgjafa.(2007). 2. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2008). 3. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2010). 4. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2011). 5. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2012). 6. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2013). 7. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

Tímarit félagsráðgjafa. (2014). 8. árg. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.

MYNDIR ÚR STARFI FÉLAGSINS

Þrír af stofnendum SÍF og fyrsta stjórn félagsins, Margrét Margeirsdóttir formaður, Kristín Gústavsdóttir gjaldkeri og Guðrún Jónsdóttir ritari. Myndin er tekin árið 1994 þegar þær voru gerðar að heiðursfélögum á 30 ára afmæli félagsins.

Frá 25 ára afmæli SÍF á Akureyri 1989.

Norrænt þing félagsráðgjafa á Íslandi árið 1994. Þingið fór fram á Scandic hótel Loftleiðum og hér heldur Anna-lena Lindkvist frá Svíþjóð erindi.

NORDISK SEMINAR I ISLAND 1994

Merki Norræna þingsins á Íslandi 1994. Merkið sem heitir Daggry, den hvite arktiske sol er hannað af Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur.

Afmælisráðstefna SÍF sem haldin var í tilefni af fjörutíu ára afmæli félagsins fór fram á Hótel Rangá í september 2004.

Hátíðardagskrá á afmælisþingi SÍF á Hótel Rangá.

Styrkþegar B-hluta Vísindasjóðs árið 2006.

Styrkþegar B-hluta Vísindasjóðs árið 2007.

Frá stefnumótunarþingi SÍF árið 2006. Haukur Ingi Jónasson leiddi vinnuna.

Um 100 félagsmenn sóttu stefnumótunarþing SÍF árið 2006.

Móttaka útskriftarnema í félagsráðgjöf vorið 2005. Skrifað undir eiðstaf félagsráðgjafa.

Móttaka útskriftarnema í félagsráðgjöf vorið 2006.

Félagsráðgjafatal var gefið út árið 2008. Á myndinni er ritstjórn bókarinnar þær Rannveig Gunnarsdóttir (t.v.) Sigurrós Sigurðardóttir (önnur frá hægri) og Anna S. Jónsdóttir (t.h.). Með þeim á myndinni er Jóna Eggertsdóttir.

Á myndinni eru þeir félagsráðgjafar sem tilnefndir voru til félagsráðgjafa ársins 2012 og formaður FÍ, Páll Ólafsson. Af þeim voru Sigurlaug S. Hauksdóttir og Guðbjörg Edda Hermannsdóttir útnefndar félagsráðgjafar ársins.

Í tilefni af 50 ára afmæli FÍ og 70 ára afmæli dr. Sigrúnar Júlíusdóttur var fyrsta Félagsráðgjafaþingið haldið í febrúar 2014. Á myndinni eru formenn FÍ fyrr og nú ásamt ritstjórn Félagsráðgjafatalsins.

Frá Félagsráðgjafaþinginu og fimmtíu ára afmæli félagsins sem haldið var 19. febrúar 2014 á Hilton Nordica Reykjavík.

María Rúnarsdóttir formaður Félagsráðgjafafélags Íslands kosin á aðalfundi í maí 2012.

Stjórn og starfsmenn Félagsráðgjafafélags Íslands 2010. Frá vinstri Steinunn Hrafnsdóttir, Birgit Raschhofer, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Páll Ólafsson, Vilborg Oddsdóttir, Valgerður Halldórsdóttir, Hildigunnur Árnadóttir, Sveindís Anna Jóhannsdóttir, og Gunnlaug Thorlacius.

Félagsráðgjafafélag Íslands

Núverandi merki FÍ

Merki FÍ frá 2008 til 2013



Merki FÍ frá 1998 til 2008

Bæklingur um félagsráðgjöf var gefinn út á 30 ára afmæli félagsins.

Siðareglur félagsráðgjafa voru samþykktar árið 1998 og gefnar út í A6 bæklingi.

Málpípan

Fréttabréf Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa · Mars 2007

Aðalfundur 2007

Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa boðar til aðalfundar félagsins.
Fundurinn verður haldinn þann 23 mars 2007 kl 15 – 17 00 á Grand Hótel, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf félagsins á liðnu ári.
3. Skýrsla (gjaldkera) um reikninga félagsins, vinnudeilusjóð og nefndir eftir atvikum.
4. Skýrslur fastanefnda skv. 9 – 16 gr..
5. Stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald ákveðið til eins árs, svo og framlag/hlutfall stéttarfélagsgjalds í vinnudeilusjóð.
6. Kjörið í stjórn félagsins eftir þeim reglum sem þar gilda sbr. 8. gr.
7. Kjörið skal í fræðslunefnd, kjaranefnd, ritnefnd Tímarists félagsráðgjafa, ritnefnd Nordisk Sosialt Arbeid (NSA), sérfræðimatsnefnd, siðanefnd, stöðugildanefnd, stjórn vísindasjóðs og kjörnefnd.
8. Kosnir tveir eftirlitmenn með reikningum félagsins.
9. Tillögur og áætlanir um stórf félagsins á yfirstandandi ári kynntar.
10. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram til samþykktar.
11. Lagabreytingar.
12. Önnur mál.

Vill stjórnin eindregið hvetja félagsmenn til að fjölmenna á fundinn!

Eftirfarandi tillaga að lagabreytingu verði lagðar fyrir aðalfund 23.03.2007
Lagt er til að 1 mgr. 1. gr. laga stéttarfélags íslenskra félagsráðgafa þar sem segir að „Félagið heitir Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa" breytist í „Félagið heitir Félagsráðgjafafélag Íslands".

Nafnið á félagi okkar felur í sér mismunun þ.e. að félagið heiti Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. Því telur núverandi stjórn brýnt að að breyta nafni félagsins.

Frá aðalfundi 2006

Fréttir frá kjaranefnd

Í kjaranefnd eru Eymundur G. Hannesson, Kolbrún Ögmundsdóttir, Kristján Jósteinsson, Guðbjörg Ottósdóttir, Vilborg Oddsdóttir og auk þess Ella Kristín Karlsdóttir og Guðrún Hrefna Sverrisdóttir.

Samningar við Reykjavíkurborg og við Launanefnd og fyrri hluti stofnanasamnings ekis lauk á síðasta ári og má margt segja um þessa samninga um kosti þeirra og galla. Þessir samningar eru mjög ólíkir því erfitt að bera þá saman en skoðun mín er að stofnanasamningamir sem gerðir voru í samfloti við önnur aðildarfélög BHM séu þeir lökustu og þá sérlega þeir sem gerður voru innan Landsspítalans. Og þarf virkilega að fara yfir þá og hvort við ætlum að vera í samfloti við önnur félög í gerð næstu kjarasamninga eða hvort við metum það þannig að við getum náð lengra með því að vera sér.

Kjaranefndin hefur fundað reglulega, bæði öll kjaranefndin og eins eru haldnir reglulegir fundir með þeim félagsráðgjöfum sem eru að vinna að stofnanasamningum og svo er fundað með launanefnd og Reykjavíkurborg reglulega semsagt þó ekki sé verið að vinna að kjarasamningum þá er kjaranefndin að vinna á fullu. Einnig erum við að byrja að leggja línurnar fyrir næstu kjarasamninga, hvernig við ætlum að haga vinunni og hvernig við ætlum að undirbúa okkur.

Kjaranefndin mætti á stefnumótunardag félagsins eins og svo margir aðrir og við bíðum eftir því að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu og þá hvernig áherslur okkar verða næstu árin í kjaravinnu félagsráðgjafa.
Vill ég nota þetta tækifæri til að hvetja þá vinnustaði sem hafa fimm félagsráðgjafa eða fleiri til að kjósa trúnaðarmann. Það hefur verið erfitt að fá félagsráðgjafa til að taka að sér að vera trúnaðarmenn en það er mjög mikilvægt að það verði öflugt trúnaðarmannakerfi þegar lagt verður á stað í næstu kjarasamninga. Trúnðarmenn eru tengiliðir kjaranefndar við vinnustaðinna auk þess að vera vinnufélögum til stuðnings. BHM hefur undanfarinn ár haldið staðið fyrir námskeiðum fyrir trúnaðarmenn, bæði nýja og þá sem eru starfandi.

Ágætu félagsráðgjafar hvet ég ykkur til að kjósa trúnaðarmenn og með því stuðla að öflugra félagi.

Vilborg Oddsdóttir

Málpípan fréttablað SÍF kom út á árunum 1977 til 2007.

Fyrstu þrír árgangar Félagsráðgjafablaðsins. Fyrsta tölublaðið kom út 1987.

Hér á eftir eru myndir frá Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa sem haldin var í Hörpu í maí 2017. Þar voru samankomnir 570 félagsráðgjafar og aðrir þátttakendur frá 37 þjóðlöndum.

Opnunarhátíð Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa fór fram í Hvalasafninu.
Á myndinni má sjá stjórnarmeðlimi og starfsmenn FÍ taka á móti gestum ráðstefnunnar.

Ráðstefnan fór fram í Hörpu og dreifðist víða um húsið.
Hér mætir forseti Íslands til að vera við setningu ráðstefnunnar.

Á myndinni eru frá vinstri Kristján Sturluson, Steinunn Bergmann varaformaður FÍ, Ana Isabel Lima forseti Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, María Rúnarsdóttir formaður FÍ, Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra og Ellý Alda Þorsteinsdóttir

Kvennakórinn Vox Feminae söng við opnun ráðstefnunnar.

Bjartur Guðmundsson leiddi þátttakendur í að finna sinn innri styrk við góðar undirtektir.

Ellý Alda Þorsteinsdóttir leiddi panel umræður undir yfirskriftinni From marginalization to community and environmental stability.

Það var seint á sjötta áratug síðustu aldar að fyrsti félagsráðgjafinn hóf störf hér á landi. Nokkrum árum síðar voru þeir orðnir fjórir og hinn 19. febrúar 1964 stofnuðu þeir Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. Tilgangurinn var að styrkja stöðu sína sem félagsráðgjafa og vinna að framgangi fagsins. Strax á fyrstu árunum var hafist handa við að leggja grunn að framtíð félagsráðgjafar á Íslandi. Helstu baráttumálin voru löggilding starfsheitisins, að félagsráðgjöf yrði kennd við Háskóla Íslands og kjaramál félagsmanna. Þá létu félagsráðgjafar í sér heyra varðandi ýmis þjóðþrifamál og leituðu samstarfs við önnur félagsráðgjafasamtök á Norðurlöndunum. Rit þetta hefur að geyma 50 ára sögu félagsins og ber einna hæst í þessari samantekt hvernig kröftugt og óeigingjarnt vinnuframlag fjöldamargra félagsmanna hefur rutt brautina fyrir stétt félagsráðgjafa hér á landi. Uppskeran er öflugt fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa sem í dag heitir Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ).

Eldey Huld Jónsdóttir (B.ed, MSW) útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands árið 1985 og starfaði sem grunnskólakennari í um áratug. Árið 1999 lauk hún síðan námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands og Mastersprófi í stjórnun velferðarstofnana frá La Trobe University í Ástralíu árið 2003. Eldey gegndi stöðu framkvæmdastjóra Félagsráðgjafafélags Íslands í á þriðja ár eftir útskrift frá HÍ og hefur auk þess starfað sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg, Garðabæ og Hjálparstarfi kirkjunnar ásamt því að reka eigin stofu. Í dag gegnir hún stöðu verkefnastjóra hjá FÍ.

Félagsráðgjafafélag Íslands

978-9935-24-274-7